



AÐALSKIPULAG VOPNAFJARÐARHREPPS
2006 - 2026



G R E I N A R G E R Ð

September 2008

teikn
alofti

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

**Greinagerð
18. september 2008**

Teikn á lofti ehf.

Skipagata 12
602 Akureyri
Sími 4612800, Fax 4627789
info@teikn.is
www.teikn.is

1 INNGANGUR	8
1.1 Formáli.....	10
1.1.1 Vinnsla aðalskipulagsins.....	12
1.2 Markmið.....	12
1.2.1 Umhverfisstefna	12
1.2.2 Höfnin, hafnarsvæðið og umferð.....	12
1.2.3 Útivist og íþróttir	13
1.2.4 Afþreyingar og ferðamál	14
1.2.5 Söfnun og meðhöndlun úrgangs	14
1.2.6 Menning og náttúruminjar.....	15
1.2.7 Um aðalskipulagið	16
1.2.8 Skýringar hugtaka	17
1.2.9 Kynning og samráð við skipulagsgerð	20
1.2.10 Umhverfismat áætlana, samantekt	21
1.2.10.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur	22
1.2.10.2 Umhverfismat fyrir hafnarsvæði	23
1.2.10.3 Umhverfismat stefnumiða fyrir umhverfisstefnu sveitafélagsins	24
2 FORSENDUR	25
2.1 Lýsing staðhátta	26
2.1.1 Náttúruminjar	28
2.1.2 Jarðfræði	28
2.1.3 Veðurfar	29
2.2 Forsendur byggðarinnar.....	35
2.2.1 Saga byggðar og þróun.....	35
2.2.2 Íbúaþróun	36
2.2.3 Aldursskipting	39
2.2.4 Núverandi íbúðarhúsnaði - húsnæði og landnotkun	41
2.2.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir.....	42
2.2.5.1 Skólar.....	42
2.2.5.2 Heilsugæsla	43
2.2.6 Þróun verslunar og þjónustu	43
2.2.7 Atvinnulíf	45
2.2.7.1 Ársverk	46
2.2.7.2 Landbúnaður	46
2.2.7.3 Fiskvinnsla og fiskveiðar – hafnarmannvirki.....	46
2.2.7.4 Athafnastarfsemi	46
2.2.7.5 Mannaflí.....	47

2.2.8 Samgöngur	47
2.2.9 Mælingar og eldri skipulög	51
2.2.10 Breytingar á gildandi aðalskipulagi frá upphaflegri staðfestingu ..	52
2.2.11 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi eru:	52
3 AÐALSKIPULAG 2006 - 2026	54
3.1 Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar.....	55
3.1.1 Almennt	55
3.1.2 Meginþættir aðalskipulagsins	55
3.1.3 Framkvæmd skipulags og endurskoðun	55
3.2 Landnotkun – sveitarfélagsuppráttur	56
3.2.1 Sveitarfélagsmörk.....	56
3.2.2 Opin svæði til sérstakra nota	57
3.2.3 Óbyggð svæði	57
3.2.4 Landbúnaður.....	57
3.2.5 Svæði fyrir fristundabyggð	59
3.2.6 Vötn, ár og sjór.....	59
3.2.7 Samgöngur	61
3.2.7.1 Jarðgöng milli Vopnafjarðar/Bakkafjarðar og Fljótsdalshéraðs	63
3.2.8 Veitur - almennt um veitukerfi	64
3.2.8.1 Vatnsveita.....	64
3.2.8.2 Hitaveita.....	65
3.2.8.3 Rafmagn	65
3.2.8.4 Póstur, sími, fjarskipti.....	65
3.2.9 Svæði undir náttúruvá.....	65
3.2.10 Efnistaka – Efnislosun.....	66
3.2.11 Sorpförgunarsvæði.....	68
3.2.12 Náttúruverndarsvæði	68
3.2.13 Þjóðminjaverndarsvæði	69
3.2.14 Vatnsverndarsvæði vatnsbóla	71
3.2.15 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns	71
3.3 Landnotkun – þéttbýlisuppráttur	74
3.3.1 Þéttbýli	74
3.3.2 Íbúðarsvæði.....	74
3.3.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir.....	75
3.3.3.1 Skólar.....	76
3.3.3.2 Heilsugæsla	77
3.3.3.3 Dýralæknir	77
3.3.3.4 Dvalarheimili aldraðra	77
3.3.3.5 Dagvistun - leikskólar	78
3.3.3.6 Félagastarfsemi.....	79

3.3.3.7	<i>Kirkja og kirkjugarður</i>	80
3.3.3.8	<i>Opinber stjórnun, löggæsla</i>	81
3.3.3.9	<i>Áhaldahús-Slökkvilið</i>	82
3.3.3.10	<i>Bókasafn</i>	82
3.3.3.11	<i>Sundlaug og íþróttamiðstöð</i>	83
3.3.4	<i>Miðsvæði</i>	84
3.3.5	<i>Verslunar- og þjónustusvæði</i>	84
3.3.6	<i>Athafnasvæði</i>	84
3.3.7	<i>Iðnaðarsvæði</i>	85
3.3.8	<i>Hafnarsvæði</i>	85
3.3.9	<i>Efnistökusvæði – Efnislosun</i>	86
3.3.10	<i>Sorpförgunarsvæði</i>	87
3.3.11	<i>Svæði fyrir frístundabyggð</i>	87
3.3.12	<i>Opin svæði til sérstakra nota</i>	89
3.3.12.1	<i>Íþróttasvæði</i>	89
3.3.12.2	<i>Skógrækt</i>	89
3.3.12.3	<i>Ferðamannaþjónusta</i>	90
3.3.12.4	<i>Hestamennska - reiðleiðir</i>	90
3.3.12.5	<i>Tjaldstæði</i>	90
3.3.12.6	<i>Golf</i>	90
3.3.12.7	<i>Útivistarstígar og gönguleiðir</i>	90
3.3.13	<i>Óbyggð svæði</i>	91
3.3.14	<i>Vötn, ár og sjór</i>	91
3.3.15	<i>Samgöngur</i>	91
3.3.15.1	<i>Gatnakerfi í þéttbýli</i>	91
3.3.15.2	<i>Gönguleiðir og útivistarstígar</i>	92
3.3.15.3	<i>Flugsamgöngur</i>	92
3.3.16	<i>Veitur</i>	93
3.3.16.1	<i>Vatnsveita</i>	93
3.3.16.2	<i>Hitaveita</i>	93
3.3.16.3	<i>Rafmagn</i>	93
3.3.16.4	<i>Póstur, sími, fjarskipti</i>	94
3.3.16.5	<i>Skólp og fráveita</i>	94
3.3.17	<i>Svæði undir náttúruvá</i>	96
3.3.18	<i>Þjóðminjaværndarsvæði</i>	96
3.3.19	<i>Vatnsverndarsvæði vatnsbóla</i>	99
3.3.20	<i>Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns</i>	99

4 HEIMILDASKRÁ 101

5 TÖFLUSKRÁ 105

6	MYNDASKRÁ	109
7	UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR	113
8	UPPDRAETTIR A3	131

1 INNNGANGUR

1.1 Formáli

Fyrsta aðalskipulag Vopnafjarðar 1980-2000 var staðfest af ráðherra þann 30 nóvember 1984. Í því skipulagi var fyrst og fremst tekið á þáttum sem snéri að þéttbýlinu. Í skipulaginu var gert ráð fyrir því að þróun byggðar héldi áfram með um 2% fólksfjölgun á ári.

Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026 samanstendur af þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:10.000, sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:100.000 og greinargerð.

Hönnunar- og skipulagsstofan Teikn á lofti ehf hefur unnið að gerð aðalskipulags þessa fyrir Vopnafjarðarhrepp. Vinna hófst í raun við undirbúning skipulagsins í kringum árið 2000 og var gerður samningur um skipulagsvinnuna árið 2003. Mikil vinna var lögð í vinnu við skipulagið á fundum með starfsmönnum, nefndum bæði skipulags- og hreppsnefnd og einnig voru haldnir opnir kynningarfundir um skipulagstillöguna í það minnsta tvívar sinnum. Með þessu móti var leitast við að fá sem flesta að móton skipulagsins. Ennfremur gafst með þessu móti kostur á að bjóða einstaklingum og fyrtækjum að koma sjónarmiðum sínum og athugasemdum að. Á skipulagstímanum var og kallað eftir umsögnum og athugasemdum aðila sem skylt er að fjalli um skipulagið. Við lokavinnslu á skipulaginu hefur síðan verið unnið úr þessum athugasemdum og umsögnum og reynt að taka tillit til þeirra að svo miklu leyti sem unnt er. Eins og að framan er getið þá samanstendur aðalskipulagið af uppdrætti af þéttbýlinu og einnig af dreifbýlinu. Í greinargerð þessari sem hér sér dagsins ljós er reynt að útskýra í orðum megin markmið aðalskipulagsins sem er stefnumarkandi plagg í skipulagsmálum sveitarfélagsins á skipulagstímabilinu. Hér verður farið yfir helstu þætti skipulagsins og reynt eftir fremsta megni að skýra sem best hvernig skipulagið tekur á hinum mismunandi málaflokkum. Vonast er til að greinargerðin auðveldi hinum almenna lesanda að átta sig á þeim markmiðum og stefnum sem fram eru settar í skipulagsvinnunni. Hér er á einfaldan og skýran hátt farið yfir samfélagið í heild og mörkuð stefna áranna 2006-2026.

Það er ásetningur sveitarstjórnar með vinnslu aðalskipulagsins að það verði grundvöllur fyrir styrkri byggð og öflugri uppbyggingu í sveitarfélagini í framtíðinni.

Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 - Greinargerð

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 sem auglýst hefur verið samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps

þann _____ 2008.

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til staðfestingar umhverfisráðherra

þann _____ 2008.

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra

þann _____ 2008.

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeim framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 106 / 2000.

Vopnafjörður, _____ 2008

1.1.1 Vinnsla aðalskipulagsins

Vinna við þá tillögu sem nú er lögð fram hófst af krafti árið 2003 er gerður var samningur við Teikn á lofti ehf. um gerð Aðalskipulags Vopnafjarðar.

Höfundar tillögunnar eru Halldór Jóhannsson landslagsarkitekt og Pétur Bolli Jóhannesson arkitekt. Að hálfu sveitarfélagsins hafa hreppsnefnarmenn og byggingar- og skipulagsnefnd komið mest að vinnslunni en þeir eru m.a.: Aðalbjörn Björnsson oddviti, Emil Sigurjónsson fyrrverandi oddviti, Hilmar Jósefsson forstöðumaður áhaldahúss, Eyjólfur Sigurðsson, formaður skipulags og bygginganefndar, ásamt Þorsteini Steinssyni sveitarstjóra og Magnúsi Má Þorvaldssyni atvinnu- og ferðamálafulltrúa.

1.2 Markmið

Í aðalskipulaginu er tekin afstaða til landnýtingar í sveitarféluginu öllu og settar vinnureglur um framtíðarnýtingu alls lands.

- 1 Megin markmið aðalskipulagsins er að efla atvinnumál, umhverfismál og félags- og velferðarmál.
- 2 Stefnt er að auka fjölbreytni í atvinnulífi sveitarfélagsins þannig að Vopnafjörður verði áhugaverður staður fyrir fólk að búa á, og skapa jákvæðar forsendur fyrir fyrirtæki til að staðsetja sig þar.
- 3 Að marka umhverfisstefnu sem stuðlar að sjálfbærri þróun í atvinnu-, félags-, umhverfis-, og velferðarmálum.
- 4 Stefnt er að þéttingu byggðar á skipulagstímabilinu og gerð úttekt á fjölda óbyggðra lóða í þéttbýlinu ásamt skipulagi nýrra svæða.
- 5 Áformað er á skipulagstímanum að bæta samgöngur til hagsbóta fyrir almenning og atvinnulíf. Gerð verði jarðgöng undir Hellisheiði eystri og endurbyggður vegur uppá Háreksstaðaleið.

1.2.1 Umhverfisstefna

Stefna sveitarstjórnar er að marka skýra umhverfisstefnu í sveitarféluginu og vekja sterka umhverfisvitund hjá íbúum sveitarfélagsins sem endurspeglast í varfærinni og meðvitaðri umgengni við náttúruna.

1.2.2 Höfnin, hafnarsvæðið og umferð

Markmiðið er að efla til muna starfsemi tengdri sjósókn og flutningum á sjó m.a. í tengslum við gerð jarðganga til Héraðs. Unnið verði að þessu markmiði með því að efla

hlutverk Vopnafjarðarhafnar á sviði útgerðar og fiskvinnslu, viðgerða, löndunar/útskipunar, almennrar þjónustu og með lengingu viðlegukanta.

Nýtt frumvarp var lagt fyrir Alþingi um siglingavernd sem tekur mið af svokölluðum ISPS kóða. Uppbygging hafnarinnar mun taka mið af lögum og reglugerðum þessum.

Hafnaraðstaða var miður góð frá náttúrunnar hendi og höfnin illa varin. Urðu bátar oft fyrir skemmdum í vondum veðrum. Algjör umskipti hafa orðið með byggingu varnargarða, fyrst milli lands og hólma 1968 og síðan milli hólma árið 2004. Í dag eru hafnarskilyrði góð og er unnið að stækkan viðlegurýmis. Mesta dýpi er 10 metrar miðað við stórstraumsfjöru.

Hlutverk hafnarinnar verði einkum á sviði útgerðar og fiskvinnslu, þjónustu, viðgerða og löndunar/útskipunar. Hafnarsvæði eru fyrst og fremst fyrir svokallaða hafnsækna starfsemi, svo sem fiskvinnslu bæði bolfish- og uppsjávarfiskjar, netaverkstæði, fiskmarkað, olíubirgðastöð o.fl. Höfnin verður sérhæfð í þjónustu við útgerð stærri og smærri eininga, smábáta, fiskvinnslu og starfsemi tengda sjóflutningum og landflutningum. Jafnframt er áformað að á hafnarsvæðinu verði byggð upp öflug viðgerðarþjónusta fyrir skip og báta. Ennfremur eru verða byggðar öflugar frystigeymslur, sem geta tekið við stórum förmum frystra afurða og verið grundvöllur þess að miðað er við að vinna stærri og stærri hluta uppsjávaraflans til manneldis. Vegna þessa er sérstaklaga gert ráð fyrir góðri aðstöðu fyrir upp og útskipun.

Gert er ráð fyrir að aðkoma inn í þéttbýli Vopnafjarðar breytist á skipulagstímabilinu frá norðri og liggi norðan byggðar og tengist þannig betur hafnarsvæðinu.

Svæðið tengist vegakerfi landsins eftir þrem leiðum; um Vopnafjarðarheiði við hringveginn á svokallaðri Háreksstaðaleið sem verður endurbyggður á skiplagstímabilinu, um Sandvíkurheiði til Bakkafjarðar og austur eftir ströndinni til Húsavíkur og um Hellisheiði eystri til Mið-Austurlands en sá vegur er þó lokaður mestan hluta vetrarins. Unnið er að rannsóknum á gerð jarðganga í gegnum heiðina sem eru fyrirhuguð á skipulagstímabilinu. Í þessu sambandi er bent á skýrslur sem unnar hafa verið um áhrif jarðganga á þróun byggða sithvoru megin Hellisheiðar í samvinnu Vopnafjarðarhrepps og Þróunarstofu Austurlands frá 2000, önnur skýrsla frá 2003 sem unnin var af Rannsóknarstofnun Háskólangs á Akureyri fyrir Vopnafjarðarhrepp og styrkt var af Iðnaðarráðuneytinu. Jafnframt er og skýrsla frá árinu 2005 sem unnin var af Rannsóknarstofnun háskólangs á Akureyri fyrir SSA um ýmsa jarðgangakosti á Austurlandi.

1.2.3 Útvist og íþróttir

Tryggja þarf bæjarbúum fjölbreytta aðstöðu til útiveru, leikja og íþróttat- og tómstundastarfs. Íbúar á öllum aldri eiga að getað notið frítímans við íþróttaiðkun og tómstundastarf. Helstu leiðir að þessu markmiði eru að skilgreina fullnægjandi aðstöðu,

innan dyra og utan, fyrir íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf og almenna útvist og að samgöngur í formi gatna og stíga taki mið að því.

Lögð verður sérstök áhersla á að gengið verði frá stikun og merkingum gönguleiða í dreifbýli og þéttbýli, auk greinargóðra lýsinga á gönguleiðunum sjálfum þ.e.a.s. lengd gönguleiða, erfiðleikastuðum, æskilegum skófatnaði og jarðfræði, náttúru og sögulýsingum. Helstu leiðir hafa þegar verið merktar inná sveitarfélagsskilti sem staðsett eru við innkeyrslur og miðsvæðis í þéttbýlinu og göngu- og reiðleiðakort hefur verið gefið út og gert aðgengilegt á heimasiðu sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu knattspyrnu og frjálsíþróttaaðstöðu upp á holtinu þar sem æfinga og keppnisaðstaða er í dag. Gervigras sparkvöllur hefur verið byggður við skólann þar sem jafnframt er gert ráð fyrir sundlaug á skipulagstímabilinu.

Gert verður átak í uppbyggingu leiksvæða í þéttbýlinu á Vopnafirði með tilheyrandi leiktækjum og umgjörðum til fegrunar og myndunar skjóls.

1.2.4 Afþreyingar og ferðamál

Markmiðið er að marka sérstaka stefnu ferðamála til a.m.k. fimm ára í senn. Gerð verði átaksáætlun með það að markmiði að efla ferðaþjónustu og afþreyingu í sveitarféluginu sem stuðli að fjölgun ferðamanna og bættum lífsskilyrðum fyrir íbúa. Markmiðið er að hámarka allan efnahagslegan, félagslegan og umhverfislegan ábata af ferðaþjónustunni með sérstaka áherslu á þau sóknarfæri sem bættar samgöngur sem framundan eru, með nýbyggingu á vegi uppá Háreksstaðaleið og jarðgöngum á milli Vopnafjarðar og Héraðs, kunna að skapa.

Afþreying, eðli hennar, gæði og fjölbreytni er afar veigamikill þáttur í ferðaþjónustu. Það má skipta afþreyingu fyrir ferðamenn í nokkra flokka s.s. skoðunarferðir bæði skipulagðar og óskipulagðar, íþróttatengda afþreyingu, afþreyingu á sviði menningar, á sviði byggingarlistar, útvistar, kvöld- og næturlífs.

1.2.5 Söfnun og meðhöndlun úrgangs

Dregið verði úr umfangi sorps til urðunar. Leiðir að þessu markmiði er aukin flokkun, endurnýting og endurvinnsla á hluta sorpsins, þannig að unnt sé að minnka til muna það magn sorps sem þarf að urða. Markmiðið er að lágmarka allan úrgang, en nýta hann eða farga honum þar sem hann fellur til, þó þannig að það hamli ekki þróun atvinnulífs, en verði komandi kynslóðum til efnahagslegs og félagslegs ábata og skerði ekki lífsskilyrði þeirra. Mjög æskilegt er að huga vel að öflugu samstarfi sveitarfélaganna á Austurlandi í þessu verkefni.

Stefnt er að því að draga úr urðun sorps með aukinni upprunaflokkun. Hún byggir á því að almenningur og fyrirtæki skili í auknum mæli flokkuðu sorpi í þar til gerða gáma eða sorp verði sótt flokkað í heimahús og til fyrirtækja. Vopnafjarðarhreppur mun gera

svæðisbundna áætlun (sorpmeðferðaráætlun) um hvernig draga megi markvisst úr myndun úrgangs á skipulagstímabilinu og í framhaldi af því hrinda áætluninni í framkvæmd.

1.2.6 Menning og náttúruminjar

Eitt af meginmarkmiðum Vopnafjarðarhrepps er að vernda menningar- og náttúruminjar og sérkenni sveitarfélagsins. Verndun mannvirkja og náttúru- og menningarminja er liður í að varðveita og segja sögu kauptúnsins. Verndun byggir á þrenns konar grunni: Bæjarvernd (hverfisvernd), sem byggir á nýju ákvæði í skipulags- og byggingarlögum, friðun eða friðlysingu samkvæmt náttúruverndarlögum og friðun eða friðlysingu samkvæmt þjóðminjalögum. Engar samþykktir eru til um hverfisverndarsvæði innan Vopnafjarðarhrepps en innan skipulagstímabilsins er stefnt að vinnslu tillaga þess efnis.

Drekinn. Í byggðamerki Vopnafjarðar er stílfærð mynd af dreka sem er einn af landvættunum fjórum sem prýða skjaldarmerki Íslands.

Eftirfarandi frásögn skýrir veru drekans í byggðamerkinu.



Á tíma Brodd-Helga (10. öld) í Vopnafirði var Haraldur „blátönn“ Gormsson konungur í Danmörku. Hugðist hann leggja undir sig Ísland og sendi fjölkunnugan mann í hvalslíki til að kynna sér aðstæður. Reyndi hann fyrst landtöku í Vopnafirði. „Pá fór ofan eftir dalnum dreki mikill og fylgdu honum margir ormar, þöddur og eðlur og blésu eitri á hann.“ Svipaðar móttökur fékk hann í öðrum landshlutum. Fór galdramaður þessi til baka og gaf konungi skýrslu og varð ekkert af fyrirhugaðri innrás Dana.

Mynd 1 Lógó Vopnafjarðar

1.2.7 Um aðalskipulagið

9. gr. skipulags- og byggingarlaga:

„**Skipulagsskylda.** Landið allt er skipulagsskylt. Bygging húsa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlunar, sbr. ákvæði 43. gr. þessara laga um veitingu byggingarleyfis og ákvæði 27. gr. um veitingu framkvæmdaleyfis.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og þróun byggðar. Þar eru sett fram markmið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, samgöngur o.fl., í samræmi við 1. gr. laga þessara.

Í skipulagsáætlunum skal m.a. lýsa náttúru og aðstæðum öllum á skipulagssvæðinu við upphaf áætlunarinnar og forsendum þeirrar stefnu sem hún felur í sér.

Við gerð skipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmið.

Í skipulagsáætlunum skal gera grein fyrir áhrifum áætlunarinnar, einstakra markmiða hennar og ráðgerðra framkvæmda á umhverfi, náttúruauðlindir og samfélag, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma.

Ef innan marka skipulagssvæðis eru einstakar byggingar, mannvirki, húsaþyrpingar, náttúrumínjar eða trjágróður sem æskilegt er talið að varðveita vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi”.

Úr 16. gr. Skipulags- og byggingarlaga:

„**Aðalskipulag.** Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag fyrir sveitarfélagið. Í aðalskipulagi skal fjallað um allt land innan marka sveitarfélags.

Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í kaupstaðnum á minnst 12 ára tímabili. Við gerð þess skal byggt á markmiðum laga þessara og áætlunum um þróun og þarfir kaupstaðarins á skipulagstímabilinu.

Við gerð aðalskipulags skal stefnt að því að ná samræmi við skipulagsáætlanir aðliggjandi kaupstaða.

Um gerð aðalskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 9. gr. og ákvæði skipulagsreglugerðar. [Pegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið. Um málsmeðferð á endurskoðaðri áætlun fer sem um gerð nýs aðalskipulags væri að ræða.]”.

1.2.8 Skýringar hugtaka

Aðalskipulag: Skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag þar sem fram kemur stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarféluginu á minnst 12 ára tímabili. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að gert sé aðalskipulag.

Aðalskipulag skal fjalla um allt land innan viðkomandi sveitarfélags. Aðalskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætlanir um landnotkun á landsvísu: Á landsvísu eru unnar áætlanir á vegum opinberra aðila, s. s. um samgöngur, fjarskipti, orkumannvirki, landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd, sbr. 11. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Byggðamynstur: Fyrirkomulag byggðar og landnotkunar, s.s. húsagerðir, hæð húsa, þéttleiki byggðar og tegundir landnotkunar.

Byggingarleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til að byggja, breyta eða rífa hús eða önnur mannvirki, ofan jarðar eða neðan, eða breyta notkun þeirra. Undanþegin byggingarleyfi eru götur, holræsi, vegir, brýr aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, svo og hafnir og virkjanir, enda eru þær framkvæmdir á vegum opinberra aðila eða unnar samkvæmt sérloğum. Byggingarleyfi þarf þó fyrir varanlegum húsbyggingum sem gerðar eru í tengslum við þessar framkvæmdir.

Ennfremur þarf byggingarleyfi fyrir fjarskiptamöstrum, tengivirkjum og móttökudiskum. Byggingarleyfi skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag, sbr. þó 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Deiliskipulag: Skipulagsáætlun fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan sveitarfélags sem byggð er á aðalskipulagi og kveður nánar á um útfærslu þess. Ákvæði um deiliskipulag eiga jafnt við um þéttbýli og dreifbýli. Sveitarstjórn ber ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags.

Tillaga að deiliskipulagi getur einnig verið unnin á vegum landeigenda eða framkvæmdaraðila og á kostnað þeirra. Deiliskipulag er háð samþykki sveitarstjórnar. Deiliskipulag tekur gildi þegar samþykkt þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Framkvæmdaleyfi: Leyfi sveitarstjórnar til framkvæmda sem ekki eru háðar ákvæðum IV. kafla skipulags- og byggingarlaga um byggingarleyfi, sbr. gr. 9.1. Framkvæmdaleyfi skal vera í samræmi við skipulagsáætlanir og úrskurð um mat á umhverfisáhrifum þar sem það á við.

Grenndarkynning: Kynning á óverulegri breytingu á deiliskipulagi eða byggingarleyfisumsókn í þegar byggðu hverfi þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag. Skipulagsnefnd annast grenndarkynningu. Grenndarkynning felst í því að nágrönum,

sem skipulagsnefnd telur að hagsmuna eigi að gaeta, er kynnt málið og gefinn kostur á að tjá sig innan ákveðins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur.

Götureitur: Afmarkað svæði sem engar götur liggja um. Oftast afmarkast götureitur af fjórum götum.

Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminja eða trjágróðurs án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Landnotkunarflokkur: Landnotkunarflokkur segir til um hvaða landnotkun er heimil á tilteknum landnotkunarreit, sbr. 4. kafla.

Landnotkunarreitur: Reitur með eina skilgreinda landnotkun. Landnotkunarreitur skal að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit. Innan landnotkunarreits skal meirihluti reits helgaður aðalnotkun samkvæmt skilgreiningu viðkomandi landnotkunarfloks. Önnur notkun en síð sem skilgreind er sem aðalnotkun er þó heimil ef hún nær aðeins til óverulegs hluta reitsins og er í samræmi við aðalnotkun.

Landnýting: Samheiti yfir mælikvarða á það hversu mikil nýting lands er, svo sem nýtingarhlutfall, þéttleika byggðar og ítolu.

Nýtingarhlutfall: Hlutfall milli heildargólfflatar á lóð eða reit og flatarmáls lóðar eða reits. Lóðanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á lóð og flatarmáls lóðar. Reitanýting segir til um hlutfallið milli heildargólfflatar á landnotkunarreit eða götureit og flatarmáls reitsins.

Sérstök svæðisskipulagsmeðferð: Svæðisskipulag sem tekur til stakra framkvæmda eða áætlana, oft á vegum annarra aðila en sveitarstjórna, sbr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga. Skipulagstillaga er unnin af þeim sem ábyrgð ber á viðkomandi áætlun eða framkvæmd en kynnt á vegum Skipulagsstofnunar. Sérstakt svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra. Sérstakt svæðisskipulag tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Sjálfbær þróun: Þróun samfélags sem tekur mið af vistfræðilegum, hagrænum, menningarlegum og félagslegum þörfum nýlifandi og komandi kynslóða.

Skipulagsáætlun: Áætlun sem gerir grein fyrir markmiðum og ákvörðunum viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnotkun lands og fyrirkomulag byggðar og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Skipulagsáætlanir skiptast í þrjá flokka: Svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag. Skipulagsáætlun er sett fram í greinargerð og á uppdrætti.

Skipulagsgreinargerð: Lýsing skipulagsáætlunar þar sem gerð er grein fyrir skipulagsmarkmiðum og færð rök fyrir stefnu og ákvörðunum um landnotkun og þróun byggðar.

Skipulagsmarkmið: Meginmarkmið og almenn stefna skipulagsáætlunar og markmið hennar í einstökum málauflokkum.

Skipulagsskilmálar: Bindandi ákvæði sem sett eru fram í deiliskipulagi, m.a. um útfærslu skipulagsmarkmiða.

Skipulagsstig: Skipulagsstig eru fjögur, lands-, svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstig.

Skipulagssvæði: Það landsvæði sem skipulagsáætlun tekur til. Svæðisskipulag tekur til tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem jafnan skulu mynda heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. Aðalskipulag tekur til alls lands eins sveitarfélags. Deiliskipulag nær til einstakra svæða eða reita innan aðalskipulags og skal jafnan miðast við að ná til svæða sem mynda heildstæða einingu. Í þéttbýli skal deiliskipulag að jafnaði ekki taka yfir minna svæði en götureit.

Skipulagstillaga: Tillaga að skipulagsáætlun sem sett er fram í greinargerð og á uppdrætti. Svæðisskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt samvinnunefndar á skipulagsáætlun. Aðal- og deiliskipulag telst skipulagstillaga fram að endanlegri samþykkt sveitarstjórnar á skipulagsáætlun.

Skipulagstímabil: Það tímabil sem stefnumörkun svæðis- og aðalskipulags nær yfir. Skipulagstímabil svæðis- og aðalskipulags skal eigi vera skemmta en 12 ár.

Skipulagsuppdráttur: Uppdráttur sem sýnir fyrirhugaða notkun lands í samræmi við þá stefnumörkun sem kynnt er í skipulagsgreinargerð.

Sveitarfélagsuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær til alls lands viðkomandi sveitarfélags og þar sem gerð er grein fyrir notkun lands utan þéttbýlis.

Svæðisskipulag: Skipulagsáætlun sem tekur yfir tvö eða fleiri sveitarfélög. Hlutverk svæðisskipulags er að samræma stefnu um landnotkun, samgöngu- og þjónustukerfi, umhverfismál og þróun byggðar á svæðinu á minnst 12 ára tímabili. Frumkvæði að gerð svæðisskipulags getur komið frá sveitarstjórnum eða Skipulagsstofnun. Samvinnunefndir annast gerð svæðisskipulags. Svæðisskipulag er háð staðfestingu umhverfisráðherra og tekur gildi þegar staðfesting þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála: Stjórnsýslunefnd sem úrskurðar um ágreining á sviði skipulags- og byggingarmála samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Þéttbýli: Þyrring húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra.

Þéttbýlisuppdráttur: Skipulagsuppdráttur aðalskipulags sem nær yfir þéttbýli innan viðkomandi sveitarfélags.

Þéttleiki byggðar: Landnýting miðað við heildarflatarmál lands sem m.a. er lýst með hlutfalli milli samanlagðs gólfíflatar á tilteknu svæði og flatarmáls svæðisins eða reikningsstærðum eins og íbúar/ha eða íbúðir/ha.

1.2.9 Kynning og samráð við skipulagsgerð

Leitast hefur verið við að vinna skipulagstillöguna í samræmi við 4. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga og kafla 3.2 í skipulagsreglugerð og í sem mestri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila sveitarfélagsins.

Séð var til þess að skipulagstillagan var aðgengileg íbúum sveitarfélagsins og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta og áform kynnt á almennum fundi þann 1. mars 2005 og tillaga kynnt aftur á almennum fundi 27. júní 2007.

Við skipulagsgerðina var haft samráð og leitað umsagnar við þá aðila sem fjalla um eða fara með þá málaflokka sem skipulagið nær til.

Skipulagstillagan var einnig kynnt sveitar- og bæjarstjórnunum aðliggjandi sveitarfélaga, Fljótsdalshérað, Norðurþing, Langanesbyggð og Svalbarðshrepp. Uppdrættir og greinargerð voru póstsend þann 23. mars 2007 og óskað eftir umsögn og barst svar frá Langanesbyggð dags. 24. maí 2007 sem ekki gerði athugasemdir við skipulagstillöguna.

- 1 Samráð var haft við viðkomandi hafnarstjórn og Siglingastofnun Íslands við skipulagsgerð á hafnarsvæðum, sbr. ákvæði hafnalaga og laga um Siglingastofnun Íslands. Umsögn barst þann 9. maí 2007. Tekið hefur verið tillit til athugasemda.
- 2 Samráð var haft við landbúnaðarráðuneyti um landnotkunarbreyingar á landbúnaðarsvæðum, sbr. ákvæði jarðalaga.
- 3 Samráð var haft við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá, sbr. ákvæði vegalaga.
- 4 Samráð var haft við Flugstoðir um skipulag flugvallarsvæða, sbr. ákvæði laga um loftferðir. Umsögn barst þann 28. maí 2007. Flugstoðir gerði ekki athugasemdir við tillöguna
- 5 Samráð var haft við Umhverfisstofnun við gerð skipulagsáætlana á náttúruverndarsvæðum, sbr. gr. 4.19 í skipulagsreglugerð og ákvæði laga um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 og um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Reglugerðirnar hafa stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsögn barst þann 11. júlí 2007. Tekið hefur verið tillit til athugasemda.

- 6 Samráð var haft við Fornleifavernd ríkisins um fornleifaskráningu vegna skipulagsgerðar, sbr. gr. 4.20 í skipulagsreglugerð og ákvæði þjóðminjalaga. Umsögn barst þann 28. júní 2007. Tekið hefur verið tillit til athugasemda.
- 7 Samráð var haft við Heilbrigðiseftirlit Austurlands um flokkun strandsvæða og vatnasvæða, sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð og ákvæði reglugerðar 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Umsögn barst þann 26. maí 2007. Tekið hefur verið tillit til athugasemda.
- 8 Samráð var haft við Kirkjugarðaráð varðandi skipulag í nágrenni kirkjugarða, sbr. ákvæði laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Umsögn barst þann 23. apríl 2007. Kirkjugarðaráð gerði ekki athugasemdir við tillöguna.
- 9 Hliðsjón var höfð af loftgæðarannsóknum og hávaðamælingum og álti viðkomandi heilbrigðisnefndar og ákvæði reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.



Mynd 2. Glitský á Vopnafirði.

Jón Sigurðsson.

1.2.10 Umhverfismat áætlana, samantekt

Sveitarfélagið Vopnafjarðarhreppur einkennist af víðfeðmum heiðum, grónum döllum og strandsvæðum sem teljast til einstakra svæða hvað varðar lífríki og eigindi (karakter). Því er sveitafélaginu kappsmál að huga vel að umhverfismálum og sjálfbærri þróun við gerð aðalskipulagsins.

Við vinnu þessarar umhverfismatsskýrslu var lagt mat á áætluð umhverfisáhrif stefnumiða á tiltekna umhverfisþætti; samfélag, náttúrufar, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Horft var sérstaklega á líkindi, tíðni og varanleika stefnumiðanna sem og samlegðaráhrifa ólíkra skipulagsáætlana.

1.2.10.1 Umhverfismat stefnumiða fyrir samgöngur

Sveitarfélagið er frekar einangrað yfir vetrartímann og núverandi samgöngur uppfylla ekki nútíma kröfur um umferðaöryggi og akstursþægindi. Umhverfisáhrif stefnumiða fyrir samgöngur á tiltekna umhverfisþætti eru teljandi jákvæð á skipulagstímabilinu. Úrvinnsla áætlana á framkvæmdastigi sem og framkvæmdirnar sjálfar munu alltaf hafa í för með sér viss neikvæð umhverfisáhrif tengd því raski sem nýum vegstæðum fylgja, en viðeigandi ráðstafanir og mótvægisáðgerðir gera það raunhæft að áætla heildaráhrif framkvæmdanna jákvæð þegar fram líður.

Hellisheiðargöng munu hafa bæði bein og afleidd jákvæð umhverfisáhrif á þætti tengda samfélagi, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Vegna styttingar veglínus og öruggari samgangna mun flutningskostnaður minnka, öryggi samfélagsþjónustu aukast og almennur aðgangur að þjónustu á Mið-Austurlandi mun batna. Umhverfisáhrif á náttúrfar munu verða nokkur á framkvæmdasvæðinu, meðan á framkvæmdum stendur en óveruleg, sérstaklega þegar litið er til þess að áhrifasvæði veggengingar undir heiðina eru mun minni en þegar vegurinn liggur yfir hana. Við óbreyttar vegasamgöngur má álíta umhverfisáhrif neikvæð varðandi umferðaröryggi og mengun vegna útblástur bifreiða.

Jákvæð umhverfisáhrif **Norðausturvegar** er umtalsverð fyrir umhverfisþætti stefnumiða fyrir samfélag, heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti. Neikvæð umhverfisáhrif Norðausturvegar eru nokkur þar sem verið er að raska 20-80 m breiðri spildu á 40 km langri leið, sem að mestu leyti liggur á lítt röskuðu landi. Þau neikvæðu áhrif munu ná til margra umhverfisþátta. Öruggari veggenging Hringvegar til Vopnafjarðar telst mikil samgöngubót fyrir íbúana, sérstaklega þegar litið er til vetrarfærðar og ef heildina er litið vega þau áhrif þyngra en neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna. Óbreytt landnotkun mun ekki hafa teljandi áhrif á umhverfisþætti tengda samfélagi eða náttúrufari, en til lengri tíma litið heldur neikvæð áhrif á heilsu og vellíðan, byggð og efnisleg verðmæti.

Umhverfismat fyrir **nýja stofnbraut í þéttbýli** leiðir í ljós umtalsverð jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti tengda samfélagi, heilsu og vellíðan, byggð og efnislegum verðmætum. Umhverfisáhrif á náttúrfar eru ekki teljandi jákvæð né neikvæð. Bætt aðgengi að höfn, aukið öryggi gangandi vegfarandi og minni

hávaðamengun eru helstu jákvæðu umhverfisáhrif framkvæmdanna, en útblástur og hávaði frá nýrri stofnbraut helstu neikvæðu áhrifin.

1.2.10.2 Umhverfismat fyrir hafnarsvæði

Neikvæð umhverfisáhrif stefnumiða á náttúrufar í höfninni eru töluverð. Þeir þættir sem þyngst vega fyrir umhverfisþætti stefnumiða varðandi heilsu og vellíðan eru ásýnd hafnarmannvirkja og mengun hvort sem er í lofti og legi. Með góðri hönnun má gera ásýndaráhrifin jákvæð og búnaður til að varna mengun sem og eftirfylgni með réttri notkun hans munu leiða í ljós hvort umhverfisáhrifin verða jákvæð eða neikvæð. Jákvæð áhrif stefnu aðalskipulags um uppbyggingu á hafnarsvæðinu eru umtalsverð á umhverfisþætti tengda samfélagi, byggð og efnislegum verðmætum.

Umhverfisáhrif fyrir lengingu fyrirhugaðs viðlegukantar og **uppfyllingar að Ásgarðsbryggju** eru jákvæð fyrir umhverfisþætti tengda samfélagi, byggð og efnislegum verðmætum. Þar sem um ræðir mjög raskað svæði, undir miklum áhrifum núverandi skipa/báta umferð sem mun ekki aukast neitt sem nemur, eru umhverfisáhrif framkvæmdanna á náttúrufar ekki talin vera teljandi. Áhrif á umhverfisþætti tengda heilsu og vellíðan er þó háð úrvinnslu hugmynda á deiliskipulags- og framkvæmdastigi.

Með nýrri **uppfyllingu milli hafnargarðsins Innrigarðs og Smábátahafnar** er fengið aukið landssvæði til hafnsækinnar starfsemi. Slík uppbygging og viðbót við núverandi hafnarsvæði myndi hafa teljandi jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið umhverfisþátta samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta. Svo stór uppfylling er mikil breyting á náttúrfari en taka verður tillit til þess hversu mikið raskað umhverfið er þegar og að þetta er á áhrifasvæði þeirrar bátaumferðar sem fyrir er. Áhrifin eru engu að síður óafturkræf má því telja umhverfisáhrif uppfyllingarinnar frekar neikvæð á gildi náttúrufars. Umhverfisáhrif á heilsu og vellíðan ræðst að töluverðu leyti af frágangi og útfærslu á framkvæmdastigi.

Umhverfisáhrif fyrirhugaðrar **stækkunar loðnubræðslu HB Granda** í 2 þús tonna vinnslugetu eru talin jákvæð hvað varðar gildi vegna samfélags, byggðar og efnislegra verðmæta. Áhrif á heilsu fólks og vellíðan veltur á ýmsum útfærsluatriðum á hönnunarframkvæmda- og rekstrarstigi, t.d. hæð og útliti skorsteina, lyktarmengun og aðlögun nýrra mannvirkja að núverandi byggingum. Neikvæð áhrif á umhverfisviðmið náttúrufars eru nokkur vegna frárennslismála sem og umferðar stórskipa um höfnina.

1.2.10.3 Umhverfismat stefnumiða fyrir umhverfisstefnu sveitafélagsins

Sorpförgun er í margu staði ábótant hjá Vopnafjarðarhrepp en „Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2005-2020“ miðar að aðgerðum til að bæta frágang og draga úr framleiðslu á sorpi.

Umhverfisáhrif stefnumiða aðalskipulagsins um **efnistökusvæði** – **efnislosun** á samfélag, heilsu og vellíðan eru hvorki teljandi jákvæð eða neikvæð á þá umhverfisþætti sem lagðir eru til grundvallar. Umhverfisáhrif efnistökunnar á umhverfisþætti náttúrufars eru neikvæð á efnistökusvæðunum, þar sem flóra og fána svæðanna raskast og breytist óhjákvæmilega. Þau áhrif einskorða sig þó eingöngu við efnistökusvæðin og næsta umhverfi (áhrifasvæði) sem gæti liðið fyrir mögulegt áfok sands og moldar frá opnum námum. Áhrif efnistökuaætlunarinnar eru jákvæð á umhverfisþætti fyrir byggð og efnisleg verðmæti á skipulagstímabilinu.

Umhverfismat fyrir **fráveituáætlun** sveitafélagsins leiðir í ljós að hún mun í alla staði hafa teljandi jákvæð umhverfisáhrif á stefnumið allra umhverfisvísa. Uppbygging fráveitu í Vopnafjarðarkaupstað með dælu og lengdum útrásarleiðslum mun minnka bakgrunnsgildi mengunar í höfninni og ströndinni meðfram þorpinu. Átak í fráveitumálum í dreifbýli mun hvetja húseigendur til að bæta úrlausnir sínar fyrir skólp, með rotþróum og siturlögnum þar sem þær vantar.



Mynd 3. Miðnætursól á Vopnafirði.

Jón Sigurðsson.

2 FORSENDUR

2.1 Lýsing staðháttar

Vopnafjörður er breiður fjörður norðan Héraðsflóa sem skerst inn í norðausturströnd landsins. Svæðið skiptist upp í þrjá dali; Höfsárdalur í suðri, í miðið Vesturárdalur og í norðri er Selárdalur og svokölluð Strönd, sem er suð-austan í Digranesinu. Í botni fjarðarins er Kolbeinstangi, lítið nes og á austurhlið hans stendur þéttbýlið Vopnafjörður.

Norðan fjarðarins er Digranes og Kollumúli fyrir sunnan. Fyrir miðjum firði er Kolbeinstangi, þar sem Vopnafjarðarbær stendur en norðan tangans eru Nýpsfjörður og inn af honum Nýpslón. Mikill fjallgarður er sunnan Vopnafjarðar þar sem Smjörfjöll eru syðst og stærst.

Í suðaustri gnæfa Krossavíkurfjöll og Smjörfjöll og eru þau um 1.200 m há. Í norðri og vestri eru lægri heiðar, þar sem stöku fjall rís, tilkomumest eru Syðri- og Ytri-Hágangur og Mælifell. Þá koma Krossavíkurfjöll, á móts við kauptúnið, Vindfellsfjall, Búr og Fagradalsfjöll yst. Ysti tanginn sunnan fjarðar heitir Kollumúli.

Norðan fjarðar er láglendi sem smáhækkar upp á Sandvíkur- og Bakkheiðar þar sem öll fjöll eru fremur lítil. Vestan Vopnafjarðar eru hins vegar voldug fjöll inni á heiðunum. Þetta eru Ytri Hágangur, Syðri Hágangur, Kistufell og Mælifell, allt stök reisuleg fjöll, 800-1.000 metrar á hæð.

Aðalvegurinn til Vopnafjarðar liggur um Fossheiði. Er hann í meira en 400 metra hæð og tengist hringveginum á svokallaðri Háreksstaðaleið. Samgöngur eru oft erfiðar á veturna enda liggja allir vegir frá Vopnafirði um fjallendi. Uppi á Fossheiði eru Þuríðarvatn og Nykurvatn, bæði við veginn. Eru þetta ágaet veiðivötn sem og fleiri vötn í Vopnafirði.

Aðrar leiðir eru um Hellisheiði, sem er milli 600 og 700 m há úr Böðvarsdal yfir á Fljótsdalshérað, erfiður fjallvegur sem lokast á vetrum og er að meðaltali lokaður 4-5 mánuði á ári. Þriðja leiðin er yfir í Skeggjastaðahrepp til Bakkaþjóðar um Sandvíkurheiði sem er auðveldasta leiðin úr Vopnafirði, sé miðað við hæð heiða. Fjörðurinn sjálfur er um 25 km langur, 8-16 km breiður en þrengri innst. Fjörðurinn er opinn fyrir norðaustri og hafnaraðstaða af náttúrunnar hendi ekki góð. Miklar úrbætur hafa verið gerðar í hafnaraðstöðu hin síðari ár þ.a. á Vopnafirði er orðin góð alhliða fiski og vöruflutningahöfn.

Strandlengjan er áhugaverð, þar sem sjávarbjörg, drangar og sérkennilegar klettamyndanir eru einkennandi. Má þar nefna Fuglabjargarnes og Vopnafjarðarströnd norðan fjarðar og á suðurströnd fjarðarins eru ótal fallegir og áhugaverðir staðir svo sem Skjólfjörur sem gaman er að skoða. Bjarnarey utan Kollumúla hefur talist til Vopnafjarðar þó landfræðilega sé hún fremur í Héraðsflóa en Vopnafirði. Innst í firðinum eru miklar sandfjörur, sitt hvoru megin við Kolbeinstanga, bæði fyrir botni Vopnafjarðar og í Nýpsfjarðar.

Í Vopnafirði eru allmargir dalir. Stærstir þeirra eru Selárdalur, Vesturárdalur og Hofsárdalur. Selárdalur er um 30 km langur afmarkaður af lágum ásum og heiðum. Vesturárdalur er miðdalur Vopnafjarðarbyggða, upp frá Nýpsloni. Hann liggur milli lágra hálsa, grösugur og búsældarlegur. Vesturá fellur um sléttan botn dalsins í Skógalón sem þaðan rennur í Nýpslón. Innst, á móts við Hauksstaðaheiði, nefnist dalurinn öðru nafni Þverfellsdalur.

Selárdalur er vestastur dala í Vopnafirði. Dalurinn er um 30 km langur og nær inn að Mælifelli. Dalurinn er grunnur, afmarkaður af lágum ásum og heiðum en um hann rennur Selá sem er rómuð laxveiðiá. Hún kemur úr Dimmafjallgarði en í hana renna margar kvíslar á leið hennar til strandar. Áin hefur grafið gil sem er grunnt yst í dalnum en dýpkar og verður mikilfenglegra eftir því sem innar dregur í dalinn. Selárfoss er um 7 km frá ósi árinnar en skammt neðan hans fannst jarðhiti. Þar hafa Vopnfirðingar byggt sundlaug sína á bökkum árinnar ofan í gilinu. Selárdalur er vel gróinn og Selá og gljúfur hennar mjög fögur náttúrusmíð. Ágætur vegur er inn að sundlauginni austan eða sunnan við á. Sæmilegur slóði er að norðanverðu við ána alllangt inn í dalinn og er mjög fallegt að fara þennan veg til þess að skoða falleg gljúfur Selár. Að öðru leyti þarf að fara gangandi ætli menn að skoða ofar með ánni, en skemmtilegt er að ganga upp undir Mælifell þar sem er gangnamannakofi sem kallast Aðalból.

Syðstur megindala Vopnafjarðar og þeirra stærstur er Hofsárdalur. Hann er um 25 km langur, breiður og búsældarlegur. Þar er líka mest byggð í sveitum Vopnafjarðar. Inn frá Hofsárdal skerast tveir afdalir, Fosshalur og Sunnudalur. Fosshalur byrjar fyrir innan Bustarfell og er þróngur með bröttum hlíðum. Hann er vel gróinn og með allnokkru kjarri en Hofsá rennur um hann. Sunnudalur greinist suður úr Hofsárdal fyrir miðjum dal á móts við Hof. Hann er vel gróinn og fagur, um 12 km langur. Loks má nefna Böðvarsdal sem gengur inn úr suðurströnd Vopnafjarðar milli Vindfellsfjalls og Búrs. Dalurinn er umgirtur hrikalegum fjöllum en um hann liggur leiðin yfir Hellisheiði.

Hofsá er fræg laxveiðiá. Áin er meðal eftirsóttstu og bestu laxveiðiá landsins en einnig góð silungsveiðiá. Umhverfi Hofsár er stórkostlegt. Hofsárdalur, sem áin rennur um, þrengist er innar dregur og nefnist þá Fosshalur og innst í honum eru falleg gljúfur sem Hofsá hefur grafið. Í innri hluta dalsins er einnig talsverður trjágróður sem gerir dalinn að sannkölluðum unaðsreit. Leiðin inn dalinn er mjög skemmtileg. Það er þróngur jeppavegur sem liggur gegnum trjágróðurinn utan í bröttum hlíðum dalsins. Hvorki er hægt að snúa við né mæta bíl á löngum kafla leiðarinnar. Gljúfrin innst í dalnum eru sannarlega þess virði að skoða en ganga verður síðasta spölinn þangað.

Vopnafjarðarbyggðir eru vel grónar og á það jafnt við um dalina, hálsana og heiðarlöndin. Mest er um graslendi en allnokkurt viðarland með fjalldrappa og víðitegundum. Einnig er nokkurt kjarrlendi, mest í Hofsárdal og Fosshal undir hlíðum Burstarfells. Sveitirnar eru búsældarlegar með fagurgrænum túnum og allnokkurt myrlendi er þar að finna t.d. í Selárdal. Dýralíf er allfjölbreytt. Hvalir leggja stundum

leið sína inn í fjörðinn og selir eru algengir með ströndunum. Upp á heiðum er nokkuð um refi. Vopnafjörður og miðin þar út af hafa löngum verið gjöful. Utan flóans heitir Vopnafjarðargrunn.

Til Vopnafjarðar telst Bjarnarey þó landfræðilega sé hún fremur í Héraðsflóa. Hún var áður mikilvæg verstöð og voru t.d. þaðan stundaðar hákarlaveiðar. Þar hefur ekki verið búið í tvær aldir ef frá eru talin nokkur ár seitn á 19. öld. Enn er þar dún- og eggjataka. Nafn eyjarinnar er að sögn upphaflega Gullbjarnarey eftir Birni nokkrum sem á að hafa aflað sér mikils fjár í víkingaferðum og þess vegna verið kallaður Gullbjörn. Hann vildi ekki samneyti við aðra menn og tók sér þess vegna bólfestu á Bjarnarey þar sem hann faldi gull sitt í Gullbjarnahelli undir klettaborginni Gullborg. *Heimasiða Vopnafjarðarhrepps*

2.1.1 Náttúruminjar

Í Vopnafjarðarhreppi eru nokkur svæði sem eru á Náttúruminjaskrá. Strandlengjan og fjörur við Fuglabjarganes er svæði á Náttúruminjaskrá. Svæði sem nær frá Litluá að Hámundarstöðum, en það er fögur og fjölbreytt strönd, með mikið fuglalíf. Bjargfugl er að finna í klettunum við fjörðinn, mest í Strandhafnarbjörgum Fuglabjargarnesi og hömrum Vindfells. Mávar, kríur og æðarfugl eru algengar tegundir sérstaklega fyrir botni flóans. Spörfuglar, vaðfuglar, endur, gæsir og álftir eru algengir um byggðir Vopnafjarðar og loks má nefna rjúpuna sem unir sér vel á grónum heiðum og í kjarrlendi svæðisins.

Fjörur og grunnsævi í Nýpsloni og Skógalóni inn af Nýpsfirði eru á Náttúruminjaskrá. Þar eru grunn, sölt lón með mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.

Fagradalsfjöll og Kollumúli eru á Náttúruminjaskrá. Svæðið skilgreinist sem skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. Þar er fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd og þar er athyglisverður gróður. Sjá nánar kafla 3.2.12.

2.1.2 Jarðfræði

Jarðfræðilega séð er Ísland ungt land. Upphleðsla landsins hefur öll farið fram á síðari hluta nýlifsaldar. Landið er nær allt gert úr hraunlöögum og gosmóbergi en á milli eru víða setlög. Að jarðfræðilegri gerð er Ísland um margt frábrugðið nágrannalöndunum en þau eru gerð úr miklu eldra bergi. Blágrýtismyndunin er elsta jarðmyndun landsins en hún varð til á síðertíðar tímabilinu. Hún nær einkum yfir tvö svæði, annars vegar austanvert landið frá Þistilfirði og þar með Vopnafjarðarhrepp að Skeiðarársandi og hins vegar vestanvert landið.

Á Austurlandi er blágrýtismyndunin talin vera um 10.000 m að þykkt. Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur ásamt fjöllum Langaness heyra til blágrýtismyndunar landsins og eru þau vesturjaðar Austurlandsblágrýtisins. Vopnafjarðarhreppur er utan þekktra og áætlaðra upptaka jarðskjálfta.

Í árbók Ferðafélags Ísland frá 1987 eftir Hjörleif Guttormsson segir m.a. um jarðfræði svæðisins:

„Vopnafjarðarsveit umlykur víður og margbrotinn fjallahringur, sem setur svip sinn á umhverfið og byggðirnar hið neðra. Jarðsögulega séð er Vopnafjarðarsvæðið að drjúgum hluta á tertíerum blágrytisgrunni eða síðertíerum grágrytisgrunni, sem er eldri en 700 þúsund ára, en vestast, þ.e. á línu frá Súlendum norður í Stakfell, er komið í móberg og grágryti frá ísöld, sem er yngra. Skilin milli blágrytis, sem dregin eru við aldursmörkin 3,1 milljón ára, liggja um Smjörvatnsheiði, Einarstaðafjall og Bustarfell og þaðan nálaegt beint í norður um Rjúpnafell, Ufsir norðan Selárdals og Hágangaurð. Þau fjöll sem hér hafa verið nefnd eru hið efra úr grágryti, þ.e. yngri en 3,1 milljón ára og jarðlögin vestar eru þaðan af yngri. Gildir þetta einnig um kollinn á Torfastaðanúpi. Smjörfjöll og fjallabálkurinn þaðan út í Kollumúla svo og Sandvíkurheiði norðan Vopnafjarðar eru ótvírætt hluti af blágrytismynduninni.

Vopnafjarðardalir hafa allir norðlæga stefnu. Þeir hafa á sama hátt og fjörðurinn mótað af svörfun ísaldarjökla. Strandlínur frá ísaldarlokum eru þar áberandi og ná þessir fornu marbakkar álíka langt inn eftir og byggðin í Höfsárdal og Vesturárdal. Fjöllin austan Vopnafjarðar eru áberandi hærri en að norðanverðu og standa auk þess nær byggðinni.

Vopnafjarðarsvæðið er í heildina litið vel gróið, víðlendar heiðar ofan dala, hallamýrar, flóar og mólendi. Mörk samfellds gróðurs liggja hér hins vegar nokkru lægra en á Austfjörðum og inn af Fljótsdalshéraði. Koma hér skýrt fram afleiðingar lækkandi meðalárshita eftir því sem norðar dregur og sömu sögu er að segja um snælinu.


Uppblásturs gætir óvíða nema suðvestan til, þ.e. í Haukstaðaheiði og Fossheiði og suður með fjallgörðum. Þegar grónum heiðalöndum sleppir taka við auðnir og sandar, sem einkum eru víðáttumikil til vesturs, þar sem dregur að Haugsöræfum.”

2.1.3 Veðurfar

Á Vopnafirði er ekki veðurathugunarstöð en veðurathugunarstöð var sett upp á Skjaldþingstöðum sumarið 1994. Veðurathuganir voru gerðar á Þorvaldsstöðum frá árunum 1961 - 1994 þá lögðust þær af. Veðurfar á þessum tveim stöðum verður að teljast svipað og í þorpinu á Vopnafirði.

Meðalúrkoma á árunum 1961 til 1990 á Þorvaldsstöðum var 588 mm. Að jafnaði var um 196 úrkomudagar á ári. Mesta sólarhringsúrkoma á Skjaldþingsstöðum síðan mælingar hófust sumarið 1994 var 162.2 mm árið 2001. Hæsti mældi hitinn á Skjaldþingsstöðum var í júní mánuði árið 1999, 25.6° C.


Meðalhiti á Skjaldþingsstöðum, í Reykjavík og á Akureyri 1999 - 2006.
Vantar upplýsingar frá árinu 2002 fyrir Skjaldþingsstaði.



Tafla 1. Meðalhitastig á ári: 1999-2006.

Heimild: Veðurstofan.


Heildarúrkoma á Skjaldþingsstöðum, í Reykjavík og á Akureyri 1999 - 2006.
Vantar upplýsingar frá árinu 2002 fyrir Skjaldþingsstaði.



Tafla 2. Heildarúrkoma á ári: 1999-2006.

Heimild: Veðurstofan.


Meðalhiti í hverjum mánuði árið 2006 á Skjaldþingsstöðum, í Reykjavík og á Akureyri.



Tafla 3. Meðalhitastig árið 2006 í hverjum mánuði.



Heimild: Veðurstofan.

Heildarúrkoma í hverjum mánuði árið 2006 á Skjaldþingsstöðum, í Reykjavík og á Akureyri.





Tafla 4. Meðalúrkoma árið 2006 í hverjum mánuði.



Heimild: Veðurstofan.



Tafla 5. Skjaldþingstaðir, tíðni vindátta 1994-2003, allir mánuðir. Heimild: Veðurstofan.



Tafla 6. Skjaldþingstaðir, tíðni vindáttta 1994-2003, vetrarmán. okt-mars. Heimild: Veðurstofan.



Tafla 7. Skjaldþingstaðir, tíðni vindátta 1994-2003, sumarmán. apríl-sept. Heimild: Veðurstofan.

2.2 Forsendur byggðarinnar

2.2.1 Saga byggðar og þróun

Kolbeinstangi hefur verið verslunarstaður frá formu fari enda hafnarskilyrði góð. Segja má að þorp hafi myndast á Kolbeinstanga undir lok 19. aldar. Útræði var tölувert á Vopnafirði seint á 19. öld og komu menn víða að til þess að sækja þaðan sjó.

Við landnám eru taldir þrír landnámsmenn í Vopnafirði: Eyvindur vopni og Hróaldur bjólan sem voru fóstbræður og Lýtingur Ásbjarnarson. Nafn fjarðarins er dregið af viðurnefni Eyvindar sem nam Hofsárdal og hluta Vesturárdals austan megin og bjó hann á Syðri-vík sem mun hafa heitið Krossavík innri. Hróaldur nam Selárdal, hluta Vesturárdals og norðurströnd fjarðarins. Hann bjó fyrst á Hróaldsstöðum í Selárdal en síðar á Torfastöðum í Vesturárdal. Lýtingur nam austurströnd fjarðarins og bjó sér bú á Krossavík ytri. Nefna má bróðurson Eyvindar vopna, Steinbjörn kört Refsson, sem má telja fjórða landnámsmanninn þar sem hann settist að á Hofi eftir að Eyvindur frændi hans gaf honum land milli Hofsár og Vesturdalsár. Loks kom Þorsteinn hvíti Ölvesson frá Noregi og keypti hann land af Eyvindi og síðar Steinbirni. Hann bjó lengstum á Hofi.

Héraðsvöld og goðavalld skiptist í upphafi milli Hofverja og Krossvíkinga. Sameiginlegur þingstaður var í Sunnudal en í heiðni var Goðahof á Hofi og efldi það héraðsvöld Hofverja. Brodd-Helgi sonarsonur Þorsteins hvíta fær Höllu systur Geitis Lýtingssonar en skildi við hana og ósætti varð vegna fjárskipta þeirra. Fer svo að Geitir vegur Helga á Sunnudalsþingi en sættir takast við Víga-Bjarna son Helga. Víga-Bjarni rýfur sættirnar að áeggjan stjúpu sinnar og vegur Geiti. Mun hann hafa iðrast vígsins. Leiddi þetta til fjandskapar milli Bjarna og Porkels Geitissonar sem endaði með orrustu milli þeirra í Böðvarsdal. Særðist þar Porkell og greru sár hans illa. Sendi þá Bjarni honum lækni sem læknaði sár hans og það ásamt milligöngu Jórunnar, konu Porkels, varð til þess að sættir tókust og flutti Porkell á endanum til Bjarna að Hofi þar sem hann bjó til dauðadags. Porkell átti aðeins eina dóttur sem fluttist burt og eftir að hann fluttist sjálfur að Hofi færðust öll völd til Hofverja.

Vopnfirðingasaga segir um Porkel Geitisson að hann hafi verið hreystimenni og fylginn sér en Hofverjar hafi ekki verið spakir að viti þó flest hafi vel til tekist. Forræði Hofverja nær til 1122 í beinan karlegg en þá koma til sögunnar Valþjófstaðamenn sem raunar bjuggu löngum á Hofi og tengdust Hofverjum. Er svo allt til loka þjóðveldisins en Austfirðingafjórðungur gaf ekki eftir sjálfsforræði sitt fyrr en 1264, tveimur árum síðar en aðrir landsfjórðungar. Eftir það eru heimildir stopular og stór hluti sögunnar óþekktur.

Vitað er að erlendir kaupmenn sigldu til Vopnafjarðar fyrr á öldum en á einokunartímanum var Vopnafjörður einn af þremur verslunarstöðum á Austurlandi. Þegar verslun var gefin frjáls 1787 hófu ýmsir aðilar að versla á Vopnafirði en 1814 hafði Ørum & Wulff komið sér fyrir og rak upp frá því umsvifamikla verslun í meira en öld.

Árið 1918 var Kaupfélag Vopnfirðinga stofnað og rak þar verslun allt til ársins 2004 jafnframt öðrum atvinnurekstri á staðnum. Kaupfélagið rak slátur- og frystihús, bifreiðaverkstæði og trésmiðju ásamt því að vera hluthafi í fyrirtækjum. Árið 2004 var fyrirtækið lýst gjaldþrota og eignarhald fyrirtækja fór annað.


Í Vopnafirði hefur löngum verið stundaður þróttmikill landbúnaður. Stærstu svæðin og jafnframt þau frjósomstu eru í Hofsárdal en einnig eru nokkur bú með ströndum Vopnafjarðar svo og í Selárdal og Vesturárdal. Áður var búið víða um sveitirnar og jafnvel á heiðunum upp af firðinum en mörg býli fóru í eyði á liðinni öld. Mest er um sauðfjárrækt og skilarétt er við Hofsá neðan við Teig. Einnig var nokkur mjólkurframleiðsla á svæðinu. Stofnað var mjólkursamlag 1963 sem sá um mjólkurframleiðslu fyrir Vopnafjörð, Bakkafjörð og Þórshöfn en einnig var þar smjörgerð og frumframleiðsla á ostum. Með upppaupum MS á mjólkursamlaginu árið 2005 var því lokað í júní 2006. Öll mjólk af svæðinu er nú ekið til Egilsstaða með mjólkurbíl. Hrossaeign er talsverð í Vopnafirði og þar er starfandi hestamannafélagið Glófaxi.

Sjávarútvegur hefur spilað stórt hlutverk í mannlífi Vopnafjarðar. Tölувert útræði var þar seinni hluta 19. aldar og komu menn víða að til að sækja sjóinn þaðan. Með vélbátaútgerð upp úr aldarmótunum 1900 jókst enn sjósókn frá Vopnafirði en nokkuð háði það þessari atvinnugrein hvað hafnarskilyrði voru slök frá náttúrunnar hendi. Það batnaði þó með tilkomu varnargarðs upp úr miðri síðustu öld og á síðast liðnum árum hefur enn verið unnið að því að bæta skilyrðin með m.a. nýjum brimgarði milli Mið- og Skiphólma. Mikil umsvif voru í síldarsöltun á síldarárunum á 6. og 7. áratugnum og báta- og togaraútgerð hefur verið stunduð þaðan seinni hluta aldarinnar.

Heimasíða Vopnafjarðarhrepps

2.2.2 Íbúaþróun


Vopnafjarðarhreppur er sveitarfélag með um 720 íbúa, um 560 búa í kauptúninu og um 160 í dreifbýlinu. Atvinnulíf er nokkuð fjölbreytt miðað við stærð sveitarfélagsins. Fiskveiðar og fiskverkun eru aðalatvinnugreinarnar, en einnig er þar margvíslegur iðnaður og þjónusta. Landbúnaður er blómlegur í sveitunum. Vopnafjörður nýtur enn í dag góðra fiskimiða en er auk þess eitthvert besta landbúnaðarhérað á Austfjörðum. Einnig gegnir Vopnafjörður mikilvægu þjónustuhlutverki á Vopnafjarðar- og Bakkaflóasvæðinu.



Tafla 8. Þróun íbúafjölda frá 1997-2006.


Heimild: Hagstofan.

Íbúaföldinn nær hámarki árið 1997, samtals 847 íbúar. Í desember árið 2003 voru íbúarnir 741, í desember árið 2004 voru þeir 732, í desember árið 2005, 725 og í desember árið 2006, 712.




Tafla 9. Þróun fólksfjölda frá 1997-2006.

Heimild: Hagstofan.



Tafla 10. Búferlaflutningar frá 2000-mars 2007.

Heimild: Hagstofan.



Tafla 11. Búferlaflutningar eftir kyni frá 2000-mars 2007.

Heimild: Hagstofan.

Sá áhrifaþáttur sem stýrt hefur fólksfjölda hvað mest á Vopnafirði seinustu öldina er:

- a) Atvinnutækifæri í fiskvinnslu og sjósókn, en með aukinni atvinnu hefur fólksfjöldi að mestu viðhaldist.

Aðrir mikilvægir áhrifaþættir sem gætu haft áhrif á fólksfjölda á skipulagstímanum eru:

- a) Gerð jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs.
b) Tryggar samgöngur á milli byggðarlagra.
c) Uppbygging hafnarsvæðisins.

Erfitt er að segja til um framtíðarfólksfjölgunina á Vopnafirði en þróun fólksfjölda á landsbyggðinni hefur almennt verið neikvæð á síðustu árum.

Í skýrslu Byggðastofnunar, *Áhrif samgöngubóta á byggðabréun*, kemur fram:

„Það má ætla að það geti styrkt byggð í viðkomandi landshlutum ef fámennari staðir tengjast þjónustukjörnum með bættum samgöngum. Það er þó ekki þar með sagt að íbúum þessara minni staða fjlölgí í kjölfarið því óvissa er um þróun atvinnulífs o.fl. Að hafa betri aðgang að þeirri þjónustu sem fólk gerir kröfur um í dag og í sumum tilvikum staekkun atvinnusvæða með fjölbreyttara atvinnulífi, bætir þó búsetuskilyrðin og gæti t.d. gert þessa staði að meira aðlaðandi búsetuvalkosti fyrir ungt fólk í framtíðinni. Segja má að góðar samgöngur geti verið forsenda þess að bæta búsetuskilyrðin og þar með renna stoðum undir jákvæða íbúaþróun á viðkomandi svæði.


Hægt er að hugsa sér að samgöngubætur geti haft ýmis jákvæð áhrif á gæði tiltekins staðar til búsetu þrátt fyrir að slíkt skili sér ekki endilega í auknum íbúafjölda. Þannig má t.d. nefna augljóst hagræði af því að tilheyra stærra atvinnu- og þjónustusvæði þar sem um það er að ræða. Sem dæmi má taka að ef markmið samgöngubóta eru að koma í veg fyrir vetrareinangrun tiltekinnar sjávarbyggðar er það nokkuð augljóslega til þess fallið að bæta búsetuskilyrði á staðnum en áhrif að íbúafjölda staðarins verða e.t.v. ekki merkjanleg. Eins og dæmin sanna er margt annað en vetrareinangrun sem getur höggið skörð í þau samfélög sem byggja afkomu sína að mestu leyti á sjávarútvegi. Þá er fyrst átt við atvinnulífið og heimildir til þess að fá að veiða fiskinn í sjónum en það er frumforsenda afkomu og búsetu að hafa næga og trygga atvinnu.”

2.2.3 Aldursskipting

Íbúum Vopnafjarðar fjölgaði fram á miðjan 9. áratuginn en hefur síðan fækkað, í raun má segja að ekki hafi verið ýkja miklar breytingar á íbúafjölda á þessu tímabili.


Aðfluttir voru fleiri en brottfluttir í nokkur ár upp úr 1971 en frá því um 1980 hefur dæmið snúist við og hefur brottflutningurinn aukist ár frá ári undanfarið.

Merkja má áhrif brottflutningsins í samsetningu mannfjöldans. Þannig vantar í nokkra árganga, sérstaklega frá 20 til 39 ára.



Tafla 12. Aldursskiptingu karla og kvenna, 1. desember 2006.

Heimild: Hagstofan.



Tafla 13. Aldursskipting miðað við landið allt 2006.

Heimild: Hagstofan.

2.2.4 Núverandi íbúðarhúsnæði - húsnæði og landnotkun

Á Vopnafirði eru 324 íbúðir og íbúðarherbergi skráðar á árinu 2004. Íbúar voru þá 732 og meðalfjöldi á íbúð var 2,26 íbúar. Nýleg íbúðarhús eru flest einbýlishús í Holtahverfi byggð á seinni hluta síðustu aldar. Í framtíðinni er æskilegt að byggja minni íbúðir, þar sem fjölskyldustærð fer minnkandi.

Gögn um fasteignaverð á Vopnafirði eru ekki til hjá Fasteignamatí ríkisins. Ætla má að göng frá Vopnafirði til Héraðs muni hafa talsverð áhrif á fasteignaverð á Vopnafirði til hækunar. Hugsanlegt er að eftirspurn eftir fasteignum muni aukast eitthvað við að búsetuskilyrði á staðnum batni með tilkomu jarðganga sem og aukna uppbyggingu á hafnsækinni starfsemi.

Töluleg gögn um fasteignir fyrir Vopnafjarðarhrepp
Fasteignamat ríkisins, febrúar 2004

Tegund	Fj. matshl.	Stærð	Lóðarhl.mat	Húsmat	Samt. Mat
Útihús	6	3.044,3	413	41.730	42.143
Einbýlishús	189	25.851,3	101.613	883.945	985.558
Sérbýlishús	11	1.354,1	5.657	48.958	54.615
Fjölbýlishús	48	3.529,2	5.738	95.670	101.408
Bílskúr/skúr	87	3.505,8	1.264	55.230	56.494
Verslunar og skrifst.	8	1639,7	5.491	36.150	41.641
Iðnaðarhúsnæði	35	10.597,3	20.985	185.496	206.481
Vörugeymsla	13	4.651,7	1.737	71.050	72.787
Sérhaefð eign	75	15.991,7	37.733	319.083	356.816
Útihús	434	22.159,7	0	135.649	135.649
Einbýlishús	66	9.018,7	2.315	143.652	145.967
Sérbýlishús	1	82,2	14	1.477	1.491
Fjölbýlishús	9	1.027,6	0	15.625	15.625
Bílskúr/skúr	6	663,8	0	3.631	3.631
Sumarhús	12	430,3	1.278	11.829	13.107
Iðnaðarhúsnæði	1	57,7	0	1.233	1.233
Vörugeymsla	1	50,5	15	1.151	1.166
Sérhaefð eign	12	1.176,6	145	29.931	30.076
Hlunnindi	96		0	258431	258431
Ræktun	66		0	59941	59941

Lóðir					
Svfn	Byggð	Tegund	Fjöldi	Stærð	Lóðarmat

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 - Greinargerð

7502	01	Annað land	4	92.650,0	m ²	738
7502	01	Iðnaðar og athafnalóð	4	7.946,0	ha	2.608
7502	01	Iðnaðar og athafnalóð	30	63.798,8	m ²	39.145
7502	01	Opið svæði	1	820,0	m ²	622
7502	01	Ræktunarland	1	0,0		0
7502	01	Ræktunarland	36	43,0	ha	1.315
7502	01	Ræktunarland	2	33.060,0	m ²	95
7502	01	Viðskipta og þjón.lóð	2	0,0		0
7502	01	Viðskipta og þjón.lóð	19	27.059,1	m ²	20.697
7502	01	Íbúðarhúsalóð	7	38.119,0	ha	3.473
7502	01	Íbúðarhúsalóð	208	152.846,5	m ²	116.722
7502	02	Annað land	2	49,0	ha	278
7502	02	Annað land	1	0,0	m ²	0
7502	02	Eyðijörð	15	0,0		1.046
7502	02	Eyðijörð	2	0,0	m ²	562
7502	02	Eyðijörð, nytjað	4	0,0		502
7502	02	Eyðijörð, nytjað	1	0,0	m ²	57
7502	02	Jörð í byggð	21	0,0		4.385
7502	02	Jörð í byggð	30	0,0	m ²	5.278
7502	02	Nytjað	4	0,0		2.852
7502	02	Nýbýli, í byggð	5	0,0		867
7502	02	Nýbýli, í byggð	3	0,0	m ²	363
7502	02	Ræktunarland	1	14,0	ha	84
7502	02	Sumarbústaðaland	7	15.760,0	m ²	1.278
7502	02	Viðskipta og þjón.lóð	3	0.0	ha	134
7502	02	Viðskipta og þjón.lóð	1	1000.0	m ²	60
7502	02	Íbúðarhúsalóð	11	161075.0	m ²	2281

Tafla 14. Samtölur úr fasteignaskrá 2004.

Fasteignamat ríkisins.

2.2.5 Svæði fyrir þjónustustofnanir

2.2.5.1 Skólar

Farkennsla í Vopnafjarðarkaupþúni hófst veturninn 1894 og í Vopnafjarðarskólahéraði 1896. Föst kennsla hófst síðan í húsinu Bergi og í Miklagarði 1898-1899. Árið 1906 var Gamli Barnaskólinn tekinn í notkun. Árið 1947 hófst kennsla við heimavistarskólinn á Torfastöðum en fram að því hafði verið farkennsla í sveitinni. Vopnafjarðarskóli var síðan tekinn í notkun 1967. Kennsla á Torfastöðum var lögð af 1986 en síðustu árin sem heimavist var þar, voru nemendur keyrðir út á Tanga í skóla. Heimanakstur hefur því verið í gangi síðan.

Stórt skref var svo stigið þegar íþróttahúsið var tekið í notkun 1988. Þegar Vopnafjarðarskóli var tekinn í notkun 1967 var af mörgum talið að um of stóra byggingu væri að ræða enda stórt stökk frá gamla skólanum. Ekki leið þó á löngu þar til þörf var á breytingu á henni til að fá betri nýtingu þar sem meiri kröfur voru gerðar til

skólahalds og síðan hafa margar breytingar verið gerðar til að mæta breyttum áherslum. Á 8. áratugnum var farið að tala um stækkan skólans og síðan hafa allar skólanefndir verið með þetta í sínum samþykktum enda hefur skólinn verið starfræktur á tveimur til þremur stöðum til fjölda ára. Tveimur elstu bekkjum var t.d. kennt í Miklagarði í nokkur ár og heimilisfræði var ávallt kennd þar. Árið 1992 var hluti Austurborgar keyptur og síðar leigð stofa 1994 þar til að koma á einsetningu sem verið hefur síðan við erfiðar aðstæður. Í júníbyrjun 1998 tóku börn fædd 1994 fyrstu skóflustunguna að nýbyggingu skólans og var stefnt á að taka hana í notkun haustið 2000 þegar þau hæfu sitt nám. Þessi börn hófu síðan sitt nám eins og áætlað var í nýju byggingunni eins og lagt var upp með. Sjá nánar kafla 3.3.3.1.

2.2.5.2 Heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Austurlands, HSA, hóf starfsemi sína í janúar árið 1999. Innan HSA starfa allar heilsugæslustöðvar frá Bakkafirði að norðan til Djúpavogs að sunnan ásamt hjúkrunarheimilinu Sundabúð á Vopnafirði, sjúkrahúsunum á Egilsstöðum og Seyðisfirði og Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Heilbrigðisstofnun Austurlands heyrir undir heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið.

2.2.6 Próun verslunar og þjónustu

Miklar breytingar eiga sér stað um þessar mundir hjá ýmsum verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem eru með starfsemi víða um land. Mikilvægt er að Vopnfirðingar hafi frumkvæði í því að leita leiða til að styrkja áframhaldandi rekstur hinna ýmsu þjónustueininga sem til staðar eru á Vopnafirði. Þá er nauðsynlegt að verslunarstarfsemi á Vopnafirði verði efla t.d. með auknu samstarfi.

Ljóst er að með bættum samgöngum er aukin möguleiki á að sækja þjónustu og verslun utan sveitarfélagsins.



Mynd 4 . Grásleppuvertíð

Jón Sigurðsson.

2.2.7 Atvinnulíf

Breyting á samsetningu vinnumarkaðarins á Vopnafirði er mjög áþeppk því sem sjá má á svipuðum stöðum víða um land. Hlutfallslegur samdráttur hefur orðið í landbúnaði og fiskvinnslu en aukning í þjónustu á móti. Ársverkum í fiskveiðum hefur fjölgað hlutfallslega frá lágpunkti árið 2000 en er þó samt 20% lægra en var árið 1998.

Á Vopnafirði er eins góð aðstaða og frekast verður á kosið í leikskóla-, grunnskóla- og tónlistarskólum og þjónusta við aldraða er mjög góð. Vopnafjörður er sveitarfélag sem nýtur þess að vera með atvinnulíf sem tengist báðum grunn atvinnugreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi, þannig að ekki þarf eingöngu að treysta á fiskvinnslu og hafnsækna starfsemi, enda þótt hún sé veigamikill þáttur í atvinnu Vopnfirðinga. Á Vopnafirði var rekið mjólkursamlag til vors 2006. Þar er nú sláturhús og alhliða þjónusta við landbúnað og sjávarútveg.

Taflan hér á næstu síðu sýnir fjölda starfandi eftir aðalstarfi í Vopnafjarðarhreppi 1998 - 2003 (Tekið er mið af októbermánuði hvers árs).

Heiti	Fjöldi					
	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt	43	31	33	35	37	32
Fiskveiðar	54	38	30	36	45	45
Iðnaður	164	160	147	152	147	132
þar af fiskvinnsla	90	93	87	90	90	72
Veitur	3	3	3	3	3	3
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	16	15	20	15	13	16
Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	36	42	38	38	34	35
Hótel- og veitingahúsarekstur	11	14	10	6	5	3
Samgöngur og flutningar	17	18	23	19	16	15
Fjármálapjónusta, lífeyrissjóðir og vátryggingar	8	8	6	6	6	5
Fasteignaviðskipti, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	6	9	9	7	6	6
Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	10	10	11	15	15	15
Fræðslustarfsemi	17	18	20	25	27	28
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	46	52	55	47	55	65
Önnur samfélagsþjónusta, félagastarfsemi, menningarstarfsemi o.fl.	13	14	14	18	16	21
Ótilgreind starfsemi	2	2		1		2

Tafla 15. Fjöldi starfandi eftir aðalstarfi 1998-2003.

Heimild: Byggðastofnun.

2.2.7.1 Ársverk

Breyting á samsetningu vinnumarkaðarins á Vopnafirði er mjög áþekk því sem sjá má á svipuðum stöðum víða um land. Hlutfallslegur samdráttur hefur orðið í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu en aukning í þjónustu á móti.

Þjónusta ýmiskonar, opinber stjórnsýsla, fræðsla og smásoluverslun eru þær greinar sem skapa mestan fjölda ársverka á Vopnafirði. Heildarfjöldi starfandi einstaklinga fækkaði úr 536 árið 1998 í 495 árið 2003 eða um 41 starfandi sem er 8 %.

2.2.7.2 Landbúnaður

Í Vopnafirði hefur löngum verið stundaður þróttmikill landbúnaður. Stærstu svæðin og jafnframt þau frjósomstu eru í Hofsárdal en einnig eru nokkur bú með ströndum Vopnafjarðar svo og í Selárdal og Vesturárdal. Áður var búið víða um sveitirnar og jafnvel á heiðunum upp af firðinum en mörg býli fóru í eyði á liðinni öld. Mest er um sauðfjárrækt og skilarétt er við Hofsá neðan við Teig. Einnig var nokkur mjólkurframleiðsla á svæðinu. Árið 1963 var stofnað mjólkursamlag sem sá um mjólkurframleiðslu fyrir Vopnafjörð, Bakkafjörð og Þórshöfn. Þar var einnig smjörgerð og frumframleiðsla á ostum. Með upppaupum MS á mjólkursamlaginu árið 2005 var því lokað í júní 2006. Allri mjólk af svæðinu er nú ekið til Egilsstaða með mjólkurbíl. Hrossaeign er talsverð í Vopnafirði og þar er starfandi hestamannafélagið Glófaxi.

2.2.7.3 Fiskvinnsla og fiskveiðar – hafnarmannsvirkni

Sjávarútvegur hefur spilað stórt hlutverk í mannlífi Vopnafjarðar. Töluvert útræði var þar seinni hluta 19. aldar og komu menn víða að til að sækja sjóinn þaðan. Með vélbátaútgerð upp úr aldarmótunum 1900 jókst enn sjósókn frá Vopnafirði en nokkuð háði það þessari atvinnugrein hvað hafnarskilyrði voru slök frá náttúrunnar hendi. Það batnaði þó með tilkomu varnargarðs upp úr miðri öld. Mikil umsvif voru í síldarsöltun á síldarárunum á 6. og 7. áratugnum og báta- og togaraútgerð hefur verið stunduð þaðan seinni hluta aldarinnar. Stærsta fyrirtækið var Tangi hf., sem rak umfangsmikla útgerð og fiskverkun og því kjölfesta í atvinnulífi staðarins. Nýlega var fyrirtækið sameinað HB Granda og ber nafn þess. Fyrirtækið gerir út togara og fjölveiðiskip og sérhæfir sig í vinnslu uppsjáfarfisks á Vopnafirði. Góð aðstaða er fyrir trillur og aðra smábáta og er smábátaútgerð nokkur. Hafnarskilyrði eru orðin góð með bættri innsiglingu og grjótvarnargörðum og er nú unnið markvisst að stækkan viðlegurýmis, til þess að bæta viðleguskilyrði í höfninni. Mesta dýpi við höfnina er 10 metrar miðað við stórstraumsfjöru.

2.2.7.4 Athafnastarfsemi

Athafnarstarfsemi, í sveitarfélagitnu, önnur en fiskvinnsla er nokkur. Á Vopnafirði er sláturhús og alhliða þjónusta við landbúnað og sjávarútveg. Einnig er þar rekin steypustöð, bifreiða-, dekkja-, véla-, trésmíða-, neta-, og rafmagnsverkstæði.

2.2.7.5 Mannaflí

Gert er ráð fyrir 1-1,5% íbúafjölgun á ári í Vopnafjarðarhreppi. Miðað við 1% fjölgun á ári verður íbúafjöldinn 878 árið 2026 og miðað við 1,5% fjölgun verður íbúafjöldinn 952.

2.2.8 Samgöngur

Tvær akleiðir eru á milli Fljótsdalshéraðs og Vopnafjarðar. Önnur liggur um Möðrudalsöræfi og Vopnafjarðarheiði og er nú um 135 kílómetrar. Hin leiðin liggur um Hellisheiði og er um 92 kílómetrar. Vegurinn yfir Hellisheiði er skilgreindur sem sumarvegur og má reikna með að hann sé akfær frá því í maí og fram í október. Tímabilið 1994 - 1998 var Hellisheiðin að meðaltali lokað 161 dag á ári. Á sama tímabili var Vopnafjarðarheiði lokað 25 daga á ári og Möðrudalsöræfi 19 daga á ári að meðaltali (Jarðgangaskýrsla 2000: 14). Sex fastir mokstursdagar eru á Vopnafjarðarheiði, Möðrudals- og Mývatnsöræfum. Bæði Möðrudalsöræfin og Hellisheiði liggja hæst í um og yfir 700 metra hæð.

Lokið er við framkvæmdir á um 33 km vegkafla, s.k. Háreksstaðaleið, á milli Langadals og Ármótasesls, á heiðinni inn af Vopnafirði. Þá er einnig lokið við lagningu um 8 km vegspotta frá Háreksstaðarveginum og út að Brunahvammi, á Vopnafjarðarheiðinni. Þessar framkvæmdir lækka hæstu toppa yfir heiðina um allt að 100 metra svo og hefur leiðin á milli Vopnafjarðar og Héraðs stytts um u.þ.b. 40 kílómetra. Vegurinn á milli Vopnafjarðar og Héraðs um Vopnafjarðarheiði þ.a.l. um 135 km langur. Leiðin er nokkru snjóléttari en fyrri leið auk þess sem vegþjónustan hefur batnað. Þá er á árabilinu 2007 til 2010, á langtímaáætlun Vegagerðarinnar, gert ráð fyrir uppbyggingu vegarins um Vopnafjarðarheiði og niður í Vopnafjörð. Að þeim framkvæmdum loknum má fyrst segja að ásættanlegt vefsamband sé komið um þessa leið.

Leiðin milli Vopnafjarðar og Egilsstaða um Hellisheiði er 92 km löng. Þar er ekki um vetrarleið að ræða. Um göngin yrði leiðin 84 km. Búast má við að áhrif þessara ganga verði aðallega þau að sérhæfð verslun og þjónusta á Egilsstöðum mun verða aðgengilegri fyrir íbúa í Vopnafirði, Bakkafirði og Þórshöfn. Væntanlega myndi þetta styrkja svæðið sem heild. Samtals er íbúafjöldi þessa áhrifasvæðis um 3700. Vera kann að ákveðinn tilflutningur verði á þjónustusókn þessara íbúa frá Akureyri til Egilsstaða.

Búast má við að sérhæfð verslun og þjónusta á Vopnafirði eigi erfiðara uppdráttar vegna þess að fjarlægðarvernd minnkar.

Vegalengd milli Vopnafjarðar og Mið-Austurlands er innan þeirra marka sem gefin eru upp fyrir stærð þjónustusvæðis fyrir snjólétt svæði en Bakkafjörður er utan þeirra. Gera má ráð fyrir að ferðaþjónusta í Vopnafirði og hugsanlega með ströndinni í norður frá Vopnafirði muni njóta góðs af bættum samgöngum yfir til Héraðs og ná í aukinn hluta af þeim ferðamannastrumi sem kemur inn á Austurland.


Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs eru á vissan hátt sambærileg hvað varðar áhrif á staekkun þjónustusvæðis og áhrif Siglufjarðarganga verða, enda þótt vegalengd milli Ólafsfjarðar og Akureyrar sé heldur styttri en milli Vopnafjarðar og Egilsstaða eftir jarðgöng.

Ljóst er að í heildina myndu áhrif jarðganga vera byltingarkennd í ýmsu tilliti og nægir þar að nefna samgönguöryggi allan ársins hring. Návist við góðan flugvöll og þar af leiðandi góðar samgöngur til höfuðborgarinnar, skólamálum og fjölmörgum öðrum samskiptum milli þessara svæða. Með göngum er talið að Vopnfirðingar hitti Egilsstaðabúa 60 % oftar heldur en í dag.

Tekjur á Vopnafirði voru 1,4% undir landsmeðaltali árið 1997 en voru 14% undir landsmeðaltali árið 1981. Bættar samgöngur milli Vopnafjarðar og Norður-Héraðs gætu skapað möguleika á tekjuhækkun fyrir hluta íbúa Norður-Héraðs sem næst eru samgöngubótunum ef þeir eiga möguleika á að sækja sér störf á Vopnafirði annað hvort eingöngu eða til viðbótar við störf við landbúnað.

Á myndinni að neðan af sveitarfélögum á áhrifasvæði Hellisheiðarganga má sjá að yfirleitt duga tekjur fyrir rekstri og fjárfestingum en ekki greiðslubyrði lána en aðeins á Norður-Héraði duga tekjur fyrir öllum útgjöldum. Það er ekki loka fyrir það skotið að samrekstur í einhverjum málaflokkum geti átt sér stað milli Vopnafjarðarhrepps og Norður-Héraðs sökum styttingar vegalengdar milli þessara sveitarfélaga. Það gæti hugsanlega styrkt fjárhagsstöðu þessara sveitarfélaga. Tafla þessi var unnin fyrir sameiningu sveitarfélaga á Fljótsdalshéraði.

Tekjur og útgöld sveitarfélaga á áhrifavæði jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs 1999.



Tafla 16. Áhrifavæði jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs 1999. Heimild Árbók sveitarfélaga.

Helsta breyting vegna þessara jarðganga á samfélag og lífsgæði verður sú að fyrir íbúa Vopnafjarðar og Skeggjastaðahrepps aukast tengsl við Mið-Austurland mikið, svo og samskipti milli svæðanna. Í auknum lífsgæðum felst m.a. að þjónusta og verslun á Egilsstöðum verður aðgengileg þeim allt árið. Auk þess verður gott aðgengi að góðum flugvelli og framhaldsskólum gott.

Vopnafjörður hefur verið talsvert einangraður, a.m.k. yfir veturinn og mun þjónustusókn vera talsverð til Akureyrar, en líklegt er að hún muni minnka með göngum og þjónustusókn til Mið-Austurlands að aukast í staðinn. Þá er vert að hafa í huga að göng yfir til Fljótsdalshéraðs hafa áhrif á framtíð flugs til Vopnafjarðar þar sem Egilsstaðaflugvöllur verður innan ásættanlegrar akstursfjarlægðar eða 84 km.

Í samgönguáætlun 2003-2014 segir m.a.: „Samgöngukerfinu er ætlað að uppfylla þarfir þjóðarinnar fyrir alla fólks- og vörufloymi, fiskveiðar og vinnslu. Í víðasta skilningi eru því öll mannvirki sem nota má til þessara flutninga hluti af samgöngukerfinu. Í vinnu við samgönguáætlun er mikilvægt að draga sérstaklega fram þau mannvirki sem mestu skipta fyrir heildina og sem mynda eðlilegt samfellt samgöngukerfi um land allt. Þetta grunnkerfi samgangna er hér nefnt grunnnet:

- Með grunnnetinu er burðarkerfi samgangna skilgreint. Það er þýðingarmesti hluti samgöngukerfisins, sem tengir stærri byggðarlög landsins og myndar eina heild.
- Umferðin er mest á grunnnetinu og því mikilvægt að það njóti forgangs við uppbyggingu miðað við setta staðla og öryggiskröfur.
- Líta ber á grunnnetið sem landskerfi er gagnast landsmönnum öllum.

Miðað er við að allir byggðarkjarnar með u.þ.b. 100 íbúa eða fleiri tengist grunnnetinu. Einnig er grunnnetið látið ná til þeirra mannvirkja sem gert er ráð fyrir að mikilvægust verði fyrir fiskveiðar, ferðamennsku og fyrir flutninga að og frá landinu. Grunnnetið gengur í gegnum alla þéttbýlisstaði á landinu og helstu samgönguæðar á stærstu þéttbýlissvæðunum teljast til netsins.”

Heimild: Samgönguáætlun 2003-2014



Mynd 5. Hellisheiði - Héraðsmegin.

Jóna B. Júlíusdóttir.

2.2.9 Mælingar og eldri skipulög

Aðalskipulag Vopnafjarðar 1980-2000 var staðfest af ráðherra þann 30. nóvember 1984. Í skipulaginu er gert ráð fyrir því að þróun byggðar haldi áfram með um 2% fólksfjölgun á ári. Áætlað er að byggðin stækki til vesturs ofan Vígdísarkletts, Andrésarkletts og Háahrauns.

Staðfesti skipulagsuppdrátturinn frá 1980, undirskrifaður í félagsmálaráðuneytinu af Alexander Stefánssyni hinn 30. nóvember 1984, hefur verið grundvöllur skipulags á Vopnafirði og hefur því haft mikil áhrif á uppbyggingu þéttbýlisins.



Mynd 6. Uppdráttur af gildandi skipulagi frá árinu 1980.

2.2.10 Breytingar á gildandi aðalskipulagi frá upphaflegri staðfestingu

1. Breyting á aðalskipulagi vegna byggingar brimvarnargarðs var samþykkt í maí 2003. Staðfest af umhverfisráðherra 22. maí 2003. Auglýst 10. júní 2003 í B-deild stjórnartíðinda.
2. Breyting á staðfestu aðalskipulagi: Verslunarhlóð færist og iðnaðarsvæði stækkar, ný verslunarhlóð. Samþykkt 2. feb 1995. Staðfest af Skipulagsstjórn ríkisins 15. feb 1995.
3. Breyting á staðfestu aðalskipulagi þannig að fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði sunnan þjóðvegar er flutt um breidd sína til norð-vesturs. Iðnaðarsvæði er minnkað og íbúðarsvæði stækkað sem þessu nemur. Samþykkt 27. okt 1993. Staðfest af Skipulagsstjórn ríkisins 8. des 1993.
4. Breytingar á staðfestu aðalskipulagi þannig að hafnarsvæðið stækkar með auknum fyllingum og viðlegurými eykst. Staðfest 2006.

2.2.11 Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi eru:

1. *Frístundabyggð*: Svæðin í tillögunni eru þrjú en gert er ráð fyrir aukningu á eftirspurn eftir frístundalóðum á skipulagstímabilinu. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð á jörðinni Þorbrandsstöðum í Hofsárdal, sem áður var landbúnaðarsvæði. Annarsvegar er gert ráð fyrir svæði við Merkistún sem áður var skilgreint sem íbúðarsvæði og þriðja svæðið er skammt sunnan þéttbýlisins sem áður var skilgreint sem landbúnaðarsvæði.
2. *Íbúðarbyggð*: Gert er ráð fyrir þéttingu byggðar á áður byggðum svæðum v/Kolbeinsgötu, v/Skálanesgötu og í Holtahverfi, auk þess sem gert er ráð fyrir nýju svæði vestan og austan kirkjugarðs (blönduð landnotkun).
3. *Landbúnaðarsvæði*: Þar sem ekki er gert ráð fyrir landbúnaði í þéttbýlinu annars staðar en við Leiðarhöfn er gerð breyting á landnotkuninni og fallið frá landbúnaði á stærstum hluta Kolbeinstanga.
4. *Opin svæði til sérstakra nota*: Breytingar eru gerðar á opnum svæðum til sérstakra nota þar sem þeim er gefið aukið vægi á kostnað m.a. íbúðarsvæðis til síðari aukningar. Svæðið umlykur byggðina og myndar "kraga" sem nær frá útvistarsvæði í norðurenda Kolbeinstanga og suður að flugvelli.
5. *Athafnasvæði*: Umtalsverð stækkun er á þessum landflokkji þar sem gert er ráð fyrir að talsvert svæði frá Búðaröxl og vestur undir Skógalón verði skilgreint sem athafnasvæði. Hluti svæðisins var áður skilgreindur sem iðnaðarsvæði. Einnig er gert ráð fyrir athafnasvæði ofan og við hafnarsvæðið.

6. *Iðnaðarsvæði:* Ekki er gert ráð fyrir sérstöku iðnaðarsvæðum í skipulaginu öðru en svæðum undir spenni-, veitu-, endurvarpstöð og kaldavatnsthanga og er það breyting frá gildandi skipulagi (sjá lið nr. 5).
7. *Hafnarsvæði:* Í tillögunni er gert ráð fyrir umtalsverðri stækkun hafnarsvæðisins (uppfyllingu) og aukinni viðlegu fyrir skip.
8. *Samgöngur:* Í tillögunni er fallið frá veltengingu frá Kolbeinsgötu og upp Hamrahlíð. Gert er ráð fyrir nýrri aðkomutengingu í þéttbýlið, norðan Hafnargötu um Vesturárdalsleið ef sú leið verður valin.

3 AÐALSKIPULAG 2006 - 2026

3.1 Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar

3.1.1 Almennt

Við skipulagið er núverandi byggð lögð til grundvallar og leitað leiða til að vinna á hagkvæman og uppbyggjandi hátt út frá því sem fyrir er. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að nóg framboð sé af byggingarhæfum lóðum á skipulagstímabilinu fyrir íbúðir, atvinnurekstur og þjónustu sem og svæðum fyrir frístundabyggð. Einnig er tekin afstaða til þróunar byggðar í lengri framtíð. Lögð er sérstök áhersla á bættar samgöngur, uppbyggingu og aðgengi hafnarsvæða, umhverfismál, útvist, ferðaþjónustu og umferðaráryggi.

3.1.2 Meginþættir aðalskipulagsins

Leitast er við að skapa áhugavert og framsækið sveitarfélag sem státar af heilsteypu þéttbýli og einstakri umhverfismeðvitund. Til þess að svo megi verða þarf að skýra hver sé æskileg nýting hvers meginsvæðis í þéttbýlinu í heild og einstakra svæða í sveitarféluginu. Í framhaldi af því þarf annars vegar að gera skýrar umgengis-, vinnu- og notkunarreglur og áætlanir fyrir heildina og hins vegar að "ljúka" svæðum og þannig þetta byggð í þéttbýlinu. Með þessu má ná hámarksnýtingu á fjárfestingum sveitarfélagsins s.s. í lögnum, götum o.s.frv. og skapa ný sóknarfæri í atvinnuþróun, sérstaklega á sviði ferðaþjónustu og hafnsækinnar starfsemi.

3.1.3 Framkvæmd skipulags og endurskoðun

Í kafla 1.2.7 um aðalskipulag eru taldir upp helstu þættir varðandi samþykkt aðalskipulags, gildistíma og endurskoðun. Auk reglubundinnar endurskoðunar getur reynst nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi og er þá um tvær leiðir að velja.

Ef um meiriháttar breytingu er að ræða þarf að auglýsa hana á sama hátt og um nýtt aðalskipulag væri að ræða.

Í skipulagsreglugerð nr 400/1998 segir:

„Nú telur sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á aðalskipulagi er séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar samkvæmt 6. kafla skipulagsreglugerðar og skal þá sveitarstjórn senda rökstudda tillögu um breytinguna til Skipulagsstofnunar.

Tillögunni skal fylgja yfirlýsing um að sveitarstjórn taki að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunni að verða fyrir við breytinguna. Skipulagsstofnun skal senda tillöguna áfram til ráðherra ásamt umsögn sinni innan viku frá því að tillagan barst henni. Fallist ráðherra á tillöguna skal sveitarstjórn auglýsa hana með áberandi hætti. Komi ekki fram athugasemdir innan þriggja vikna frá auglýsingu skoðast tillagan samþykkt. Komi fram athugasemdir við auglýsta tillögu skal fara fram ein umræða um þær í sveitarstjórn.

Afgreiðsla sveitarstjórnar skal send ráðherra til staðfestingar. Fallist ráðherra á breytinguna skal hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Um gildistöku óverulegrar breytingar á aðalskipulagi fer samkvæmt gr. 6.4."

Innan marka aðalskipulags þarf að jafnaði að gera deiliskipulag er kveður nánar á um tilhögun á einstökum lóðum.

3.2 Landnotkun – sveitarfélagsuppdráttur

3.2.1 Sveitarfélagsmörk

Vopnafjarðarhreppur er í Norður-Múlasýslu (mynd 6). Vopnafjarðarhérað skiptist í þrjá dali, Hofsárdal í suðri, Vesturárdal og Selárdal í norðri. Í suðaustri gnæfa Krossavíkurfjöll og Smjörfjöll og eru þau um 1.200 m há. Í norðri og vestri eru lægri heiðar og fjöll. Tilkumumest eru Syðri- og Ytri-Hágangur og Mælifell. Í botni fjarðarins er nesið Kolbeinstangi þar sem þéttbýlið Vopnafjörður stendur.



Mynd 7. Sveitarfélagsmörk Vopnafjarðarhrepps.

RALA.

3.2.2 Opin svæði til sérstakra nota

Fjölbreyttir möguleikar til útvistar eru fyrir hendi í Vopnafjarðarhreppi.

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með útvistargildi á einn eða annan hátt. Stærstur hluti Kolbeinstanga er skilgreindur sem *opið svæði til sérstakra nota* í tillögunni. Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir því, að opnu svæðin sem umlykja byggðina myndi samfellda heild og að auðvelt sé að tengja þau saman með gönguleiðum/útvistarstígum og gróðurbeltum.

Einnig er gert ráð fyrir opnu svæði til sérstakra nota á Hofi en þar er kirkja og kirkjugarður er þjónar aðallega dreifsbýlinu. Sjá nánar kafla 3.3.13

3.2.3 Óbyggð svæði

Mörk óbyggðra svæða innan sveitarfélagsins eru öll landsvæði ofan 300 m.y.s. Þau svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði. Innan þessarar landnotkunar er leyfð staðsetning neyðarskýla og gangnamannakofa að fengnu leyfi sveitarfélagsins.

Lögð verði áhersla á sjálfbæra þróun landsins þ.e.a.s. að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.

Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey er svæði á náttúruminjaskrá en jafnfram skilgreindur sem óbyggt svæði. Það er á náttúruminjaskrá vegna fagurs fjalllendis með dalverpum og litríkri strönd þar sem finna athyglisverður gróður.

3.2.4 Landbúnaður

Landsvæðið utan þéttbýlisins á Vopnafirði er skilgreint sem *landbúnaðarsvæði*.

Mjög blómlegur landbúnaður er í sveitarféluginu og er þar rekin öflug sauðfjárrækt. Hofsárdalur og Vesturárdalur þykja mjög hentugir til landbúnaðarstarfsemi og eru margir blómlegir bæir í dölunum tveimur.

Ekki er gert ráð fyrir breytingu á skilgreiningu á landbúnaðarsvæðum í sveitarféluginu í tillögunni annarri en þeirri að stærstur hluti Kolbeinstanga verði hlíft fyrir ágangi búfjár og breytt í *svæði til sérstakra nota*. Einnig er jörðin Þorbrandsstaðir skilgreind sem svæði undir *frístundabyggð*.

Leyfilegt er að byggja allt að 2 frístundahús á lögbýlum.

Almenn ferðaþjónusta til sveita er leyfð á bújörðum. Ný/við-byggingar eða breytingar á nýtingu húsa og landrýmis skal bera undir sveitarstjórn samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997.

Nokkrar reið- og gönguleiðir eru um landbúnaðarsvæði sveitarfélagsins og er lögð áhersla á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu.

Lögð verði áhersla á sjálfbæra þróun landsins þ.e.a.s að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki. Slík umhverfismeðvitund mun efla samfélagið og auka möguleika í ferðaþjónustu.

Skógræktarverkefni á bújörðum skal bera undir sveitarstjórn til samþykkis.

Það er markmið sveitarstjórnar að Vopnafjörður verði í fremstu röð landbúnaðarsvæða þar sem framþróun grundvallist á framsækni, samstöðu, þekkingu og frjórri búmenningu.

Til þess að svo verði er lagt til:

- 1 *að efla framboð fræðslu á sviði landbúnaðar, í samstarfi við stofnanir á því sviði*
- 2 *að gert verði átak á sviði umhverfismála, með flokkun úrgangs, bótum í frárennslismálum og hvatningu til lífrænna búskaparháttar*
- 3 *að aukin verði þátttaka bænda í skógræktarverkefni*
- 4 *að leitað verði leiða til að halda og auka mjólkurkvóta á svæðinu, með aðstoð ráðgefandi stofnunum,*
- 5 *að byggja upp þróunarstarf á sviði matvælaframleiðslu og loðdýrarækt,*
- 6 *að grænmetisræktun verði aukin, með stuðningi við framtak einstaklinga,*
- 7 *að kannaðir verði möguleikar á ferskvatnseldi og veiðum og vinnslu vatnasilungs.*

Sjá nánar 2.2.7.2

3.2.5 Svæði fyrir frístundabyggð


Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, þ.e. sumarhús, veiðihús og samsvarandi byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu. Til frístundahúsa teljast einnig fjallaskálar, gangnamannaskálar og neyðarskýli.

Gæta skal umhverfissjónarmiða við skipulagningu á nýjum frístundabyggðarhverfum.

Nú eru frístundahús á mörgum jörðum í sveitarfélginu, veiðihús eru við Hofsá, Vesturárdalsá og Selá og neyðarskýli við Brunahvammsháls.

Ekki er gert ráð fyrir skipulagðri frístundabyggð í dreifbýlinu annarri en við Þorbrandsstaði en gert er ráð fyrir að byggja megi allt að tvö frístundahús á hverri jörð.

Við Þorbrandsstaði liggja fyrir drög að deiliskipulagi og verði því ferli lokið áður en til framkvæmda kemur.



Mynd 8. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði við Þorbrandsstaði.

Teikn á lofti.

3.2.6 Vötn, ár og sjór

Selárdalur er vestastur dala í Vopnafirði. Dalurinn er um 30 km langur og nær inn að Mælifelli. Dalurinn er grunnur, afmarkaður af lágum ásum og heiðum en um hann rennur Selá sem er rómuð laxveiðiá. Hún kemur úr Dimmafjallgarði en í hana renna margar kvíslar á leið hennar til strandar. Áin hefur grafið gil sem er grunnt yst í dalnum en dýpkar og verður mikilfenglegra eftir því sem innar dregur í dalinn. Selárfoss er um

7 km frá ósi árinnar en skammt neðan hans fannst jarðhiti. Þar hafa Vopnfirðingar byggt sundlaug sína á bökkum árinnar ofan í gilinu. Selárdalur er vel gróinn og Selá og gljúfur hennar mjög fögur náttúrusmíð. Ágætur vegur er inn fyrir sundlaugina en eftir það sæmilegur slóði sem versnar eftir því sem innar dregur og er mest notaður af veiðimönum.



Mynd 9. Laxveiðimenn í Selá.

Helgi Þorsteinsson.

Hofsá er önnur fræg laxveiðiá. Áin er meðal eftirsóttustu og bestu laxveiðiáa landsins en einnig góð silungsveiðiá. Í hana rennur Sunnudalsá sem á upptök sín á Smjörvatnsheiði og er vatnsmikil fram eftir sumri. Umhverfi Hofsár er stórkostlegt. Hofsárdalur, sem áin rennur um, þrengist er innar dregur og nefnist þá Fosshalur og innst í honum eru falleg gljúfur sem Hofsá hefur grafið. Meðalveiði Hofsár og Sunnudalsár síðustu 10 ár er 1027 laxar.

Vesturdalsá í Vesturárdal kemur úr Arnarvatni og er fremur vatnslítill á sem rennur í salt lón, Nýpslón. Mikil bleikjuveiði er í ánni vegna þessa. Meðalveiði síðustu 10 ára er 224 laxar. Einnig er fjöldi silungsveiðivatna á heiðunum kringum Vopnafjörð.

Í skipulagsreglugerð 400/1998 segir í kafla 4.15 m.a.:

„Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulingu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.”

3.2.7 Samgöngur

Samgöngumannvirki og samgöngukerfi eru meðal mikilvægustu grunnþátta í nútímasamfélagi og forsenda framfara. Lögð er áhersla á samgöngumannvirki sem stytt geta sem mest ferðir á milli Vopnafjarðar og Mið-Austurlands.

Fjármagn til framkvæmda í vegagerð er ákvarðað af Alþingi og einstök verkefni koma fram í svonefnri vegáætlun. Vegáætlun nær til fjögurra ára. Hún er endurskoðuð annað hvort ár og er þá tveimur nýjum árum bætt við. Þá hefur Alþingi einnig samþykkt svonefnnda langtímaáætlun í vegagerð, sem nær yfir þrjú vegáætlunartímabil eða 12 ár.


Samgönguáætlun fyrir árin 2003 – 2014 var afgreidd frá Alþingi í mars 2003.

Áætlunartímanum er skipt niður í þrjú fjögurra ára tímabil. Helstu framkvæmdum í grunnneti er raðað á tímabil. Röðun framkvæmda á fyrsta tímabili fer fram við gerð fjögurra ára áætlunar samgönguáætlunar.

Á vegáætlun árið 2006 og á öðru tímabili samgönguáætlunar 2007-2010 er gert ráð fyrir tengingu Vopnafjarðar við Hringveg með framkvæmdum á Norðausturvegi frá Brunahvammi til Vopnafjarðar. Áætlað er í áætluninni að hefja framkvæmdir 2006 og var stefnt að því að undirbúningi framkvæmda geti að hluta til verið lokið árið 2005. Ljóst er að þessar framkvæmdir hefjast ekki fyrr en 2007 – 2008.

Til athugunar eru þrír meginkostir; 1) Hofsárdalsleið, 2) Vesturárdalsleið og 3) Vesturárdalsleið um Hofsháls. Vegagerðin fékk verkfræðistofuna VSÓ Ráðgjöf til að meta kosti og galla þessara þriggja leiða og var niðurstaðan sú að leiðirnar hafa mismunandi kosti og galla, og það var engin ein leið sem var greinilega betri en aðrar leiðir. En þegar litið er til þess hversu oft leiðirnar voru taldar bestar af þessum þremur og betri eða sambærilegar en a.m.k. önnur leiðin og hversu oft leið fékk lægstu einkunn af leiðunum er *leið 3 um Vesturárdal* talin ákjósanlegasta leiðin til að tengja Vopnafjörð við Hringveginn.” Nánari útlistun á umhverfisáhrifum má sjá í umhverfisskýrslu aðalskipulags Vopnafjarðar, kafla 3.

Framkvæmdaraðili er Vegagerðin og ber hún ábyrgð á mati á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar. Matsáætlun fyrir framkvæmdina er unnin skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Mynd 10. Tillögur Vegagerðarinnar.

Vegagerðin.

3.2.7.1 Jarðgöng milli Vopnafjarðar/Bakkafjarðar og Fljótsdalshéraðs


Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Fljótsdalshéraðs munu valda því að Vopnafjörður verður ekki lengur sú endastöð sem hann hefur verið yfir veturinn og mun staðurinn verða innan ásættanlegrar vegalengdar frá Mið-Austurlandi með tilliti til þjónustusóknar allan ársins hring. Enda þótt notendur sem hafa ávinning af göngunum séu ekki margir mun tímasparnaður og þar með lækkun ferðakostnaðar verða veruleg. Auk þess verður ekki lengur um fjallvegi að fara og öryggi því verulega bætt í vetrarferðum. Vopnafjörður og Bakkafjörður munu tilheyra þjónustusvæði Mið-Austurlands í ríkari mæli og mun það e.t.v. valda aukinni samkeppni við heimaþjónustu þar. Svæðið norðan Hellisheiðar eystri mun færast frekar inn á ferðamannasvæði Austurlands. Of langt er þó á milli Vopnafjarðar og Egilsstaða til þess að staðirnir nái saman sem atvinnusvæði. Göng um Hellisheiði munu bæta þjónustustig og ýmis lífsskilyrði í hreppunum norðan Hellisheiðar.

Nokkrar jarðgangaleiðir hafa verið skoðaðar milli þessara byggðarlaga. Þar er bæði um að ræða tiltölulega stutt göng gegnum fjallið Búr og lengri göng milli Böðvarsdals og Jökulsárhliðar. Í báðum tilvikum er um nokkrar leiðir að ræða. Jarðfræðilegar aðstæður eru erfiðar um Búrið og jarðgangagerð því dýrari. Stystu göng yrðu um 2 km á lengd, en þá yrði einnig farið með veg í 400 m.y.s. yfir svonefnnda Fönn. Álittlegra gæti verið að fara í 350–400 m.y.s. í jarðgöngum milli Seldals og Ketilsstaða eða Frökkudals og Torfastaða, en göng á þeim stöðum yrðu um 4 km á lengd. Oftast hefur þó verið miðað við 6,3 km löng jarðgöng úr 100 m.y.s. í Frökkudal og sömu hæð ofan við Torfastaði. Heildarkostnaður við þau göng ásamt 300 m löngum forskálum og um 9 km af nýjum vegum er áætlaður 3–3,5 milljarðar.

Leiðin milli Vopnafjarðarkauptúns og Egilsstaða um Hellisheiði er 92 km löng. Þar er ekki um vetrarleið að ræða. Um göngin yrði leiðin 84 km.

Eftir að Vopnafjarðarleið hefur verið tengd til frambúðar hringvegi um Háreksstaðaleið, verða um 135 km á milli sömu staða. Sá vegur á að teljast öruggur heilsársvegur milli byggða.

Helsta breyting vegna þessara jarðganga á samfélag og lífsgæði verður sú að fyrir



Hæð Vopnafjörður = 100 til 140 m y.s.

Hæð Hérað = 100 m y.s.

Göng = 6,3 km
Vegir = 8,7 km
Lengd alls = 15,0 km



íbúa Vopnafjarðar og Langanesbyggðar aukast tengsl við Hérað mikið, svo og samskipti milli svæðanna. Í auknum lífsgæðum felst m.a. að þjónusta og verslun á Egilsstöðum verður aðgengileg þeim allt árið.

Vopnafjörður/Bakkafjörður hefur verið talsvert einangraður, a.m.k. yfir veturinn og mun þjónustusókn vera talsverð til Akureyrar, en líklegt er að hún muni minnka með göngum og þjónustusókn til

Egilsstaða að aukast í staðinn. Þá er vert að hafa í huga að göng yfir til Norður-Héraðs kunna að hafa áhrif á framtíð flugs til Vopnafjarðar þar sem Egilsstaðaflugvöllur verður innan ásættanlegrar akstursfjarlægðar. Á móti verður aðgengi gott að Egilsstaðaflugvelli sem býður upp á margar ferðir á dag til Reykjavíkur. Gott aðgengi til höfuðborgarinnar er nauðsynlegt hverju byggðarlagi og beinlínis eitt af megin markmiðum samgönguáætlunar.

8 km stytting í suður frá Vopnafirði.	Er	Verður	Stytting í %
<i>Vopnafjörður – Egilsstaðir</i>	135	84	37%
<i>Bakkafjörður – Egilsstaðir</i>	168	117	31%
<i>Vopnafjörður – Reyðarfjörður</i>	166	115	31%

Tafla 17. Göng milli Vopnafjarðar og Héraðs, stytting nokkurra vegalengda miðað við Háreksstaðaleið.

Heimild: Byggðastofnun.

3.2.8 Veitur - almennt um veitukerfi

Mikilvægt er að veitukerfi nýtist íbúum sveitarfélagsins og atvinnustarfsemi á hagkvæman hátt. Næg og örugg raforka verður tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf. Nægt vatn til neyslu og hitunar verður tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf. Séð verður til þess að mengun af fráveitum verði eins lítil og kostur er og verði innan viðmiðunarmarka mengunarreglugerðar.

3.2.8.1 Vatnsveita

Vatnsveita Vopnafjarðar þjónar u.þ.b 600 íbúum og atvinnustarfsemi, sem er mest fiskvinnsla.

Vatn er tekið úr lindum í Svínabakkahlaupi í hlíðum austurfjalla Vopnafjarðar fyrir ofan Rauðhóla í u. þ. b 200 m.y.s. Þaðan liggar aðveituæð úr 6" plasti þvert yfir dalinn í miðlunartank ofan við bæinn í 55 m.y.s. Flutningsgeta lagnarinnar er u.þ.b 30 l/s og langoftast er nægilegt vatn í lindunum og rennur þá úr tönkum á yfirfalli allan

sólarhringinn. Í slæmum vatnsárum getur rennsli úr lindunum farið niður í 12-15 l/s seinni hluta vetrar og þá er gripið til þess ráðs að dæla inn á veiturnar úr gömlum borholum í eyrum Vesturdalsá, sem gefa 8-9 l/s.

Eldra vatnsból sem notað er til vara er í landi Torfastaða, næri landamerkjum Torfastaða og Ljótsstaða en þar eru tvær borholur.

3.2.8.2 Hitaveita

Engin hitaveita er í þéttbýlinu á Vopnafirði né annars staðar í sveitarféluginu þar sem ekki hefur fundist nægilega heitt vatn. Boraðar hafa verið hitastigulsholur m.a. í Selárdal í þeim tilgangi að finna nýtanlegt vatn án nægjanlegs árangurs.

Heitt vatn kemur upp úr heitri laug við Selárdalssundlaug en á seinni árum hefur verið reynt að auka vatnsmagnið með borun nokkrum sinnum með fremur litlum árangri. Laugin var byggð sumarið 1949.

3.2.8.3 Rafmagn

Vopnafjarðarhreppur er á rafhitunarsvæði þar sem húsnæði er undantekningarlítið hitað upp með rafmagni. Vararafstöð er í þéttbýlinu, staðsett nálægt HB Granda hf.

3.2.8.4 Póstur, sími, fjarskipti

Póstferðir hófust um 1850 frá Ketilsstöðum á Völlum að Skeggjastöðum, líklega ein ferð á ári, en um 1884 hófust reglulegar póstferðir milli Vopnafjarðar og Þingeyjarsýslu. Póstþjónusta er á Vopnafirði og gott símasamband um landlinur. Farsímasamband er í þéttbýlinu og að hluta norðan þess en annars ekkert. ADSL internet þjónusta er í sveitarféluginu.

3.2.9 Svæði undir náttúruvá.

Engin þekkt svæði í Vopnafjarðahreppi eru undir náttúruvá og svæðið ekki á þekktu jarðskjálftasvæði. Sjá nánar kafla 3.3.17.

3.2.10 Efnistaka – Efnislosun

Lögð verði áhersla á góða umgengni á efnistöku og efnislosunarsvæðum og að svæðum sem fullnýtt eru verði lokað með uppgræðslu.

Hér á eftir eru taldar upp nokkrar námur sem nú þegar eru í notkun og áætlaðir efnistökumöguleikar þeirra á skipulagstímabilinu 2006-2026. Einnig eru tilgreindar tvær eldri námur fyrir losun lífræns úrgangs sem þegar eru frágengnar.

Nr.	Stærð (ha)	Svæði	Lýsing
E1	5,5	Náma Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga - grjótnám.	Grjót sótt þangað í bringarð. Um það bil 150.000 m ³ ónytjað.
E2	2,2	Náma í landi Fremri-Nýpa við Skógalón.	Aðallega fyllingarefni og ekki vitað um magn mögulegrar heildarefnistöku en úr henni hafa verið nýtt 3 – 5000 m ³ árlega síðustu ár.
E3	3,3	Grjótnáma á Kolbeinstanga	Eldri náma, frágengin. Möguleg nýting til hafnargerðar.
E4		Losunarsvæði við sláturhúsið	Gamalt losunarsvæði lífræns úrgangs. Frágengið.
E5		Svæði norðan við Búðaröxl	Gamalt losunarsvæði lífræns úrgangs. Frágengið.
E6	10	Náma Ytri-Nýpur, neðan útihúsa og norðan þjóðvegar.	Möl og steypumöl. Um það bil 5000 m ³ ónytjað.
E7	12,5	Náma við Hvammsgerði.	Þangað sækir Vegagerð efni auk þess hefur hreppurinn nýtt námuna í slitlag vega, jöfnunarlag og almennt vegviðhald.
E8	24	Náma Krossavík, neðan þjóðvegar.	Eyjólfur Sigurðsson, Steiney, notar hana auk þess hefur hreppur nýtt hana á sl. árum. Notkun hefur verið um 3000 m ³ árlega.

Tafla 18. Efnistöku- efnislosunarstaðir í Vopnafjarðarhreppi

Sjá staðsetningar náma sem taldar eru upp í texta hér að ofan á þéttbýlis- og sveitarfélagsuppdrætti.

Tekið skal fram að allar framkvæmdir við námur og efnislosun verði unnar í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um nám jarðefna. Samkvæmt breytingu á þeim lögum frá 14.júní 2006 er efnistaka óheimil eftir 1. júlí 2008, nema að fengnu

framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997, á þeim svæðum þar sem efnistaka á landi og af eða úr hafslotni innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999 og eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við um efnistökuna:

- a) áætluð er stækkun efnistökusvæðis um 25.000 m² eða meira,
- b) áætluð efnistaka eftir 1. júlí 2008 er 50.000 m³ eða meiri,
- c) áætluð er samanlöögð stækkun tveggja eða fleiri efnistökustaða vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði um 25.000 m² eða meira,
- d) efnistakan fer fram á verndarsvæði, sbr. iii. lið 2. tölul. 3. viðauka *laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000*, eða á svæði sem fyrirhugað er að verði friðlýst samkvæmt náttúruverndaráætlun sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Við veitingu framkvæmdaleyfis skv. 1. mgr. skal fylgja ákvæðum 48. og 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Ákvæði *laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000*, skulu gilda um efnistöku sem fellur undir 1. mgr. Eftir 1. júlí 2012 skal afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Eiganda eða umráðamanni eignarlands er þó heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Þó skal vakin athygli á því að með minni háttar efnistöku til eigin nota er ekki átt við efnistöku vegna uppbyggingar sumarhúsasvæða.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum 106/2000, 5. gr., viðauka 1 eru m.a. eftirtaldar framkvæmdir ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum:

Liður 21: Efnistaka þar sem áætluð efnistaka raskar 50.000m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri. Efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökustaður ná til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærri.

Undir þennan lið falla námurnar E1, E6, E7 og E8 þar sem þær raska 50.000 m² svæðis eða meira og eru því háðar mati á umhverfisáhrifum ef um fulla nýtingu er að ræða.

Ef notkun námu er hætt eða ekki fyrirhuguð í 3 ár eða lengur, skal ganga frá námunni með snyrtilegum hætti þannig að hún falli vel að landslaginu og ekki séu áberandi opin sár. Sveitarstjórn getur þó veitt undanþágu ef þörf þykir.

Á fundi yfirstjórnar Vegagerðarinnar þann 15. desember 2003 var samþykkt tillaga um gerð langtímaáætlunar fyrir frágang eldri efnistökusvæða.

Þessi ákvörðun var tekin í samræmi við ákvæði 49. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 en þar segir að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en þrjú ár nema með undanþágu frá Umhverfisstofnun. Í lögunum er einnig ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um frágang eldri efnistökusvæða.

Í langtímaáætluninni er mörkuð sú stefna Vegagerðarinnar að frágangi náma, sem ekki eru lengur í notkun, skuli lokið á fimmtán árum þ.e. á árunum 2004 – 2018. Þá er einnig gerð grein fyrir umfangi verkefnisins og áætlaður kostnaður við það. Umdæmi Vegagerðarinnar hafa gert ætlun um frágang ófrágenginna náma sem Vegagerðin hefur notað og talið er rétt að ganga frá á tímabili langtímaáætlunar. Upplýsingarnar eru skráðar í námuskrá Vegagerðarinnar þar sem fram kemur hvaða efnistökusvæði það eru sem Vegagerðin ber ábyrgð á frágangi og hver afstaða stofnunarinnar er til frágangs hverrar námu.

Alls er 3031 náma skráð í námukerfi Vegagerðarinnar. Þar af eru um 53% ófrágengnar eða samtals 1621 náma. Vegagerðin telst samkvæmt námuskránni vera að hluta til eða öllu leyti ábyrgð fyrir frágangi á 1103 nánum eða um 68% af öllum ófrágengnum nánum sem eru á skrá hjá Vegagerðinni. Taflan hér að neðan sýnir langtímaáætlun Vegagerðarinnar á frágangi efnisnáma í sveitarféluginu.

Norðaustursvæði										
Námuheiti	Gamla nánumur	Fastnr	Vegnr	Stöð	Svæði Vg	Gamla umdaemið	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Staða Frágangs	Aðrir réthafar en Vg
Náma við sundlaugarveg	9850611	20154	85	36_02758	Norðaustur	Austurl	Vopnafjh	Ytri-Nýpur	Hálfþrag	
Ásbrandsstadir	9851001	18433	85	40_02443	Norðaustur	Austurl	Vopnafjh	Ásbrandstadir 1	Hálfþrag	
Burðarvatn	9851201	18444	85	42_07167	Norðaustur	Austurl	Vopnafjh	Burstafell land	Hálfþrag	
Bæjaröxl	9851301	20167	85	43_00679	Norðaustur	Austurl	Vopnafjh	Foss	Hálfþrag	
Seluhús á Brunahvarfsmáhálsi	9851304	20168	85	43_03932	Norðaustur	Austurl	Vopnafjh	Burstafell land	Hálfþrag	
Banatorfur	9851305	18445	85	43_13172	Norðaustur	Austurl	Vopnafjh	Burstafell land	Ófrágeng	

Tafla 199. Langtímaáætlun Vegagerðarinnar á frágangi efnisnáma í sveitarféluginu. Heimild: Vegagerðin.

3.2.11 Sorpförgunarsvæði

Sorphaugar eru vestan við þéttbýlið á Kolbeinstanga. Gert er ráð fyrir að Vopnafjarðarhreppur fari í samstarf um sorpsamlag með nágrannasveitarfélögunum á skipulagstímabilinu. Sjá nánar kafla 3.3.11.

3.2.12 Náttúruverndarsvæði

Meðal landsvæða sem eru á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar sem „aðrar náttúruminjar“ eru:

- „Fuglabjarganes, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Strandlengja og fjörur við Fuglabjarganes í Vopnafirði, frá Litluá að Hámundarstöðum. (2) Fögur og fjölbreytt strönd, mikið fuglalíf.“
- Nýpslón og Skógalón, Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nýpsloni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.

3. Fagradalsfjöll og Kollumúli, Vopnafjarðarhreppi, Hlíðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. (2) Fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd. Athyglisverður gróður.



Mynd 12. Svæði á náttúruminjaskrá í sveitarfélagini.

Teikn á lofti.

Við deiliskipulagningu svæða verði gert ráð fyrir belti meðfram ám, vötnum og sjó, allt að 100 m breiðu, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útvist. Ekki eru nein friðlýst svæði, náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar eða fólkvangar í þéttbýlinu. Skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en ráðist er í framkvæmdir sem spillt geta svæðum á náttúruminjaskrá og svæða sem innihalda hugsanlegar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar.

3.2.13 Þjóðminjaverndarsvæði

Hof í Vopnafirði er fornt höfuðból og hefur búseta þar haldist óslitið frá landsnámsöld til dagsins í dag. Mikið er því af fornum minjum á landareigninni en engar fornleifarannsóknir hafa farið fram á Hofi. Áður en vegur var lagður fyrir ofan bæinn lágu traðir, allbreiðar, að utan og heim túnið fyrir sunnan bæjarhúsin og má ennþá sjá móta fyrir þeim. Á hægri hönd þegar komið er að utan og heim traðirnar er mjög stór, ferhyrnd girðing, um 20 faðma á annan veg en 12 á hinn. Veggir eru þykkir og fornlegir en túngarður og traðir mynda tvær hliðar. Stórar dyr eru á miðjum hliðarveggnum sem snýr að tröðunum. Hafa menn getið þess til að þetta sé forn hestarétt, jafnvel frá tíma Brodd-Helga sem sagt er frá í Vopnfirðingasögu. Tóftin hefur því ýmist verið kölluð Broddhelgarétt eða Hestarétt Broddhelga. Líklega fæst aldrei úr því skorið hvort Brodd-Helgi geymdi þarna hesta sína eður ei, en um það verður ekki deilt að sagan gefur tóftinni margfalt vægi.

Heimildir: Sigurður Vigfússon. Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1990 Árbók Fornleifafélagsins 1893.

Í skrá Fornleifanefndar um friðlýstar fornleifar í Vopnafjarðarhreppi, fyrstu útgáfu 1990 kemur eftirfarandi fram:

Hof. I)

- a. *Hoftóft, svo sem 150 föðmum beint upp frá kirkjunni.*
- b. *Forn ferhyrnd girðing, sem er á hægri hönd þegar riðið er heim traðirnar.*
- c. *"Skollahringur", er svo kallast, hringmynduð tóft fyrir ofan bæinn.*
- d. *Önnur girðing fornleg, sem er norðar og austar og liggur fast við hinn gamla túngarð. Sbr. Árb. 1893: 55-57. Skjal undirritað af MP 25.10.1930.*

Pinglýst 10.06.1931. II) *Fornar bæjartóftir á sljettum bletti við Sunnudalsá, undir grasbrekku, [þar sem eru beitarhús frá Hofi].* Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Pinglýst 15.03.1938.

Krossavík.

Túngarðsleifar fornar þar sem heitir enn Krumsholt, spölkorn fyrir utan bæinn. Sbr. Árb. 1893: 55. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Pinglýst 10.07.1931.

Sunnudalur.

Fornar búðaleifar á Sunnudalsþingstað. Sbr. Árb. 1893: 59. Skjal undirritað af MP 25.10.1930. Pinglýst 10.07.1931.

Bustarfell er torfbær sunnan undir samnefndu fjalli í Hofsárdal. Bærinn sómir sér vel undir hrikalegu klettabelti Bustarfellsins með yfirsýn yfir Hofsárdal. Torfbænum hefur verið vel við haldið og er í umsjá Þjóðminjasafns Íslands. Torfbærinn hýsir nú minjasafn sem opið er almenningu. Í bænum var búið til 1966 en hann hefur verið óðalssetur sömu ættar síðan um miðja 16. öld og á þeim tíma sýslumannssetur þrisvar. Þar sat meðal annars Björn Pétursson sýslumaður (1695-1720), afarmenni og skapmaður mikill. Hann mun hafa tekið það sem hugurinn girntist, með valdi ef það fékkst ekki með góðu. Sagt er að hann hafi tekið hollenska duggu, látið búta hana sundur og neytt skipsverja til að byggja Bustarfellsbæ úr viðnum. Bærinn sem nú stendur mun vera síðan um 1770 en hefur oft verið breytt síðan.



Mynd 13. Bustarfell.

Sigursteinn Baldursson.

Krumsholt er forn eyðibýli frá því fyrir 1300 og eru þar nú friðlýstar minjar. Merkt gönguleið er þangað frá áningarástað við Gljúfurá á austurströnd fjarðarins.

„Krumur og Þórgunna kona hans sem þar bjuggu, í tíð Porkels Geitissonar, fundu sveinbarn sem borið hafði verið út (systurson Porkels) og ólu það upp. Var hann nefndur Þorsteinn og er hann óx úr grasi varð hann heljarmenni hið mesta, sigldi til Noregs, barðist þar vasklega og drap m. a. fjölda trölla. Hann endaði að lokum líf sitt á Orminum langa með Ólafi helga Tryggvasoni.”

(Íslendingasögur, Þorsteins þáttur uxafóts). Sjá nánar í kafla 3.3.18.

3.2.14 Vatnsverndarsvæði vatnsbóla

Ofan bæjanna Svínabakka og Hrísa í Svínabakkafjalli eru brunn-, grann-, og fjarsvæði sem eru á vatnsverndarsvæði. Einnig eru eldri vatnsverndarsvæði sem notuð eru til vara í landi Torfastaða, nærrí landamerkjum Torfastaða og Ljótsstaða en þar eru tvær borholur.

Vatnsverndarflokkarnir eru eftirfarandi:

- I. flokkur. Brunnsvæði.
- II. flokkur. Grannsvæði.
- III. flokkur. Fjarsvæði.

Þessi svæði eru vernduð samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, sbr. breytingu með reglugerð nr. 533/2001, vegna takmarkandi landnotkunar og nýtingu á þessum svæðum.

Gert er ráð fyrir göngu- og akstursleið upp í Svínabakkahlaup en akstursleiðin er til að þjónusta vatnsbólínú en með takmörkuðum aðgangi. Leitast verður við að sneiða framhjá grann- og brunnsvæði vatnsveitunnar. Brunnsvæðin eru girt af.

3.2.15 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir strandverndarsvæði í botni Vopnafjarðar.

Stefnt er að verndun strandlengjunnar í botni Vopnafjarðar á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þegar nánari flokkun og úrvinnsla þar að lútandi hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlitið Austurlands. Sjá einnig kafla 3.3.19.



Mynd 14. Strandverndarsvæði í botni Vopnafjarðar-Krossvíkurfjöll.

Teikn á lofti.

3.3 Landnotkun – þéttbýlisuppráttur

3.3.1 Þéttbýli

Skilgreining þéttbýlis er þyrring húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra. Um er að ræða eitt þéttbýlissvæði í sveitarféluginu sem byggst hefur út frá Kaupfélagsbryggjuni á móts við Skiphólma.

Forsendur afmörkunar þéttbýlisuppráttar (mkv. 1:10.000) eru þær að skýrt yfirlit næst af þéttbýlissvæðinu, gönguleiðum, vatnsverndarsvæðum, efnistökusvæðum o.fl.

3.3.2 Íbúðarsvæði

Í landnotkunarflokknum „íbúðarsvæði“ er fyrst og fremst gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þó er gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að sé að finna þar til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði og þjónustustarfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð. Íbúðarsvæðin í Vopnafirði liggja nokkuð dreift. Markmið með þéttingu byggðar er að nýta óbyggð svæði á núverandi íbúðarsvæðisreitum. Víða eru opin svæði sem má nýta undir frekari byggð.

Þéttung byggðar þýðir fjölgun íbúa og/eða störfum á einstökum svæðum eða reitum innan núverandi byggðar. Með þéttingu byggðar verður hagkvæmari landnýting og nýting á grunnkerfum eins og veitukerfi og gatnakerfi sveitarfélagsins betri og einnig má stytta fjarlægðir á milli íbúa, atvinnusvæða og þjónustusvæða. Einnig er gert ráð fyrir bættum tengingum á milli svæða með yfirborðsfrágengnum göngustígum, að og frá skóla og að miðsvæði.

Í skipulagstillöggunni er gert ráð fyrir nýjum íbúðarsvæðum aðallega á norðanverðum Kolbeinstanga. Á svæðinu norðan við nýja veggengingu er gert ráð fyrir athafnasvæði með heimild til að byggja íbúðahúsnæði tengt athafnastarfseminni. Þar sem um framtíðar landnotkunarsvæði er að ræða, er gert ráð fyrir að svæðið geti uppfyllt þörfina fyrir hugsanlega stækkan á athafnastarfsemi í tengslum við hafnarsvæði, í bland við viðbótar íbúðabyggð.


Tveir aðrir reitir eru hafa skilgreininguna „blönduð landnotkun“.

- a) Reitur við Laxdalstún og Kolbeinsgötu en þar er gert ráð fyrir íbúðabyggð/þjónustustofnanir þar sem búið er í tveimur íbúðarhúsum á reitnum. Þannig gefst möguleiki á að stækka skólalóðina við leikskólann ef þörf krefur.
- b) Reitur við Fagrahjalla og Lónabraut en þar er gert ráð fyrir íbúðabyggð/þjónustustofnanir þar sem búið er í einu íbúðarhúsi á reitunum. Íbúðahúsnæðið er í eigu heilbrigðisstofnunarinnar og með þessari

skilgreiningu er möguleiki á stækkun eða samruna heilsugæslu/dvalarheimili við núverandi íbúðahúsnæði ef þörf krefur.

Helstu íbúðarsvæði til byggingar á skipulagstímabilinu eru:

- svæði í Holtahverfi 5800 m² nýtingarhlutfall 0.10 -0.20
- svæði við Kolbeinsgötu 9000m², nýtingarhlutfall 0.10 -0.20
- svæði við Skálanesgötu 6000 m², nýtingarhlutfall 0.10 -0.20
- svæði vestan kirkjugarðs 100.000m², nýtingarhlutfall 0.10 -0.20
- svæði norðan kirkjugarðs 115.000m², nýtingarhlutfall 0.10 -0.20
- þétt og endurnýjun byggðar.



Mynd 15. Fyrirhuguð ný íbúðarsvæði í þéttbýli.

Teikn á lofti.

3.3.3 Svæði fyrir þjónustustofnanir

Þjónustustofnanir hafa það hlutverk að veita almenningi samfélagsþjónustu á sviði heilbrigðis, menntunar/fræðslu, umönnunar, menningar, verndunar og upplýsinga. Þjónustustofnanir Vopnafjarðar eru margþættar og gegna fjölbreyttu hlutverki.

Helstu stofnanir á Vopnafirði og skrifstofur/fyrirtæki Vopnafjarðarhrepps eru:

Hreppsskrifstofur, leikskólinn Brekkubær, grunnskóli Vopnafjarðar, tónlistarskóli, Heilsugæslustöðin HSA, Sundabúð-dvalarheimili aldraðra, bókasafn, íþróttamiðstöð, hafnarskrifstofa, áhaldahús, slökkvistöð og félagsheimili Mikligarður.

Gert er ráð fyrir að fullnægjandi svæði sé til staðar á og við núverandi stofnanir fyrir alla staðkun á skipulagstímabilinu.

3.3.3.1 Skólar

Vopnafjarðarskóli er grunnskóli frá 1. til 10. bekk fyrir nemendur í öllu sveitarféluginu þar sem heimanakstur er fyrir börn í úr sveitinni. Í skólanum voru 114 nemendur veturinn 2004-2005 og 16 kennrarar. Prír nemendur eru frá Bakkafirði í 8.-10. bekk. Flestir hafa nemendur verið um 170 en fer fækkandi og voru 2006 rétt rúmlega 100. Vísir að öldungadeild var starfrækt í tengslum við Menntaskólann á Egilstöðum og skólaárið 1999-2000 var um að ræða hefðbundna kennslu í einum áfanga og kennslu með fjarnámssniði í tveimur áföngum. Nú er fjarnámsver starfrækt við skólann í tengslum við FS-netið svokallað og stunda margir Vopnfirðingar fjarnám með ýmsu sniði. Skólinn hefur verið einsetinn síðan 1994. Fyrst við fremur erfiðar aðstæður en með nýrri viðbyggingu og breytingum á eldra húsnaði er öll aðstaða orðin mjög góð. Tónlistarskólinn er einnig til húsa í nýbyggingunni auk bókasafns fyrir skólann og sveitarfélagið. Mötuneyti er í skólanum með heitan mat í hádeginu fyrir alla nemendur og starfsfólk þessara stofnana auk þess sem matseld fyrir börn og starfsfólk leikskólans Brekkubæjar fer einnig þar fram.

Sögupunktar:

- 1 Farkennsla hefst í Vopnafjarðarkauptúni veturinn 1894-1895.
- 2 Farkennsla hefst í Vopnafjarðarskólalahéraði veturinn 1896.
- 3 Föst kennsla hefst í húsinu Bergi, síðan í gamla Miklagarði veturinn 1898-1899.
- 4 Gamli barnaskólinn tekinn í notkun 1906.
- 5 Kennsla í Torfastaðarskóla hefst 1947.
- 6 Vopnafjarðarskóli tekinn í notkun 1967.
- 7 Kennsla lögð af á Torfastöðum 1986.
- 8 Íþróttahúsið tekið í notkun 1988.
- 9 Nýbygging við Vopnafjarðarskóla tekin í notkun 2000.



Mynd 16. Vopnafjarðarskóli

Jóhann Ísberg.

3.3.3.2 Heilsugæsla

Heilbrigðisstofnun Austurlands, HSA, hóf starfsemi sína í janúar árið 1999. Innan HSA starfa allar heilsugæslustöðvar frá Bakkafirði að norðan til Djúpavogs að sunnan ásamt hjúkrunarheimilinu Sundabúð á Vopnafirði, sjúkrahúsunum á Egilsstöðum og Seyðisfirði og Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Heilbrigðisstofnun Austurlands heyrir undir heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið.

Stofnunin starfar samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, með síðari breytingum, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, og í samræmi við reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða starfsemi hennar. Stofnunin þjónar einkum íbúum Austurlands. Í skipuriti stofnunarinnar eru fagsvið hennar skilgreind sem sjúkrasvið og heilsugæslusvið. Í samráði við ráðuneytið hyggst stofnunin hefja starfrækslu sérstaks heilsueflingarsviðs sem starfi að markmiðum íslenskrar heilbrigðisáætlunar.



Mynd 17. Heilsugæslan á Vopnafirði

Teikn á lofti.

3.3.3.3 Dýralæknir

Dýralæknabjónusta er á Vopnafirði frá árinu 2005 en var áður sótt til Egilsstaða en dýralæknir hefur setið þar frá 1946.

3.3.3.4 Dvalarheimili aldraðra

Íbúar Vopnafjarðarhrepps sækja öldrunarþjónustu á Vopnafirði en HSA rekur slíka þjónustu í hjúkrunarheimilinu Sundabúð.

3.3.3.5 Dagvistun - leikskólar

Leikskólinn Brekkubær að Lónabraut 15 er á fallegum stað í bænum gengt grunnskólanum. Hann var tekinn í notkun 1. des 1991 en fyrir þann tíma var leikskólinn í húsnæði sem ekki var sérhannað fyrir starfsemina. Lóð skólans er stór og vel tækjum búin.



Mynd 18. Leikskólinn Brekkubær.

Jóhann Ísberg.

Tvær deildir voru reknar fyrsta árið og 1992 var síðan bætt við einni deild. Fyrir hádegi eru nú tvær deildir fyrir yngri og eldri börn en eftir hádegi er blönduð deild. Í leikskólanum voru 46 börn veturinn 1999-2000 og 11 konur sáu um gæsluna, 2 í fullum störfum en hinar í 25%-80% störfum. Í leikskólanum er unnið eftir frjálsum leik- og valkerfi. Við leikskólann er starfandi foreldrafélag sem vinnur með starfsfólki. Boðið er upp á marga möguleika á vistun barna, 4, 5, 6 og 9 tíma vist ásamt möguleika á vistun á tilteknum dögum. Hugmyndin er; góð og sveigjanleg þjónusta fyrir foreldra og börn. Tekið er m.a. við eins árs börnum og gott er að komast að þar sem biðlisti er enginn. Leikskólinn opnar kl. 7:45 á morgnana og lokar kl. 17:15 en opið er í hádeginu og fá börn þá mat. Á sumrin er einnig gæsluvöllur fyrir 2-6 ára börn frá kl. 13-17 virka daga á lóð leikskólans og er hann opinн allt sumarið.

3.3.3.6 Félagastarfsemi

Félagsheimilið Mikligarður var tekið í notkun 1953. Hefur það þjónað æ síðan sem samkomu- og fundarhús en var líka notað sem íþróttahús fram til 1988 þegar nýtt íþróttahús var byggt. Í Miklagarði höfðu Lions- og Kiwanisklúbbar fundi sína til langstíma og þar var starfrækt leikfélag. Núverandi starfsemi er meðal annars sagnakvöld og bókmenntahátíð ásamt dansleikjum og öðrum samkomum. Fermingardeildur og ársháttíðir eru oft haldnar í húsinu. Í Miklagarði er fundaraðstaða hreppsins og þar eru allir fundir haldnir. Komið hefur verið fyrir í húsinu fjarfundarbúnaði og er hann til dæmis notaður til fullorðinsfræðslu sem fer þar fram. Í húsinu eru tveir salir og getur aðalsalurinn rúmað um 400 manns á dansleik en um 250 manns í sæti. Minni salurinn er um 50 m², og er tilvalinn til fundarhalda fyrir minni hópa. Í húsinu er eldhús og bar. Forstöðumaður er Ingibjörn Sigurjónsson. Sjá kafla 2.2.5.3.



Mynd 19. Félagsheimilið Miðgarður.

Jóhann Ísberg.

3.3.3.7 Kirkja og kirkjugarður

Hofskirkja er í Hofsprestakalli í Múlaprófastsdæmi. Hof er bær, kirkjustaður og prestssetur í Hofsárdal í Vopnafirði. Þar var allraheilagrakirkja í kaþólskum sið. Útkirkja er á Vopnafirði frá 1905. Fyrrum var útkirkja á Refsstöð en hún var lögð af 1812. Kirkjan, sem nú stendur að Hofi, var byggð 1901 úr járnvorðu timbri. Yfirsmiður var Brynjúlfur Brynjólfsson. Kirkjugarður er á Hofi er þjónar aðallega dreifbýlinu. Ekki er talin þörf á stækkun kirkjugarðsins og að hann nýtist út skipulagstímann.



Mynd 20. Hofskirkja í Vopnafirði.

Hannes Björnsson.

Vopnafjarðarkirkja er í Hofsprestakalli í Múlaprófastsdæmi. Hún var byggð á árunum 1901-1903. Hún er vegleg timburbygging sem tekur 250 manns í sæti. Þar er altaristafla eftir Jóhannes Kjarval, *Frelsarinn talar til fólksins*. Kirkjunni er þjónað frá Hofi.

Kirkjugarður er í norður hluta þéttbýlisins. Gert er ráð fyrir stækkan kirkjugarðsins til norðurs en stærð núverandi garðs er u.þ.b. 4.200 m² en eftir stækkan yrði hann u.þ.b. 14.000 m².



Mynd 21. Kirkjugarður í péttbylinu.

Teikn á lofti.

Hofsprestakalli er skipt í tvær sóknir og þjónar samtals 757 íbúum. Sóknarpresturinn er sr. Stefán Már Gunnlaugsson, Hofi, sem kosinn var til starfans árið 2005.

Hofssókn, íbúafjöldi 177, formaður Haraldur Jónsson.

Vopnafjarðarsókn, íbúafjöldi 579, formaður Tryggvi Gunnarsson.



Mynd 22. Vopnafjarðarkirkja og safnaðarheimili.

Ólafur B. Valgeirsson.

3.3.3.8 Opinber stjórnun, löggæsla

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður löggreglunnar í landinu. Ríkislöggreglustjóri fer með málefni löggreglunnar í umboði hans. Landinu er skipt í löggregluumdæmi sem fara

saman við skiptingu þess í stjórnsýsluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, nema í Reykjavík, þar sem lögreglustjórn er í höndum sérstaks lögreglustjóra.

Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði nær frá Gunnólfsvíkurfjalli í norðri suður á Dalatanga. Það spannar allt Hérað og nær inn á Vatnajökul hvar umdæmamörk eru óviss. Umdæmið er 13.066. ferkílómetrar. Þéttbýlisstaðir umdæmisins eru sem hér segir: Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Vopnafjörður, Fellabær, Borgarfjörður, Bakkafjörður. Kárahnjúkar eru innan umdæmis og samtals íbúafjöldi er u.þ.b. 5000.

Einn lögreglumaður er staðsettur á Vopnafirði, sem sinnir sveitarféluginu ásamt Skeggjastaðahreppi. Nýlegt húsnæði er á staðnum og aðstaða öll góð.

3.3.3.9 Áhaldahús-Slökkvilið

Áhaldahús Vopnafjarðarhrepps er staðsett við Búðaröxl en þar er einnig að finna gámastæði fyrir sorpflokkun. Birgðatankur fyrir vatn er á lóð áhaldahúss. Stöðugildi áhaldahússins eru $3\frac{1}{2}$ en starfsmönnum fjölgar talsvert yfir sumartímann. Vinnuskólinn (sumarvinna unglings) heyrir undir áhaldahús. Starfsemi áhaldahússins var flutt í staðra húsnæði við Búðaröxl en í hluta þess er slökkvilið Vopnafjarðar einnig staðsett.

Rekstur slökkviliðsins var um árabil í samvinnu við nágrannasveitarfélögin Pórshafnar-, Svalbarðs- og Skeggjastaðahrepp en nú er slökkvilið eingöngu fyrir Vopnafjarðarhrepp. Slökkviliðsstjóri er Björn H. Sigurbjörnsson og er hann eini fasti starfsmaður liðsins. Í slökkviliðinu eru 14 manns á Vopnafirði.

3.3.3.10 Bókasafn

Bókasafn Vopnafjarðar er samsteypusafn, þ.e. skóla- og almenningssafn er á einum stað í húsnæði Vopnafjarðarskóla að Lónabraut 12. Sameinað safn bætir til muna það úrvall sem nemendur og starfsfólk skólans hafa aðgang að.

Að vetrarlagi er safnið opið á skólatíma fyrir nemendur og starfsfólk skólans en er opið fyrir almenning á mánudögum kl. 16 - 18, þriðjudaga – fimmtudaga kl. 14 - 18 og á föstudögum kl. 14 - 16. Í júní – ágúst er safnið opið þriðjudaga – fimmtudaga kl. 14 - 17. Alls er rúmlega eitt stöðugildi hjá bókasafninu. Forstöðumaður, Inga Lára Ásgeirs dóttir, er bókasafnsfræðingur í hálfi stöðu. Margrét Gunnarsdóttir er bókavörður í 60% stöðu.

Auk þess að lána út bækur, tímarit og myndbönd veitir safnið upplýsingabjónustu og útvegar efni með millisafnalánum ef með þarf. Safnið lánar út eigin hljóðbækur auk þess sem það útvegar hljóðbækur frá Blindrabókasafni Íslands. Einu sinni í viku er farið með bókakassa í Sundabúð, dvalarheimili aldraðra. Eftir þörfum eru lánaðar bækur í þau skip sem gerð eru út frá Vopnafirði. Í samvinnu við leikskólann Brekkubæ eru sögustundir fyrir 2 - 5 ára börn. Að jafnaði koma þrír hópar einu sinni í mánuði til að hlusta á sögu og ljóðalestur.

Á safninu eru tvær tölvur, önnur fyrir starfsfólk til útlána og skráningar á gögnum og hin fyrir almenning sem getur farið á Veraldarvefinn gegn vægu gjaldi. Þráðlaust net er fyrir þá sem koma með eigin fartölvur.

Aðstaða er til að lesa tímarit og sæti við lesborð eru 10 – 12. Í barnadeild er stór hornsófi þar sem margir geta setið saman og lesið.

Í byrjun árs 2005 voru alls skráðar rúmlega 12.500 bækur, tæplega 180 myndbönd, snaeldur eru rúmlega 120 og tímaritshefti eru liðlega 2.000 eða ca. 50 titlar. Í geymslu er ýmislegt gamalt efni, bækur og tímarit, sem á eftir að skrá.

3.3.3.11 Sundlaug og íþróttamiðstöð

Sundlaug Vopnafjarðarhrepps er í Selárdal 3,5 km frá þjóðveginum en 12 frá Vopnafjarðarkauptíni. Laugin stendur á bakka Selár þar sem hún rennur í grunnu gljúfri. Leitun er að jafnfallegrí staðsetningu fyrir sundlaug enda laugin rómuð fyrir umhverfi sitt. Öll aðstaða er góð en laugin sjálf er ekki stór. Þar eru heitir pottar og góð sólbaðsaðstaða sem kemur sér vel því að skjólsælt er í gljúfrinu og staðsetningin því tilvalin fyrir sóldýrkendur.



Mynd 23. Sundlaugin í Selárdal.

Jóhann Ísberg.

Heita vatnið kemur upp úr heitri laug við sundlaugina en á seinni árum hefur verið reynt að auka vatnsmagnið með borun nokkrum sinnum með fremur litlum árangri. Laugin var byggð sumarið 1949 af félagsmönnum í Einherja, ungmennafélagi Vopnafjarðar, að mestu í sjálfboðavinnu. Sundlaugin var síðan vígð sumarið 1950. Endurbætur hafa verið gerðar á lauginni og er hún nú í ágætu ástandi. Fram undir 1975

var sundkennslu þannig háttað að börn dvöldu hálfan mánuð í vist í húsum laugarinnar og mun oft hafa verið glatt á hjalla á þessum sundnámskeiðum.

Sumartími, 1 júlí - 1 september: Sundlaugarvörður er á staðnum frá kl. 10.00 - 22.00. Laugin er opin yfir vetrartímann en ekki er vörður á staðnum.

Íþróttahúsið sem tengt er við grunnskólann var tekið í notkun 1988 og er öll aðstaða til íþróttaiðkunar til fyrirmynadar. Í húsinu er einnig aðstaða til líkamsræktar.

3.3.4 Miðsvæði

Á miðsvæðinu er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi ásamt stjórnsýslustofnunum sem þjóna á íbúum sveitarfélagsins. Einnig er gert ráð fyrir verslunum, skrifstofum, heilbrigðisþjónustu, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum og hreinlegum iðnaði.

Stuðlað verður á skipulagstímanum að markvissri uppbyggingu miðsvæðisins með þéttingu byggðar og uppbyggingu þjónustu þar, svo aðgengi íbúana sé sem best.

Öll fyrirsjáanleg aukning í verslun og þjónustu getur átt sér stað á og við núverandi miðsvæði. Með bættum umhverfisfrágangi á þessu svæði má skapa heilsteyptan og aðgengilegan verslunar- og þjónustukjarna.

3.3.5 Verslunar- og þjónustusvæði

Mikilvægt er að þetta núverandi verslunarsvæði og nýta þær auðu lóðir sem eru fyrir en öll aukning í verslun og þjónustu getur átt sér stað á og við núverandi verslunarsvæði. Aðgengi íbúa Vopnafjarðar að verslun og þjónustu er frekar góð og með bættum aðalstígum mun aðgengið batna til muna.

Í tillögunni eru þrjú minni verslunar- og þjónustusvæði:

- Afgreiðsla N1 v/Kolbeins götu.
- Afgreiðsla Íslandspósts og Landsbankans v/Kolbeins götu.
- Þjónustureitur v/Hafnarbyggð sem nýst gæti undir greiðasölu o.þ.h. starfsemi.

3.3.6 Athafnasvæði

Í núverandi tillögu að landnotkun á athafnasvæðum er lögð áhersla á atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun s. s. léttum iðnaði, hreinlegum verkstæðum o.þ.h.

Gert er ráð fyrir umtalsverðu svæði undir athafnastarfsemi ofan byggðarinnar en á svæðinu er nú þegar starfsemi undir steypustöð, starfsemi Vegagerðarinnar, RARIK, tré- og byggingariðnaði o.fl. Einnig er gert ráð fyrir athafnasvæði til síðari nota ofan hafnarsvæðis og við Innri-garð.

Þá er reitur við Hafnarbyggð skilgreindur sem athafnasvæði, en er bygging íbúðahúsa leyfð í tengslum við athafnastarfsemi þá sem er á svæðinu. Þá er einnig eitt íbúðahús þegar innan þessa reits.

3.3.7 Iðnaðarsvæði

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum iðnaðarsvæðum í skipulaginu öðru en svæðum undir spenni- og veitustöð, endurvarpsstöð og neysluvatnstanka. Skv. skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. skal hafa skólpdælu- og hreinsistöðvar á iðnaðarsvæði, sbr. gr. 4.7.1 um skilgreiningu iðnaðarsvæða.

3.3.8 Hafnarsvæði

Sjávarútvegur er og mun áfram skapa grunn fyrir búsetu á Vopnafirði. Í kjölfar kaupa HB Granda hf. á Tanga hf. eru líkur á áframhaldandi uppbyggingu á fyrirtäkinu. Í tillögunni er gert ráð fyrir umtalsverðri uppfyllingu viðlegukants frá Löndunarbryggjunni að Ásgarði. Jafnframt er ráðgert í framtíðinni að fylla upp frá Löndunarbryggju og inn að Kaupfélagsbryggju. Uppfylling þessi býður upp á gott landrými fyrir lóðir fyrir hafnsækna starfsemi svo sem fiskimjölsverksmiðju, frystigeymslu, netaverkstæði o.fl. Einnig er gert ráð fyrir talsverðri uppfyllingu á milli smábátabryggju og Innri-garðs sem nýst gæti sem framtíðarsvæði til áframhaldandi uppbyggingar á hafnarstarfseminni. Áætluð stærð þeirrar landfyllingar er 2,8 ha. Stærð fyllingar við Ásgarðsbryggju er 0,9 ha og fylling sem þarf vegna fyrirhugaðar veggtingar er áætluð 0,3 ha. Allar þessar landfyllingar eru ekki umhverfismatsskyldar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Með tilkomu og byggingar brimvarnargarða á milli Mið- og Skipshólma og byggingar Innri-garðs breyttust allar hafnaraðstæður til mikilla muna og ættu vel flest skip að geta lagst að bryggju þegar dýpkun og byggingu viðlegukanta er lokið.

- 1 Um miðjan nóvember 1997 lauk byggingu skjólgarðs við nýja smábátablöfn, grjótvörn á fláa innan hafnar og viðgerð á tjóni sem varð á innri brimvarnargarði 1995. Í framhaldi af því var samið um kaup og uppsetningu á flotbryggju.
- 2 Í júní 1989 var unnið að byggingu 370 m langa brimvarnargarðs, Innrigarðs og lauk verkinu í október sama ár. 1992 var boðin út smíði vogarhúss við hafnarvog.
- 3 Í mars 2000 lauk byggingu 80 m langar stálþilsbryggju, löndunarbryggju framan við fiskimjölsverksmiðju HB Granda hf. ásamt fylling að bryggjunni.
- 4 2001 voru innsiglingarleiðir innan Skipahólma dýpkaðar og viðgerð gerð á stálþili sem skemmt hafði í sjógangi. 2003 var brimvarnargarður byggður.
- 5 2004 lauk dýpkun við vesturenda Löndunarbryggju, einnig var tengibraut lögð á milli Miðbryggju og Lýsisbryggju og Lýsisbryggja var rifin.
- 6 2006 var byrjað á lengingu Löndunarbryggju.

Eftirfarandi hafnarframkvæmdir eru á fjárlögum samgönguáætlunar 2007 – 2010 í Vopnafirði:

Frumáætlun Siglingastofnunar um heildarkostnað í millj. við framkvæmdir, virðisaukaskattur meðtalinn. Í aftasta dálki er þátttökuhlutfall ríkissjóðs. Verðlag er áætlað meðalverðlag ársins 2007.

Vopnafjörður	2007	2008	2009	2010	
Miðbryggja – Löndundarbryggja stálþil, rekstur, fylling og kantbiti (153 m) - verklok	40,0				60%
Miðbryggja – Löndunarbryggja stálþil, lagnir og þekja (4.160 m ²)		72,0			60%
Dýpkun rennu og innan hafnar í -9,5m (20.000 m ³)	57,6	58,6			75%
Ásgarður, endurnýja staura í trébryggju og steypukant á stálþili				17,0	40%

Tafla 20. Framkvæmdir á hafnarsvæði 2007-2010.

Heimild: Siglingastofnun.

Í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001 var samþykkt á 22. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) í nóvember 2001 að gera sérstakt áatak er varðar fyrirbyggjandi ráðstafanir til að hindra ógnanir og hryðjuverk í siglingum. Nýtt frumvarp var lagt fyrir Alþingi um siglingavernd sem tekur mið af svokölluðum ISPS kóða. Uppbygging hafnarinnar mun taka mið af lögum og reglugerðum þessum.

Í frumvarpinu um siglingavernd segir m.a.:

„ISPS-kóðinn byggist á kerfisbundinni greiningu og mati á ógnunum eða váatvikum, afleiðingum slíkra atburða, fyrirmælum um hvernig bregðast eigi við þeim og hvernig koma megi í veg fyrir þá. Umfang og eðli nauðsynlegra verndaráðstafana fer eftir áhættunni sem viðkomandi hafnarstarfsemi er talin standa frammi fyrir. Þetta þýðir að í höfn, þar sem áhætta er metin lítil á hvers kyns voðaatburðum, þarf ekki að viðhafa eins víðtækar verndaráðstafanir og í höfn þar sem áhættan er metin mikil.

ISPS-kóðinn gildir um:

1. eftirfarandi skipagerðir sem stunda siglingar á alþjóðasiglingaleiðum:

1. farþegaskip, þar á meðal háhraðafarþegaför;
2. flutningaskip, þar á meðal háhraðaflutningaför 500 BT eða stærri; og
3. færnanlega borpalla; og
2. hafnaraðstöðu sem þjónar skipum sem stunda siglingar á alþjóðasiglingaleiðum.

3.3.9 Efnistökusvæði – Efnislosun

Sjá kafla 3.2.10.

3.3.10 Sorpförgunarsvæði

Allt heimilissorp og óvirkur úrgangur s.s. húsbrot o.fl. er urðað ofan þéttbýlisins á svæði sem afmarkað er á uppdrætti við núverandi athafnasvæði.

Gámastöð er starfrækt við áhaldahús þar sem tekið er á móti sorpi til flokkunar. Móttaka fyrir spilliefni er í áhaldahúsi bæjarins. Gert er ráð fyrir að Vopnfirðingar verði þáttakendur í sorpsamlagi með nágrannasveitarfélögum. Öll sorpförgun verði þannig með viðurkenndum hætti og verklagi og á því svæði sem samlagið mun starfrækja.

Hugmyndir eru einnig uppi um sorpbrennslu á Vopnafirði í nálægð við þéttbýlið þar sem sorp frá nágrannasveitarfélögnum yrði keyrt og brennt í stöðinni og orkan notuð til þess að hita upp vatn.

Hollstuvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, veitti Vopnafjarðarhreppi starfsleyfi til að meðhöndla neyslu- og rekstrarúrgang, allt að 500 tonnum á ári, til 5. september 2012. Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

3.3.11 Svæði fyrir frístundabyggð

Á skipulagstímanum er gert ráð fyrir tveimur svæðum undir frístundabyggð í þéttbýlinu:

1. Við Merkistún er mjög áhugavert svæði fyrir frístundabyggð m.t.t. náttúrufegurðar. Svæðið sem er um 45.000 m² að stærð hefur verið afmarkað með tilliti til aðliggjandi umhverfisþátta. Staðsetning svæðisins er í góðum tengslum við þéttbýlið en þó fjarri skarkala byggingarinnar þar sem töluverður hæðarmunur er á landinu.

Samkvæmt byggingarreglugerð skulu sumarbústaðalóðir að jafnaði ekki vera minni en 2500 m². Gert er ráð fyrir að lóðir á svæðinu verði frekar stórar og fjöldi sumarhúsa orðið allt að 18-20 hús. Gert er ráð fyrir að aðalgönguleið að frístundarbyggðinni munu liggja samhliða tengivegi en einnig er gert ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni og að gömlu höfninni.



Mynd 24. Horft niður á Merkistún.

Teikn á lofti.

2. Sunnan byggðarinnar er gert ráð fyrir svæði undir frístundabyggð. Svæðið er um 9.500 m² að stærð og fjöldi sumarhúsa gæti orðið 4-5 hús. Svæðið býður upp á mikla náttúrufegurð en gott útsýni er frá þessum stað yfir fjörðinn og til Krossavíkurfjalla.



Mynd 25. Frístundabyggð við Merkistún.

Teikn á lofti.

Við deiliskipulagsgerð frístundabyggðanna skal tekið mið að því að raska ekki viðkvæmum svæðum og að þéttleiki byggðar taki m.a. mið af náttúru og landslagi viðkomandi svæðis. Mikilvægt er að tryggt sé að frístundabyggðin raski ekki

jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Sjá einnig kafla 3.2.5.

3.3.12 Opin svæði til sérstakra nota

Með afmörkun opinna svæða til sérstakra nota er tekið mið af notagildi fyrir íbúana, gæðum frá náttúrunnar hendi og bættum umhverfis- og veðurskilyrðum. Opnu svæðin mynda samhangandi svæði ofan byggðar og gefa þannig möguleika á góðu umhverfis- og útivistarskipulagi. Þannig tengjast hinir mismunandi hlutar byggðarinnar saman með opnum „grænum“ svæðum og gönguleiðum. Jafnframt því að gera þéttbýlið hlýlegra og auka útivistarmöguleika hefur þetta veruleg jákvæð áhrif á veðurfar er svæðin gróa upp með trjám og runnum.

Meirihluti Kolbeinstanga er skilgreindur sem *opið svæði til sérstakra nota* í tillögunni þar sem um mjög áhugavert útivistarsvæði er að ræða. Þó er gert ráð fyrir svæði við Leiðarhöfn sem skilgreint er sem *landbúnaðarsvæði* þar sem í dag er stundaður landbúnaður á jörðinni. Sjá einnig kafla 3.2.2.

3.3.12.1 Íþróttasvæði

Ofan byggðarinnar er íþróttasvæði, malarvöllur ásamt grasvallaraðstöðu til knattspyrnuiðkunar. Á svæðinu er gert ráð fyrir að framtíðaríþróttasvæði byggist upp á tímabilinu.

Við grunnskólann var byggður sparkvöllur með gervigrasi, 18 x 33 metrar, en sí framkvæmd var styrkt af KSÍ.

3.3.12.2 Skógrækt

Toluverð skógrækt hefur átt sér stað í þéttbýlinu og þá aðallega ofan byggðarinnar á vestanverðum Kolbeinstanga. Skógræktarfélagið hefur plantað út plöntum á svæði, sem skilgreint er sem „opið svæði til sérstakra nota“ í tillögunni, eða í námunda við vatnstank. Stefnt er að halda áfram á sömu braut og planta trjágróðri markvisst í samvinnu við skógræktarfélög og Austurlandsskóga af skynsemi og á náttúrulegum forsendum:

Við útplöntun skal þess gætt að skógræktin spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í myrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða og að a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.

Samkvæmt 10. gr reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Auk þessa er í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar

til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) það eitt skilgreindra markmiða að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Einnig er samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

3.3.12.3 Ferðamannapjónusta

Gert er ráð fyrir því að ferðamönnum til Íslands fjölgi mikið á næstu árum. Ekki síst í ljósi þess er markmiðið sett á það að ferðapjónusta verði einn af hornsteinum atvinnulífs á Vopnafirði. Þá er lögð áhersla á að gönguleiðir verði stikaðar og kortlagðar. Uppbygging á starfsemi Hótels Tanga stendur nú yfir og hefur aðstaða fyrir ferðafolk batnað til muna með tilkomu nýrrar gistaðstöðu fyrir fjölskyldur. Boðið er upp á bændagistingu í Syðri-Vík og Refsstað.

3.3.12.4 Hestamennska - reiðleiðir

Nokkuð er um frístundahestamennsku í sveitarféluginu og er lítið hesthúsahverfi í Vesturárdal. Gert er ráð fyrir átaki í merkingum og lagfæringum reiðleiða á skipulagstímabilinu.

3.3.12.5 Tjaldstæði

Tjaldstæði Vopnafjarðarkauptúns stendur í miðjum bænum ofarlega í brekkunni. Tjaldstæðið er mjög snoturt með frábæru útsýni yfir bæinn og fjörðinn. Á tjaldstæðinu er hreinlætis- og salernisaðstaða og góð grillaðstaða. Staðsetning tjaldstæðisins í miðjum bænum þýðir að stutt er í alla þjónustu og þægilegt göngufæri um allan bæinn. Tjaldstæðið var gert um 1985 og er sett upp í nokkrum stöllum eða svæðum með bílastæði í miðjunni. Það rúmar milli 20-30 tjöld. Talsverð umferð hefur verið á tjaldstæðinu undanfarin ár og er þar helst um að ræða fjölskyldufólk en einnig er mikið um erlenda ferðamenn.

Önnur tjaldstæði í Vopnafjarðarhreppi eru í Syðri-Vík og Refsstað þar sem rekin er ferðapjónusta.

3.3.12.6 Golf

Golfvöllur er staðsettur sunnan þéttbýlisins en þar er 9 holu völlur.

3.3.12.7 Útvistarstígar og gönguleiðir

Göngufólk getur víða fundið áhugaverðar gönguleiðir um fjölbreytt landslag með iðandi fuglalífi. Nokkrar þeirra eru merktar, bæði langar og stuttar, þannig að flestir ættu að finna eithvað við sitt hæfi. Má þar nefna Fuglabjargarnes, Drangsnes við Gljúfursá, Pverárgil og leiðir á Hellisheiði og Kollumúla. Í bæjarlandinu á Kolbeinstanga eru merktir göngustígar sem henta vel fyrir alla aldurshópa.

Útvistarkort var gefið út vorið 2004 og þar er að finna bæði gönguleiðir og reiðleiðir á svæðinu.

3.3.13 Óbyggð svæði

Leitast verði við að gera óbyggðu svæðin s.s. við Miðhólma og Skipshólma að opnu svæði til almennrar útiveru fyrir íbúana þar sem ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð. Sjá einnig kafla 3.2.3

3.3.14 Vötn, ár og sjór

Við deiliskipulagningu svæða verði gert ráð fyrir belti meðfram ám, vötnum og sjó, allt að 100 m breiðu, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útvist.

Í skipulagsreglugerð 400/1998 segir í kafla 4.15 m.a.:

„Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“

Strandlengja Vopnafjarðar einkennist af sérstæðum og fallegum klettamyndunum. Drangar og hólmar eru víða úti fyrir ströndinni og við suðurströnd fjarðarins er fjölbreytnin hvað mest. Við Vindfell eru hamrar í sjó fram með fallegu stuðlabergi en einnig finnast þar plöntusteingervingar og surtarbrandur sem var nýttur til eldsneytis á síðustu öld. Sjá einnig kafla 3.2.6

3.3.15 Samgöngur

Nú sækja Vopnfirðingar og Bakkfirðingar ýmsa óopinbera þjónustu jöfnum höndum til Akureyrar og Mið-Austurlands og þó jafnvel heldur meira til Akureyrar, ekki síst á veturna. Enda má segja að þegar valið stendur á milli þess að fara 233 km leið til Akureyrar, um Mývatnsöræfi, eða 135 km leið til Egilsstaða sé ekki óeðlilegt að Akureyri verði fyrir valinu. Þar er þjónustan fjölbreyttari en á Egilsstöðum og innan við 100 km mismunur á þessum löngu leiðum. Með opnum vegarins um Háreksstaði hefur vegurinn á Mið-Austurlandið batnað mikið.

3.3.15.1 Gatnakerfi í þéttbýli

Lengd gatnakerfisins á Vopnafirði er í dag u. þ. b. 8,5 km. Gangstéttar og stígar eru víða en ekki alls staðar. Mikið hefur þó áunnist á síðustu árum.

Leitast er við að aðgreina íbúðarsvæði betur frá athafnasvæðum og auka umferðaröryggi með því að draga úr umferð atvinnutækja í gegnum íbúðabyggð og leiða þungaumferð meðfram hafnarsvæði. Ljúka þarf frágangi gatna með klæðningu og gangstéttum.

Helstu framkvæmdir á skipulagstímanum eru þær að lagt er til í tillögunni að ný stofnbraut verði lögð í gegnum þéttbýlið í stað tengingar frá Kolbeinsgötu og upp Hamrahlíð en mikill hliðarhalli og bratti er á þeirri leið. Einnig er gert ráð fyrir veltengingu að norðan að hringtorgi við enda Hafnarbyggðar.

3.3.15.2 Gönguleiðir og útvistarstígur

Nauðsynlegt er að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem best því vegalengdir innan þéttbýlisins eru tiltölulega stuttar. Koma þarf í veg fyrir hraðaakstur á Hafnarbyggð t.d. með hraðahindrunum.

Í skipulagstillögunni er gert ráð fyrir gönguleiðum sem tengir öll helstu hverfi þéttbýlisins saman og útvistarsvæðin. Sjá nánar kafla 3.3.12.7

3.3.15.3 Flugsamgöngur

Vopnafjarðarflugvöllur tilheyrir umdæmi Flugmálastjórnar nr. IV. og er umdæmis-skrifstofa staðsett á Egilsstaðaflugvelli.

Óreglubundið flug hefur verið til Vopnafjarðar með einhverjum hætti frá 1954. Í upphafi frá Reykjavík á vegum Björns Pálssonar, en um 1960 hófst áætlunarflug frá Akureyri, fyrst flugfélag á vegum Tryggva Helgasonar, er síðar varð Flugfélag Norðurlands, og frá 1997 Flugfélag Íslands.

Frá Egilsstöðum hófst, á vegum Björns Pálssonar, flug sem haldið var úti að sumarlagi (frá 1960 til 1968). Frá 1970 flaug Austurflug og frá 1972 Flugfélag Austurlands til 1997 er félagið hætti starfsemi.

Daglegar flugferðir voru frá Akureyri og/eða Egilsstöðum frá árinu 1988, en hefur fækkað síðan, er nú flogið virka daga vikunnar.

Land fékkst fyrir flugbraut 1953 og fyrstu framkvæmdir voru, í litlum mæli, 1954 og hafa staðið með mislöngum hléum síðan, en nú er flugbrautin lögð bundnu slitlagi. Flugbrautin var búin föstum ljósum um 1974.

Fyrsta farþegaskýlið var sett upp 1954, en núverandi flugstöð er líklega 4. byggingin. Fyrsti starfsmaður flugmálastjórnar var ráðinn 1960.



Mynd 26. Vopnafjarðarflugvöllur.

Flugmálastofnun.

Batnandi vegasamgöngur og stytting ferðatíma á landi á undanförnum árum hefur dregið verulega úr þörf á því að halda uppi áætlunarflugi til eins margra staða og áður. Nú er einungis flogið til 12 flugvalla í áætlunarflugi innanlands í stað rúmlega 30 í lok áttunda áratugarins.

Þrátt fyrir þetta hefur fjöldi farþega aukist og þar með álagið á þá flugvelli sem nú er flogið til. Afkastageta flugvallanna stendur flugi ekki fyrir þrifum, þó svo að í sumum tilfellum vanti eithvað á að ýtrastu kröfur séu uppfylltar varðandi þægindi fyrir farþega.

Egilstaðaflugvöllur verður aðgengilegri fyrir Vopnfirðinga og Bakkfirðinga ef ráðist yrði í jarðgangagerð til Fljótsdalhéraðs.

Flogið er frá Vopnafirði til Akureyrar fimm daga vikunnar og þaðan með tengiflugi til Reykjavíkur.

3.3.16 Veitur

3.3.16.1 Vatnsveita

Birgðatankur fyrir vatn er á lóð áhaldahúss við Búðaröxl.

Á aðalskipulagsuppdrætti er vatnsverndarsvæði vatnsbólanna skilgreint og afmarkað. Sjá einnig kafla 3.2.8.1.


3.3.16.2 Hitaveita

Engin hitaveita er í Vopnafirði. Sveitarfélagið er á jarðfræðilega skilgreindu „köldu svæði”.

3.3.16.3 Rafmagn

Vararafstöð er í þéttbýlinu, staðsett nálægt HB Granda hf. Spennistöðvar eru staðsettar á nokkrum stöðum í þéttbýlinu. Sjá kafla 3.2.8.3.

3.3.16.4 Póstur, sími, fjarskipti



Mynd 27. Yfirlitskort um legu símlínunnar frá Hróarstungu um Vopnafjörð að Grímsstöðum.

Sjá kafla 3.2.8.4.

3.3.16.5 Skólp og fráveita

Gerð er krafa um að allt frárennsli frá hýbýlum sé tengt fráveitu, annaðhvort fráveitukerfi á vegum sveitarfélags, rotþróarkerfi á vegum húsráðanda eða sambærilegum búnaði sem samþykktur er af viðkomandi heilbrigðiseftirliti. Rotþró er einfaldur búnaður til að grófhreinsa skólpíð áður en það fer í siturlögn. Siturlögn er nauðsynleg til að ljúka hreinsunarferlinu þar sem í skólpvatni úr rotþró eru milljónir örvera sem geta verið skaðlegar heilsu manna og dýra. Kröfur um rotþrær og siturlagnir er að finna í byggingarreglugerð nr. 441/1998, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, samþykktum sveitarfélaga og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins.

Almennt er talið að hver íbúi láti að jafnaði frá sér 235 lítra af hússkólpi á hverjum sólarhring. Skólpmyndun verður að mestu til við almenna neysluvatnsnotkun á heitu og köldu vatni.

Matvælavinnsla er að jafnaði sú starfsemi hér á landi sem notar einna mest vatn. Þessi starfsemi er einnig sú sem mengar einna mest. Á Vopnafirði eru atkvæðamestu fyrirtækin, HB Grandi hf. sem stundar saltfiskverkun og ferskfiskflökun ásamt frystingu á uppsjávartegundum og reksturs fiskmjölsverksmiðju; Mjólkurfélag Vopnfirðinga sem vinnur neyslumjólk, smjör og mossarellaost og Sláturfélag Vopnfirðinga sem slátrar sauðfé og stórgripum frá sveitunum í kringum Vopnafjörð.

„Á Vopnafirði búa um 740 manns, þar af um 560 í þorpinu á Kolbeinstanga. Byggðin er nokkuð dreifð meðfram sjávarsíðunni og teygir sig einnig upp í landið. Kerfið er blandkerfi. Mjög fá hús eru tengd rotþróm í þéttbýlinu. Ástand holræsakerfisins er talið vera í samræmi við aldur þess og það sem víða þekkist hér á landi. Vitað er af leka í kerfinu og einnig er vatni úr nokkrum lindum veitt inn í það. Á svæðinu er mjög öflug matvælavinnsla. Ber þar helst að nefna fiskvinnslu, sláturhús og mjólkursamlag. Flest fyrirtækin eru staðsett á og við hafnarsvæðið, nærri Kolaportinu. Ofan við byggðina er

fóðurgerð fyrir loðdýrabú. Í öllum tilfellum er um að ræða nokkuð vatnsfreka og mengandi starfsemi.

Samkvæmt raunmælingum og áætlunum má ætla að þessi starfsemi mengi að jafnaði á við um 11 þúsund persónueiningar (reiknað út frá BOD5) miðað við vinnsluafköst árið 1998 og 1999. Á álagstínum má gera ráð fyrir að fjöldi persónueininga fari í 21 þúsund einingar. Til samanburðar má nefna að frá íbúum og þjónustu á Vopnafirði koma um 1100 persónueiningar.

Samkvæmt athugunum ráðgjafa má ætla að þáttur húsaskólps í heildarfrárennsli sé um 3-7 l/sek. Lekarennslí um 10-20 l/sek og iðnaðarskólp telur um 12-25 l/sek eftir á lagi. Alls má gera ráð fyrir meðal þurrviðrisrennsli að degi til um 25 l/sek. Á álagstínum getur það náð um 35 l/sek. Mælst er til þess, að mest mengandi fyrirtæki setji upp viðunandi hreinsibúnað sem byggir á síun og/eða loftfleytingu. Þetta er til þess að minnka álag á viðtakanda, en ekki síst holræsakerfið og hreinsistöðina.


Í skýrslunni er minnst á einn valkost: Ein hreinsistöð á vegum sveitarfélagsins við Kolaport og ein aðalútrás. Húsaskólp frá nokkrum hlutasvæðum verður tekið með dælingum inn í sniðræsið. Í valkostinum er miðað við að aðalútrás sé úr 500 mm HDPE og sé um 460 m að lengd. Útrásarendi liggur á um 15 m dýpi. Léttiútrás frá stöðinni verður um 180 m löng. Endi hennar liggur á um 8 m dýpi. Framkvæmdarkostnaður við valkostinn reiknast vera um 118 milljónir króna. Það samsvarar um 155 þús. kr. á hvern íbúa; kostnaður pr. íbúa í þéttbýlinu er rúmar 155 þús. Kr. en í dreifbýlinu um 151 þús. kr. Rekstrarkostnaður áælast verða um 3,25 milljónir kr. á ári. Fjárfestingarkostnaður er hárr á hvern íbúa.

Þetta er ekkert óeðlilegt í ljósi lengdar ræsa og þeirrar staðreyndar að frárennsli frá matvælavinnslunni vegur þungt í heildinni. Stærsti einstaki kostnaðarliðurinn er dælu- og hreinsistöð um 24 milljónir kr. (20,3%), en kostnaður við fráveitu í dreifbýli um 21 milljónir kr. slagar hátt upp í hann. Aðalútrás og léttiútrás kosta til samans um það bil 16,9 milljónir kr. (14,3%) og ræsagerð í þéttbýlinu samtals 29,6 milljónir kr. (25,1%). ”

Heimild: Verkfræðistofa Austurlands ehf., Línuhönnun, Forathugun á fráveitumálum á Vopnafirði, Desember 2001

”Með vísan til 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp kemur fram að „Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna.”

Þessu verður framfylgt samhliða framkvæmd á úrbótum fráveitu í þéttbýli.



Mynd 28. Yfirlitskort um fráveituáætlun í þéttbýlinu.

Verkfraðistofa Austurlands.

Sveitarfélagið hyggst hafa forgöngu í átaki til úrbóta á fráveitu í dreifbýli og standa fyrir kaupum og uppsetningu rotþróa og siturlagna þar sem óskað er eftir. Einnig mun Vopnafjarðarhreppur standa fyrir því að þjónusta um reglubundna losun þeirra sé í boði. Gerð verður tímasett áætlun um fráveitumál í sveitarfélagini í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

3.3.17 Svæði undir náttúruvá

Ekki eru nein þekkt svæði undir náttúruvá í Vopnafirði og ekki háir fjallgarðar ofan byggðarinnar sem skerða öryggi hennar s.s. vegna snjóflóða. Sveitarfélagið er ekki á þekktu jarðskjálftasvæði.

3.3.18 Þjóðminjaverndarsvæði

Vernda skal og bæta þær byggingar sem taldar eru hafa byggingarlistrænt eða menningarsögulegt gildi. Varðveislugildi bygginga frá fyrri hluta og miðbiki þessarar aldar skal gefa aukinn gaum við afgreiðslu erinda um breytingar á byggðinni. Tryggt verði að hvert tímabil byggingarsögunnar eigi sér fulltrúa í þorpsmyndinni.

Það er markmið sveitarfélagsins að stuðla að verndun merkra fornleifa og forðast að hrófla við minjum eftir því sem frekast er kostur. Stuðla skal að rannsóknum og

kynningu og að gera menningarsögulega arfinn sem best aðgengilegan íbúum og ferðalöngum.

Samkvæmt húsaskrá Húsþriðunarnefndar eru þrjú mannvirki skilgreint sem þjóðminjar í sveitarféluginu, þ.e. :

- 1 **Bustarfell.** Torfhús reist um miðja 19. öld en eru eldri að stofni til. Friðaður 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
- 2 **Hofskirkja.** Timburhús reist 1901. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.
- 3 **Vopnafjarðarkirkja.** Timburhús reist 1903. Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989.

Ekki er um aðrar þekktar þjóðmirjar að ræða innan sveitarfélagsins.



Mynd 29. Kaupvangur.

Jón Sigurðsson.

Þann 14. júní 2004 var undirritaður samningur um svæðisskráning fornleifa í Vopnafjarðarhreppi og mun Guðnýju Zoëga frá Byggðasafni Skagfirðinga annast skráninguna. Vinnu við hana lauk í maí 2005 og skýrslan ber heitið „*Fornleifaskráning Vopnafjarðar – Svæðisskráning*“ og er fjöldi fornleifa sem skráðar hafa verið upp úr heimildum 1348 á 54 jörðum.

Flestir eru minjarnar í landi Hofs, eða 81 að tölu en fæstar í landi Hellisfjörubakka, einungis ein. Í skýrslunni segir svo; „Almennt má segj að minjarnar á hinu skráða svæði seu dæmigerðar fyrir austfirksar sveitir og sjávarbyggðir við miðbik og lok 19. Aldar.

Þar er um að ræða hefðbundnar búsetuminjar auk ummerkja um útgerð og sjósókn en einnig má finna þar minjar frá elstu tíð byggðar í landinu.“ Svæðisskráningin er eingöngu byggð á heimildum en ekki vettvangsvinnu.

Allar fornleifar 100 ára eða eldri eru sjálfkrafa friðaðar en minjastaðir sem þykja hafa einstakt menningarsögulegt gildi geta verið friðlýstir sérstaklega. Slíkum minjastöðum fylgir þinglýst kvöð á landeigendur um að þeim beri að tryggja varðveislu minjanna til framtíðar.

Friðlýstar fornleifar eru á þremur stöðum í Vopnafirði;

- Á Hofi; Friðlýstar eru hoftóftir ofan bæjar, Skollahringur svokallaður og tvær fornar girðingar í túni auk forns bæjarstæðis við Sunnudalsá, friðlýst 1930 og 1931.
- Í Krossavík; leifar fornbýlisins Krumsholts, friðlýst 1931.
- Í Sunnudal; leifar Sunnudalsþings, friðlýst 1931.

3.3.19 Vatnsverndarsvæði vatnsbóla

Ofan bæjanna Svínabakka og Hrísa í Svínabakkafjalli eru brunn-, grann-, og fjarsvæði sem eru á vatnsverndarsvæði. Einnig eru eldri vatnsverndarsvæði sem notuð eru til vara í landi Torfastaða, nærrí landamerkjum Torfastaða og Ljótsstaða en þar eru tvær borholur. Sjá nánar kafla 3.2.14

3.3.20 Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Stefnt er að verndun vatnsgæða strndlengjunnar á þremur stöðum í sveitarféluginu á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, þegar nánari flokkun og úrvinnsla þar að lútandi hefur farið fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Svæðin sem um ræðir eru;

- botn Vopnafjarðar
- ósar Nýpslóna
- ós Selár


Í reglugerðinni segir m.a.:

„8.1 Til þess að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og til þess að vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn í samræmi við 9. og 10. gr. og með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Heilbrigðisnefndir skulu skilgreina langtímmamarkmið fyrir vatn og miða þau við flokka A og B, sbr. 9. gr.

Flokkun vatns skal vera sem hér segir:

Flokkur - Ástand	-	Litamerking
Flokkur A	Ósnortið vatn	Blátt
Flokkur B	Lítið snortið vatn	Grænt
Flokkur C	Nokkuð snortið vatn	Gult
Flokkur D	Verulega snortið vatn	Appelsínugult
Flokkur E	Ófullnægjandi vatn	Rautt ”

Gerð verður tímasett áætlun um langtímmamarkmið fyrir vatn í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands þar sem tekið verði til athugunar hvort stefnt skuli að því að vatnsgæði strandsjávar verði í flokki A eða B, til lengri tíma litið.



Mynd 30. Strandsvæði í botni Vopnafjarðar.

Teikn á lofti.

Strandsvæði í botni Vopnafjarðar sem uppfyllir umhverfismörk fyrir útivistarsvæði sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

4 HEIMILDASKRÁ

- 1 Aðalskipulag Vopnafjarðar 1980 – 2000.
- 2 Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2005). *Fornleifaskráning Vopnafjarðar – Svæðisskráning*. Byggðasafn Skagfirðinga – Rannsóknarskýrslur. Sauðárkrókur
- 3 Byggðastofnun (2005). *Ýmsar undirsíður*. Sótt 2005-2007.
www.byggdastofnun.is
- 4 Byggingarreglugerð nr. 441/1998.
- 5 Ferðavefur Austurlands (2008). Sótt 15.febrúar 2008. www.east.is
- 6 Flugmálastjórn (2007). *Ýmsar undirsíður*. Sótt 2006-2007. www.caa.is
- 7 Fornleifavernd ríkisins (2007). *Ýmsar undirsíður*. Sótt september 2007.
www.fornleifavernd.is
- 8 Gunnar Bjarnason, Hersir Gíslason, Hafdís Eygló Jónsdóttir (2004).
Langtímaáætlun um námufrágang 2004 – 2018. Rannsóknadeild Vegagerðarinnar, Reykjavík.
- 9 Grétar Þór Eyþórsson, Hjalti Jóhannesson, Guðmundur Guðmundsson og Einar Ólafsson (2001). *Áhrif samgöngubóta á byggðaþróun*. Byggðastofnun, Sauðárkróki.
- 10 Grunnskóli Vopnafjarðar (2006). *Sögupunktar*. Sótt september 2006.
www.vopnaskoli.is
- 11 Hagstofa Íslands (2006). *Mannfjöldaupplýsingar*. Sótt 2006-2007. www.hagstofan.is
- 12 Hreinn Haraldsson, Eymundur Runólfsson, Gísli Eiríksson, Helgi Hallgrímsson og Jón Rögnvaldsson (2000). *Jarðgangaáætlun - unnin fyrir Samgönguráðuneytið*. Vegagerðin, Reykjavík.
- 13 Heilbrigðisstofnun Austurlands (2006). *Ýmsar undirsíður*. Sótt 2005-2006.
www.hsa.is
- 14 Hjörleifur Guttormsson (1987). *Norð-Austurland- hálandi og eyðibyggðir*. Árbók 1987. Ferðafélag Íslands, Reykjavík.
- 15 Lög um mat á umhverfisáhrifum 2000 nr. 106 25. maí
- 16 Póst- og símafréttir. Póst- og símamálastofnunin. Október 1991.
- 17 Reglugerð um fráveitir og skólp nr. 798/1999.
- 18 Samband íslenskra sveitafélaga. *Árbækur sveitarfélaganna 2001-2005*. Hag- og upplýsingasvið Sambands ísl. Sveitafélaga. Gutenberg, Reykjavík.
- 19 Samgönguráðuneytið (2001). *Samgönguáætlun 2003-2014*. Tillaga stýrihóps. Svansprent, Reykjavík.
- 20 Sigurður Vigfússon (1990). *Rannsókn í Austfirðingafjórðungi*. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893. Ísafoldarprents miðja, Reykjavík.
- 21 Skipulagsreglugerð nr. 400/1998.
- 22 Umhverfisstofnun (2006). *Ýmsar undirsíður*. Sótt 2006-2008. www.ust.is

- 23 Veðurstofa Íslands (2007). *Veðurathuganir*. Sótt 2006-2007. www.vedur.is
- 24 Verkfræðistofa Austurlands ehf. og Línuhönnun hf. (2001) *Forathugun á fráveitumálum á Vopnafirði*. Egilsstöðum.
- 25 Vopnafjarðarhreppur (2007). *Ýmsar undirsíður*. Sótt maí 2007. www.vopnafjardarhreppur.is
- 26 Vopnafjarðarhreppur og Samorka (2006). *Vatnsveita Vopnafjarðarhrepps. Innra eftirlit fyrir vatnsveitur*.
- 27 VSÓ Ráðgjöf (2004). *Norðausturvegur, samanburður leiða 1,2 og 3*. Vegagerðin, Reykjavík.
- 28 Þorleifur Einarsson (1991). *Myndun og mótun lands*. Mál og menning, Reykjavík.
- 29 Próunarstofa Austurlands (2000). *Áhrif jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs á byggðaþróun*. Egilsstöðum.
- 30 Próunarstofa Austurlands (2001). *Vopnfirðingar virkja. Stefna í atvinnumálum Vopnafjarðarhrepps 2001 -2006*. Egilsstöðum.

5 TÖFLUSKRÁ

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 - Greinargerð

Tafla 2. Heildarúrkoma á ári: 1999-2006.	Heimild: Veðurstofan.....	30
Tafla 3. Meðalhitastig árið 2006 í hverjum mánuði.	Heimild: Veðurstofan.....	31
Tafla 4. Meðalúrkoma árið 2006 í hverjum mánuði.	Heimild: Veðurstofan.	31
Tafla 5. Skjaldþingstaðir, tíðni vindátta 1994-2003, allir mánuðir.	Heimild: Veðurstofan.	32
Tafla 6. Skjaldþingstaðir, tíðni vindátta 1994-2003, vetrarmán. okt-mars.	Heimild: Veðurstofan.....	33
Tafla 7. Skjaldþingstaðir, tíðni vindátta 1994-2003, sumarmán. apríl-sept.	Heimild: Veðurstofan.....	34
Tafla 8. Þróun íbúafjölda frá 1997-2006.	Heimild: Hagstofan.....	37
Tafla 9. Þróun fólksfjölda frá 1997-2006.	Heimild: Hagstofan.	37
Tafla 10. Búferlaflutningar frá 2000-mars 2007.	Heimild: Hagstofan.	38
Tafla 11. Búferlaflutningar eftir kyni frá 2000-mars 2007.	Heimild: Hagstofan.....	38
Tafla 12. Aldursskiptingu karla og kvenna, 1. desember 2006.	Heimild: Hagstofan. 40	
Tafla 13. Aldursskipting miðað við landið allt 2006.	Heimild: Hagstofan.....	40
Tafla 14. Samtölur úr fasteignaskrá 2004.	Fasteignamat ríkisins.	42
Tafla 15. Fjöldi starfandi eftir aðalstarfi 1998-2003.	Heimild: Byggðastofnun.....	45
Tafla 16. Áhrifavæði jarðganga milli Vopnafjarðar og Héraðs 1999.	Heimild Árbók sveitarfélaga.....	49
Tafla 17. Göng milli Vopnafjarðar og Héraðs, stytting nokkurra vegalengda miðað við Háreksstaðaleið.	Heimild: Byggðastofnun.	64
Tafla 18. Efnistöku- efnislosunarstaðir í Vopnafjarðarhreppi		66
Tafla 19. Langtímaáætlun Vegagerðarinnar á frágangi efnisnáma í sveitarféluginu.		
Heimild: Vegagerðin.....		68

6 MYNDASKRÁ

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006 – 2026 - Greinargerð

<i>Mynd 2. Glitský á Vopnafirði.</i>	<i>Jón Sigurðsson.</i>	21
<i>Mynd 3. Miðnætursól á Vopnafirði.</i>	<i>Jón Sigurðsson.</i>	24
<i>Mynd 4 . Grásleppuvertíð</i>	<i>Jón Sigurðsson.</i>	42
<i>Mynd 5. Hellisheiði - Héraðsmegin.</i>	<i>Jóna B. Júlíusdóttir.</i>	53
<i>Mynd 6. Uppdráttur af gildandi skipulagi frá árinu 1980.....</i>		54
<i>Mynd 7. Sveitarfélagsmörk Vopnafjarðarhrepps.</i>	<i>RALA.</i>	61
<i>Mynd 8. Fyrirhugað deiliskipulagssvæði við Þorbrandsstaði.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	63
<i>Mynd 9. Laxveiðimenn í Selá.</i>	<i>Helgi Þorsteinsson.</i>	64
<i>Mynd 10. Tillögur Vegagerðarinnar.</i>	<i>Vegagerðin.</i>	66
<i>Mynd 11. Jarðgöng um Böðvarsdal Heimild: Vegagerðin.....</i>		69
<i>Mynd 12. Svæði á náttúruminjaskrá í sveitarfélaginiu.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	69
<i>Mynd 13. Bustarfell.</i>	<i>Sigursteinn Baldursson.</i>	70
<i>Mynd 14. Strandverndarsvæði í botni Vopnafjarðar-Krossvíkurfljöll.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	72
<i>Mynd 15. Fyrirhuguð ný íbúðarsvæði í þéttbýli.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	75
<i>Mynd 16. Vopnafjarðarskóli</i>	<i>Jóhann Ísberg.</i>	76
<i>Mynd 17. Heilsugæslan á Vopnafirði</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	77
<i>Mynd 18. Leikskólinn Brekkubær.</i>	<i>Jóhann Ísberg.</i>	78
<i>Mynd 19. Félagsheimilið Miðgarður.</i>	<i>Jóhann Ísberg.</i>	79
<i>Mynd 20. Hofskirkja í Vopnafirði.</i>	<i>Hannes Björnsson.</i>	80
<i>Mynd 21. Kirkjugarður í þéttbýlinu.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	85
<i>Mynd 22. Vopnafjarðarkirkja og safnaðarheimili.</i>	<i>Ólafur B. Valgeirsson.</i>	81
<i>Mynd 23. Sundlaugin í Selárdal.</i>	<i>Jóhann Ísberg.</i>	83
<i>Mynd 24. Horft niður á Merkistún.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	88
<i>Mynd 25. Frístundabyggð við Merkistún.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	88
<i>Mynd 26. Vopnafjarðarflugvöllur.</i>	<i>Flugmálastofnun.</i>	93
<i>Mynd 27. Yfirlitskort um legu símlínunnar frá Hróarstungu um Vopnafjörð að Grímsstöðum.</i>		94
<i>Mynd 28. Yfirlitskort um fráveituáætlun í þéttbýlinu.</i>	<i>Verkfræðistofa Austurlands.</i>	96
<i>Mynd 29. Kaupvangur.</i>	<i>Jón Sigurðsson.</i>	97
<i>Mynd 30. Strandsvæði í botni Vopnafjarðar.</i>	<i>Teikn á lofti.</i>	100

7 UMSAGNIR OG ATHUGASEMDIR



Pórshöfn 24.5.2007

Á hreppsnefndarfundi Þann 24.maí 2007

Var eftirfarandi bókað:

“Að forgenginni umfjöllun Umhverfis-, skipulags-og byggingarnefndar, varðandi fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, gerir hreppsnefnd Langanesbyggðar engar athugasemdir varðandi skipulagið”

Virðingarf. Fh. Langanesbyggðar

Björn Guðmundur Björnsson
Fulltrúi sveitarstjóra

Kirkjugarðaráð



Teikn á lofti ehf
Teiknistofa Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri

Reykjavík 23.april 2007

Efni: Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Undirritaður hefur fyrir hönd Kirkjugarðaráðs kynnt sér þá þætti i aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er varðar kirkjugarðinn í Vopnafirði og á Hofi og umhverfi þeirra. Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við aðalskipulagið, enda dugar það landsvæði sem afmarkað er undir kirkjugarð út skipulagstimann.

Kirkjugarðaráð telur almennt rétt að benda á, að ef skipulag hefur í för með sér breytingar á umhverfi og/eða aðkomu að kirkjugarði, er nauðsynlegt að samráð sé haft við viðkomandi sóknarfnd/ kirkjugarðsstjórn. Hefur sveitarfélagið talsverðum skyldum að gegna varðandi kirkjugarða samanber lög um kirkjugarða, greftrun og likbrennslu nr.36 frá 4.mai 1993.

Virðingarfyllst,
f.h. Kirkjugarðaráðs


Guðmundur Þófinn Sigurðsson
framkvæmdastjóri



Teikn á lofti ehf.
Halldór Jóhannsson
Skipagata 12
600 Akureyri

Kópavogi, 09.05.2007
Tilv. 315.2
KH

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 - 2026

Visað er í bréf frá Teikn á lofti dags. 28.03.2006 ásamt meðfylgjandi drögum að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, tillaga að þéttbýlisupprætti dags. 23. febrúar 2007 og greinargerð frá mars 2007.


Eftirfarandi athugasemdir/ ábendingar komu fram við yfirferð:

Við gerð landfyllinga, sem gert er ráð fyrir í skipulagstillögu, þarf að huga vel að legu og gerð fláa á jaðri uppfyllinganna með tilliti til frákasts öldu sem berst inn á hafnarsvæðið.

Bent er á að fjögurra ára samgönguáætlun er endurskoðuð á tveggja ára fresti. Samgönguáætlun 2003 - 2006 sem visað er til á blaðsíðu 80 í greinargerð er fallin úr gildi. Þeim framkvæmdum sem þar eru talðar upp er ýmist lokið eða hafa verið teknar til endurskoðunar. Núgildandi áætlun var samþykkt á Alþingi 17. mars síðastliðinn og nær yfir timabilið 2007 - 2010.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við skipulagstillöguna af hálfu Siglingastofnunar

Virðingarfyllst
F.h Siglingastofnunar Íslands


Kristján Helgason

HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands
s. 474 1235, fax. 471 2971, netfang: haust@haust.is



26. maí 2007

Teikn á lofti
Skipagata 12
602 Akureyri

Umsögn um greinargerð – Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Undirrituð hefur kynnt sér fram lagða skýrslu. Hér að neðan eru ábendingar og tillögur sem byggðar eru á verksviði heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) skv. hinum ýmsu lögum og reglugerðum sem HES ber að vinna eftir.

Almenn ábending er um að allan texta þarf að lesa vel m.t.t. breytinga sem orðið hafa frá því að hann var skrifður. Þannig er t.d. ekki lengur starfrækt mjólkurstöð í Vopnafirði, en orðalag er misvisandi varðandi þetta og nokkur önnur atriði.

Vatnsvernd.

Í skipulagsgönum þarf að mati undirritaðrar að gera skýran greinarmun á vatnsvernd eftir því hvers konar vatn og í hvaða tilgangi skal vernda það. Neysluvatn og vatnsverndarsvæði vegna neysluvatnstöku, flokkun vatna m.t.t. hreinleika og síðan flokkun stranda m.t.t. hreinleika eru ólikir þættir sem þarf að taka á hverjum fyrir sig.

Neysluvatn og vernd neysluvatns

Í reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og í reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns með breytingu nr. 533/2001 er fjallað um vernd neysluvatns og vatnsverndarsvæði, sbr. texti í kafla 3.2.12 í greinargerðinni.

Í greinargerðinni og uppdráttum með henni er fjallað um vatnsverndarsvæði, en að mati HAUST ekki á fullnægjandi hátt. Í bréfi frá HAUST til sveitarstjórnar dags. 4.4.2006 segir eftirfarandi, þar sem fjallað er um innra eftirlit vatnsveitu Vopnafjarðar: "Í kafla 1.6. kemur fram að verið er að leggja lokahönd á skilgreiningu vatnsverndarsvæðis. HAUST væntir þess að gögn þar að lútandi verði send þegar þau liggja fyrir." Gögn þessi hafa enn ekki verið send HAUST og ekki eru í greinargerðinni vísbindigar um að lokahöndin hafi verið lögð á verkið.

Af hálfu HAUST er krafa um að í aðalskipulagi verði sýnt á uppdrætti hvar verndarsvæði vatnsbóla, liggja, þ.e. brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Á sveitarfélagsuppdættinum eru eingöngu teiknuð inn tvö grannsvæði, annað fyrir varavatnsbólið milli Torfastaða og Ljótsstaða en hitt ofan við Svínabakka. Merki

1

fyrir brunn- og fjarsvæði eru í skýringalistu, en brunn- og fjarsvæði eru ekki sýnd á skipulagsupprættinum. Það er krafa af hálfu HAUST að lokið verði við skilgreiningu á fjarsvæðum og þau skilgreind á aðalskipulagskorti sem og í gögnum um innra eftirlit vatnsveitunnar, sbr. tilvisun í bréf hér að ofan.

Framtíðar- eða varavatnsbóli

Í neysluvatnsreglugerð er eftifarandi ákvæði: "Vernd ónýttira vatnsbóla. Heilbrigðisnefnd og vatnsveitum er heimilt að gera tillögur til viðkomandi sveitarstjórnar að reglum til verndar ónýttum vatnsbólum."

Vakin er athygli á þessu ákvæði með það í huga að hugsanlega er ástæða til að taka frá vatnsgæf svæði og vernda þau gegn framkvæmdum og mannlegum athöfnum til að tryggja aðgang að nægu og góðu neysluvatni í framtíðinni. Ef atvinnuhættir breytast eða íbúum fylgar gæti þórf fyrir neysluvatn aukist og því gott að sveitarfélagi sé viðbúið.

Verndun vatns og umhverfi þess

Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br. er fjallað um vernd vatns gegn mannlegum athöfnum. Skilgreiningar í reglugerðinni eru þannig:

3.17 *Vatn er grunnvatn og yfirborðsvatn.*

3.22 *Yfirborðsvatn er kyrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjör.*

Af lestri greinargerðarinnar sýnist ljóst að áform eru um að skilgreina strandlengjuna í flokka A eða B, en skv. reglugerðinni skal í aðalskipulagi setja langtíðamarkmið um flokkun vatna og í deiliskipulagi skal síðan gera skýringarupprætti sem sýna ástand vatns skv. flokkuninni.

8.2 Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsupprætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtíðamarkmið, sbr. 1. mgr. Við deiliskipulagsgerð skal gera skýringarupprætti sem sýnir ástand vatns, sbr. 9. gr.

Heilbrigðisfulltrúar hafa vakið athygli forsvarsmana sveitarfélaga á þessu atriði á fundum enda hefði átt að vera búið að ljúka þessu verki skv. ákvæðum sömu reglugerðar, sbr.:

Ákvæði til bráðabirgða.

Flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, skal vera lokið innan 4 ára frá gildistóku reglugerðarinnar.

Reglugerðin tók gildi í október 1999 þannig að flokkun vatns hefði átt að vera lokið 2004.

Ánægjilegt er að sjá í greinargerðinni áform um skilgreiningu á strandlengjunnar í botni Vopnafjarðar, en greinilegt er að skv. ákvæðum reglugerða ber að ganga mun lengra í flokkun vatna.

Ábending: Í kafla 3.2.8.1 um vatnsveitu gætu ókunnugir haldið að "eldra vatnsbólið" sem talað er m í landi Torfastað væri annað en "gómlu borholurnar á eyrum Vesturdalsár". Hvatt er til að textinn verði einfaldaður.

Flokkun sjávar sem viðtaka fráveitu.

Í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp segir eftirfarandi:

20.3 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Hollustuverndar rikisins. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna.

Ef áform eru um að flokka hluta af strandlengjunni í verndarflokk A eða B þykir rétt að hvetja til að í aðalskipulagi verði einnig tekið á þessu mál, enda hefur slik flokkun ekki farið fram.

Einnig þykir ástæða til að hvetja til þess að hafnarsvæðið verði skilgreint m.t.t. útrása fyrir skólp, enda er ekki heimilt að losa skólp í hafnir.

Fráveitumál

Athygli vekur að í kafla 3.2.8 um veitur er ekki fjallað um fráveitur nema með afar óljósu orðalagi "Séð verður til þess að mengun af fráveitum verði ein lítill og kostur er of verði innan viðmiðunarmaka mengunarreglugerðar". Eftir því sem undirrituð best veit hefur ekki farið fram átak í að rotþróavæða fráveitur til sveita og tryggja að siturlagnir séu frá rotþróum. Ekki hefur heldur verið sett samþykkt um fráveitumál fyrir dreifbýlið t.d. í þeim tilgangi að tryggja að rotþrær séu tærmdar reglulega og af aðilum sem hafa til starfsleyfi og hentugan tæknibúnað.

Eindregið er hvatt til skýrari stefnumörkunar í þessum málauflokk i gerð aðalskipulags og því fagnað að skv. kafla 3.3.16.5 séu áform um að gera tímasett áætlun um fráveitumál í sveitarfélagini. Þó verður að benda á að í raun eru allir frestir til úrbóta skv. fráveitureglugerð nr. 798/1999 löngu út runnir, þannig að áform um áætlanagerð á skipulagstíma sem nær til 2026 virðist ekki metnaðarfullt.

Sorpmál

Gamlir urðunarstaðir

Eindregið er hvatt til að á skipulagsuppráttum verið sýndir allir þekktir urðunarstaðir, hvort sem er fyrir virkan úrgang, óvirkan, riðufé eða sláturgryfjur. Það er reynsla HAUSTR að gamlir urðunarstaðir hindra landnotkun ekki síður en neysluvatnsból og einnig hafa þegar komið upp tilvik á Austurlandi, þar sem byggingarlandi hefur verið úthlutað og við gróft hefur komið upp úrgangur, sem ekki var vitað um fyrir. Til að forðast slikar uppákomur ætti að leita til elstu manna og safna upplýsingum sem að mati undirritaðrar eru best geymdar í formlegu skipulagi sveitarfélaganna.

Sorpmóferðaráætlun

Vopnafjarðarhreppur tók þátt í samvinnu um gerð Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Austurlandi 2005-2020 sem unnin var af Environice og skilað í April 2006. Hvatt er til að þessi skýrsla verði notuð sem grunnur að aðalskipulagsvinnu í málauflokknum.

Sorpförgunarsvæði á bakka Nýpslóns

Athygli skal vakin á að þótt starfsleyfi fyrir sorpförgunarstaðinn við Nýpslón gildi til 2012 þá verða breytingar árið 2009 skv. lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 sbr. "Þeir urðunarstaðir sem eru í rekstri við gildistöku laga þessara skulu uppfylla kröfur laganna fyrir 16. júlí 2009, ella skal þeim lokað." Því er ljóst að hraða verður vinnu við að finna nýjan urðunarstað eða sorpbrennslu skv. þeim hugmyndum sem fram koma í greinargerðinni.

Annað ekki i bili.

Virðingarfyllst,



Afrit sent sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps

Teikn á lofti ehf
Fanney S Ingadóttir
Skipagata 12
602 Akureyri



Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
ingasoley@fornleifavernd.is

Egilsstaðir 28. júní 2007
Tilvísun: Fvr 2007040032/ISK

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006 -2026

Með bréfi, dagsett 21. júni 2006, óskaði Fanney S. Ingadóttir, Teikn á lofti ehf, eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um ofangreint skipulag. Meðfylgjandi var greinargerð skipulagsins.

Í kafla 1.2.6 Menning og Náttúruminjar, bls. 12. er setningin; “*Verndun byggir á þrenns konar grunni: Bæjarvernd (hverfisvernd), sem byggir á nýju ákvæði í skipulags- og byggingarlögum, friðun eða friðlýsingu samkvæmt náttúruverndarlögum og friðlýsingu samkvæmt þjóðminjalögum.*” Samkvæmt Þjóðminjalögum 107/2001 9. gr. eru allar minjar eldri en 100 ára friðaðar. Friðlýstar minjar eru svo minjar sem eru taldar hafa sérstakt varðveislugildi og gilda strangari reglur um meðferð þeirra. Réttari væri því að hafa orðalagið; *friðun eða friðlýsingu samkvæmt Þjóðminjalögum.*

Í kafla 3.2.13, bls. 67 er fjallað um Þjóðminjaverndarsvæði. Sérstaklega er fjallað um Hof sem er gamall kirkjustaður og höfuðból, Bustarfell sem er torfbær i umsjá Þjóðminjasafns Íslands og

Krumsholt þar sem eru friðlýstar minjar. Þar eru þá einnig taldar upp friðlýstar minjar í Vopnafjarðarhreppi. Fornleifavernd ríkisins fagnar þeim áformum að gera ofantöld svæði að Þjóðminjavertndarsvæði, þá sérstaklega Hof þar sem er að finna flestar friðlýstar minjar hreppsins. Vert er að taka fram að umhverfis friðlýstar fornleifar gildir 20 m friðhelgi.

Í kafla 3.3.12.2 er fjallað um skógrækt. Þar segir; “Við útplöntun skal þess gætt að skógræktin spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum”. Trjágróður getur verulega raskað fornleifum og telur Fornleifavernd ríkisins því ofangreinda setningu til fyrirmynadar.

Í kafla 3.3.18, bls. 92 er sagt að gerður hafi verið samningur um svæðisskráningu fyrir hreppinn. Skráðar hafa verið upp úr heimildum 1348 fornleifar á 54 jörðum. Þá er enn fremur sagt; “*Par sem ekki hefur tekist að ljúka fornleifaskráningu fyrir auglýsingu skipulagstillögunnar er hér með sett ákvæði þess efnis að við gerð deiliskipulags og áður en framkvæmdir hefjast á framkvæmdasvæðum, skuli fara fram fornleifaskráning sbr. 11. gr. Þjóðminjalaga.*” Þar sem ekki hefur tekist að ljúka fornleifaskráningu er gerð krafa um áætlun fornleifaskráningar. Þeirri kröfu telst hér fullnægt. Þó er lögð áheyrsla á að fornleifaskráningu fyrir þéttbýlisstaði verði lokið sem fyrst.

Skylt er að merkja friðlýstar fornleifar inn á alla skipulagsuppdrætti. Merki friðlýstra fornleifa er rúna-r með kassa utanum.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Inga Sóley Kristjönudóttir
Minjavörður Austurlands



Teikn á lofti ehf
Fanney Sigrún Ingadóttir
Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland
21 Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland
Tel (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 11. júlí 2007
Tilvisun: UST20070400090/sf

Tillaga að aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026

Visað er til erindis Teikna á lofti, sem dagsett er 28. mars sl. og barst Umhverfisstofnun þann 17. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Umhverfisstofnun telur að skipulagstillagan sé að mörgu leyti vel unnin en vill koma eftirfarandi athugasemdum og áberdingum á framsæri.

Samráð

Í greinargerð með aðalskipulagstillöggunni segir m.a.:

„Samráð verður haft við Umhverfisstofnun við gerð skipulagsáætlana á náttúruverndarsvæðum, sbr. gr. 4.9 í skipulagsreglugerð og ákvæði laga um náttúruvernd, mengunarvarnir og reglugerðar um vatn og fráveitir nr. 796/1999 og 798/1999.“
Umhverfisstofnun vekur athygli á að heiti framangreindra reglugerða er ekki rétt í greinargerðinni. Visa ætti til reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Reglugerðirnar hafa stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Náttúruminjar

Í greinargerð með aðalskipulaginu er visað til þess að meðal landsvæða sem eru á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar sem „aðrar náttúruminjar“ eru Nýps- og Skógarlón og umhverfi. Í upptalningu þar á eftir eru síðan talin upp þau þrjú svæði innan sveitarfélagsins sem eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að orðalag greinargerðarinnar geti valdið misskilningi þar sem um er að ræða þrjú aðskilin svæði en ekki eingöngu Nýps- og Skógarlón og umhverfi þeirra.

Í greinargerð með aðalskipulagstillöggunni segir m.a.:

„Skv. 37. og 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar áður en ráðið er í framkvæmdir sem spilt geta svæðum á náttúruminjaskrá og svæða sem innihalda hugsanlegar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta



sérstakrar verndar."

Þrátt fyrir að ekki séu friðlýst svæði innan skipulagssvæðisins telur Umhverfisstofnun rétt að fram komi í greinargerð að leyfi stofnunarinnar þurfi til framkvæmda þar sem hætta er á að spilla verði friðlýstum náttúruminjum. Þá telur stofnunin rétt að tilgreint verði hvaða jarðmyndanir og vistkerfi falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í greinargerð með aðalskipulagstíllögumni er ekki sérstök umfjöllun um þær jarðmyndanir og vistkerfi innan sveitarfélagsins sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd. Ef ekki liggur fyrir úttekt á þeim jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. fyrrgreindra laga verður að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að slikum jarðmyndunum og vistkerfum verði raskað, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna og umsögn skv. 33. gr. laga um náttúruvernd liggi fyrir.

Hverfisvernd

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er í skipulagsáætlunum hægt að skilgreina svæði sem njóta eiga hverfisverndar. Um hverfisverndarsvæði gilda sérstök ákvæði í skipulagsáætlunum sem sveitarstjórnir hafa sett og kveða á um verndun sérkenna eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, s.s. einstakra bygginga, mannvirkja eða húsaþyrringa, náttúruminja eða trjágróðurs sem æskilegt er talið að vernda vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um lögformlega friðun sé að ræða.

Í tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026 eru engin svæði skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Umhverfisstofnun hvetur til þess að skoðað verði hvort ekki sé ástæða til að skilgreina einhver svæði innan sveitarfélagsins sem hverfisverndarsvæði. Í því sambandi má benda á að svæði geti haft svæðisbundið verndargildi þrátt fyrir að þau séu ekki á náttúruminjaskrá og eins getu jarðmyndanir eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd verið skilgreind sem hverfisverndarsvæði. Slik verndun væri í samræmi við það meginmarkmið Vopnafjarðarhrepps að vernda menningar- og náttúruminjar og sérkenni sveitarfélagsins, sbr. umfjöllun í kafla 1.2.6 í greinargerð með aðalskipulagstíllögumni.

Skógrækt

Í umfjöllun um landbúnað í greinargerð með aðalskipulagstíllögumni kemur fram að lagt er til að hafinn verði undirbúningur að þáttöku í Austurlandsskógaverkefni. Einnig kemur fram að tölverð skógrækt hafi átt sér stað í þéttbýlinu. Stefnt er að því að halda áfram á sömu braut og áður og planta trjágróðri markvisst í samvinnu við skógræktarfélög og Austurlandsskóga af skynsemi og á náttúrulegum forsendum.

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum um aðalskipulagstíllögur bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.14.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði séu sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu. Þannig fæst yfirsýn yfir stöðu skógræktar í sveitarfélagini.

Í umfjöllun um skógrækt í kafla 3.3.12.2 eru tilgreind ákveðin ariði sem gæta skal að við útplöntun. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að þar komi einnig fram að skv. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og



vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Auk þessa bendir Umhverfisstofnun á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Síalfsær þróun í íslensku samfélagi*) er það eitt skilgreindra markmiða að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi frarakvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir floka yfirborðsvatn og grunnvatn, í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og skulu á skipulagsupprætti aðalskipulags koma fram langtíma markmið. Í greinargerð með tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðar kemur fram að gerði verði tímasett áætlun um langtíma markmið fyrir vatn í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns átti flokkun vatns í samræmi við 8. gr., sbr. 9. og 10. gr. reglugerðarinnar, að vera lokið innan 4 ára frá gildistöku reglugerðarinnar, þ.e. fyrir 1. nóvember 2003. Flokkun vatns skv. ákvæðum reglugerðarinnar setti því nú þegar að vera lokið í öllum sveitarfélögum. Hafi slik flokkun þó ekki farið fram telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að í aðalskipulagi séu sett fram tímasett markmið varðandi það hvernig ákvæði reglugerðarinnar um flokkun vatns verði uppfyllt.

Samkvæmt aðalskipulaginu er stefnt að verndun vatnsgæða straðlengjunnar í botni Vopnafjarðar á skipulagstímabilinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp. Þá segir undir mynd 29 í greinargerðinni: „Strandsvæði í botni Vopnafjarðar sem uppfyllir umhverfismörk fyrir útvistarvæði sbr. fylgiskjal 2 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveit og skólp.”

Umhverfisstofnun telur að skýrar mætti koma fram í greinargerðinni hvert sé ástand strandlengjunnar nú í dag og í hverju langtíma markmið um verndun strandlengjunnar felast, þ.e. hvort hún uppfylli nú þegar ákvæði fyrgreindra reglugerða og að markmið verndunar felist í því að viðhalda þeim gæðum eða hvort fyrirsjáanlegt er að gripa þurfi til einhverra aðgerða.

Efnistaka

Í umfjöllun um efnistöku í greinargerð með aðalskipulaginu eru taldir upp nokkrar námur sem nú þegar eru í notkun (sjá bls. 63 í greinargerð). Umhverfisstofnun telur mikilvægt að mörkuð sé skýr stefna í efnistökumálum við gerð aðalskipulags. Að mati stofnunarinnar er gerð heildaráætlunar um núverandi og fyrirhuguð námuðsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 400/1998, mikilvægur hluti af aðalskipulagsgerð. Í aðalskipulagi skal gera grein fyrir staðsetningu og stærð efnistökusvæða og fjalla um efnistöku í semræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig þarf að marka á sem nákvæmastan hátt fyrir útlínum efnistökusvæða á skipulagsupprætti. Með hliðsjón af framansögdum telur Umhverfisstofnun brýnt að í aðalskipulaginu verði mörkuð stefna um það hvar taka eigi efni í sveitarfélagini á skipulagstímabilinu og hvaða námvum eigi að ganga frá.

Umhverfisstofnun telur að fyrir þær efnisnámur sem sýndar eru á aðalskipulagsupprætti og



taldar eru upp í greinargerð eigi að koma fram upplýsingar um staðið efnistökusvæða og áætlað magn efnis.

Umhverfisstofnun vekur athygli á nýju ákvæði í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. ákvæði IV til bráðabirgða. Samkvæmt því er eftir 1. júlí 2008 efnistaka sem ákveðin atriði eiga við um óheimil nema að fengni framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 á þeim svæðum þar sem efnistaka í landi og af eða úr hafsbottini innan netlaga var hafin fyrir 1. júlí 1999. Ákvæðið hefur það jafnframt í för með sér að ákveðnar námur geta verið háðar mati á umhverfisáhrifum eða verið tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð með aðalskipulaginu eigi að koma fram hvort þetta ákvæði eigi við um einhverjan námur innan sveitarfélagsins. Þá skal eftir 1. júlí 2012 samkvæmt fyrrgreindu bráðabirgðaákvæði afla framkvæmdaleyfis fyrir allri efnistöku á svæðum þar sem efnistaka var hafin fyrir 1. júlí 1999 í samræmi við ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd.

Í greinargerð er fjallað um langtímaáætlun Vegagerðarinnar fyrir frágang eldri efnistökusvæða. Er þar m.a. visað til þess hver sé fjöldi náma sern skráður er í námukerfi Vegagerðarinnar, hve margar námur séu ófrágengnar og hvað Vegagerðin beri ábyrgð á mörgum nánum. Þá kemur fram að staðsettningu náma megi sjá í sveitarfélagsupprættinum. Þar sem eingöngu nokkrar námur sem eru í notkun eru sýndar á skipulagsupprættinum telur Umhverfisstofnun að sú setning eigi vart rétt á sér í þessu samhengi. Þá telur Umhverfisstofnun að í texta vanti tilvisun í töflu 19.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að leyfi Landbúnaðarstofnunar þarf fyrir efnistöku sem getur haft áhrif á lífriki í ám og vötnum. Þá veita heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, sbr. reglugerð nr. 785/1999, m.s.br., um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en það kemur ekki fram í greinargerð aðalskipulagsins.

Í greinargerð með aðalskipulagstillöggunni er umfjöllun um það hvenær efnistaka fellur undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vekur athygli á að sá texti er ekki í samræmi við ákvæði laganna, sbr. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá telur stofnunin rétt að gerður verði greinarmunur á matsskyldum og tilkynningarskyldum framkvæmdum, þ.e. hvort efnistaka fellur undir 1. eða 2. viðauka fyrrgreindra laga.

Íbúðarbyggð

Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýju íbúðarsvæði norðan við núverandi byggð á Kolbeinstanga. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við afmörkun svæðisins verði þess gætt að ekki verði raskað votlendissvæðum sem þar eru, sbr. greinargerð Náttúrustofu Austurlands, Gródurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal, sem unnin var í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvégars til Vopnafjarðar (sjá einnig teikningahefti með frummatsskýrslu). Mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njoتا sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og skal fóðast röskun þeirra eins og kostur er. Þá er í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) lögð áhersla á verndun votlendis og endurheimti þess.

Athafnasvæði

Samkvæmt skipulagstillöggunni er gert ráð fyrir athafnasvæði ofan við hafnarsvæðið og við Innri-Garð. Umhverfisstofnun telur æskilegt að athafnasvæði verði ekki skilgreint þannig að



það.nái alveg niður að ströndinni heldur verði skilið eftir land meðfram ströndinni sem verði hluti af opnu svæði til sérstakra nota á Kolbeinstanga. Hafa ber í huga að heilleg strönd er náttúruverðmæti og því æskilegt að halda ströndinni eins óraskaðri og hægt er og tryggja gott aðgengi almenning, ekki síst í nágrenni við þéttbýli.

Hafnarsvæði

Samkvæmt aðalskipulagstillögum eru gert ráð fyrir miklum landfyllingum á hafnarsvæðinu, sbr. bls. 79 í greinargerð. Samkvæmt kafla 1.2.11 falla landfyllingarnar undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð hvert umfang (stærð) laadfyllinganna er.

Samgöngur

Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir nýrri stofnbraut í gegnum þéttbýlið og einnig er gert ráð fyrir veggengingu að norðan að hringtorgi við enda Hafnarbyggðar. Umhverfisstofnun telur að staðsetning nýrrar veggengingar eigi að miðast við að votlendi norðan við byggðina verði ekki raskað, sbr. greinargerð Náttúrustofu Austurlands, *Gróðurfar, dýralíf og verndargildi á vegarstæðum í Hofsárdal og Vesturárdal*, sem unnin var í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvagnar til Vopnafjarðar (sjá cinnig teikningahefti með frummatsskýrslu).

Umhverfisstofnun telur að ekki cig að gera ráð fyrir nýrri vegtergingu um Hofsháls vegna mikillar röskunar á votlendi sem sú veggenging hefur í för með sér. Stofnunin vekur athygli á að samkvæmt aðalskipulaginu virðist ekki vera gert ráð fyrir vegi alla leið að útssýnisstað á Burstarfelli.

Úrgangur

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að sorphaugar séu vestan við þéttbýlið á Kolbeinstanga. Einig kemur fram að gert sé ráð fyrir að Vopnafjarðarhreppur fari í samstarf um sorpsamlag með nágrannasveitarfélögum um skipulagstímatílinu.

Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem byggist á markmiðum landsáætlunar og skal þar tiltekið með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná þeim markmiðum. Svæðisbundinni áætlanagerð átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð aðalskipulagsins hvernig þeirri vinnu fram vindur hjá sveitarfélagini.

Fráveita

Í kafla 3.3.16.5 er umfjöllun um skólp og fráveitu. Í þeim kafla nætti vísa til 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en samkvæmt henni skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun hefur í umsögnum sínum um aðalskipulagstillögur hvatt til þess að viðkomandi sveitarfélög setji sér tímasett markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu.

Hávaði

Í nóvember 2005 tók gildi reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlunar. Samkvæmt 4. gr. reglugerðarinnar skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í

UST

viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir vegi þar sem umferð er meiri en sex milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2007 og fyrir vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári eigi síðar en 30. júní 2012. Einnig skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði lokið eigi síðar en 30. júní 2012. Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að í aðalskipulagstillögnum verði fjallað um umferðartölur um helstu þjóðvegi í sveitarfélagini og birtar verði spá um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra. Að öðrum kosti er ekki hægt að meta hvort ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar geti átt við um vegi innan sveitarfélagsins á gildistíma skipulagsins. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að samkvæmt gr. 3.2. í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal við skipulagsgerð höfð hliðsjón af loftgæðarannsónum og hávaðamætingum framkvæmdum samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar og álíti „iðkomandi heilbrigðisnefndar og Hollustuverndar ríkisins [nú Umhverfisstofnun]. Samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 933/1999 um hávaða skulu skipulagsyfirlöld hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðamælinga og útreikninga við gerð svæðis-, aðal- og deiliskipulags.

Péttbýlisuppdráttur

Umhverfisstofnun vekur athygli á að á þéttbýlisupprátt virðist varita landbúnaðarsvæði í skýringar.

Umhverfismat áætlaná

Umhverfisstofnun vekur athygli á að um umhverfismat aðalskipulagsáætlunar gilda ákvæði laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlanu. Samkvæmt 5. gr. laganna skal sá sem ábyrgð ber á áætlanagerð vinna umhverfisskýrslu þar sem gerð er grein fyrir mati á áhrifum áætlunar á umhverfið.

Mat á umhverfisáhrifum / fyrirvari

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við þær framkvæmdir sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir og falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum. Þafnframt áskilur stofnunin sér rétt til frekari athugasemda við skipulagstillöguna við auglýsingu hennar.

Vitöingarfyllst
Sigrún Þórhakkelsdóttir
Sigurðrós Friðriksdóttir
fagstjóri


Helgi Jónasson
forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun.

HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands
s. 474 1235, fax. 471 2971, netfang: haust@haust.is



5. júní 2008

Teikn á Lofti
Halldór Jóhannsson
Skipagata 12
602 Akureyri

Umsögn um tillögu að aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, þ.e. afmörkun og skilgreiningu vatnsverndarsvæða sbr. erindi Teikna á lofti dags. 29.5.2008

Undirrituð hefur farið yfir aðsend gögn og teikningar sem fylgdu erindinu. Ennfremur var haft símsamband við skipulagshöfund og nýtt kort af aðalskipulagi barst með tölvupósti þann 6.6.2008. Það kort liggur til grunna eftifarandi umsagnar.

Frá því að umsögn var gefin 26.5.2007 um drög að aðalskipulag er nú búið að merkja inn á skipulagsupprátt brunn-, grann- og fjarsvæði fyrir vatnsbólin ofan Svínabakka og Hrís í Svínabakkafjalli sem og fyrir vatnsveituna í landi Torfastaða.

Með áorðnum breytingum er það mat HAUST að verndarsvæði fyrir vatnsveiturnar séu fullnægjandi og að með fram lögðum tillögum sé komið nægileg til móts við fyrri aths. HAUST um skilgreiningu vatnsverndarsvæða.

Varðandi gerð aksturs- og gönguleiðar upp í Svínabakkahlaup skal farið að ákvæðum reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 m.s.br. og samráð haft við HAUST ef vinna fer fram innan vatnsverndarsvæða. Vakin er athygli á að ekki verður heimilað að vegslóði liggi um brunnsvæði vatnsbóla nema aðeins til að þjóna vatnsbólum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir
frkvstj. HAUST

Afrit í tölvupósti
Halldór Jóhannsson, Teikn á Lofti
Magnús Magnússon og Þorsteinn Steinsson, Vopnafjarðarhreppur.

8 UPPDRÆTTIR A3